

SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1989
REYKJAVÍK 1990

Setning, prentun, bókband:
ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA HF.

EFNISYFIRLIT

I. Yfirlit yfir þróun efnahagsmála	5
II. Framleiðsla, tekjur, gengi og verðlag	13
III. Utanríkisviðskipti og greiðslujöfnuður	26
IV. Fjármál ríkissjóðs	38
V. Peningamál og innlendir lánamarkaður	49
VI. Erlend samskipti og lánamál	79
VII. Umsjá sjóða og ýmis starfsemi fyrir ríkissjóð	85
VIII. Ýmsir þættir í starfsemi bankans og lagabreytingar ..	91
IX. Annáll peninga- og gjaldeyrismála 1989	99
Tölur (sjá yfirlit á næstu síðu)	105
Efnahagur 31. desember 1989	130
Rekstrarreikningur árið 1989	132
Skýringar við ársreikning Seðlabankans 1989	134
Skýringar við ársreikning Ríkisábyrgðasjóðs 1989 ..	137
Efnahagsreikningur Ríkisábyrgðasjóðs 31. des. 1989 ..	138
Efnahagsreikningur Seðlabankans 1983–1989	140
Stjórn bankans og starfslið og fleira	142

TÖFLUYFIRLIT

1. tafla. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun	106
2. tafla. Framlag atvinnugreina til landsframleiðslunnar	107
3. tafla. Þjóðarauðurinn	107
4. tafla. Fjármunamyndun	108
5. tafla. Vísitölur verðlags	109
6. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd	110
7. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd – Ársfjórðungsyfirlit	111
8. tafla. Löng erlend lán	111
9. tafla. Staða þjóðarbúsins út á við	112
10. tafla. Gjaldeyrisstaða Seðlabankans og erlend staða innlánsstofn.	112
11. tafla. Skipting innflutnings eftir notkun	113
12. tafla. Útflutningur. Skipting á helstu vöruflokka	113
13. tafla. Viðskiptakjör	114
14. tafla. Vísitala meðalgengis erlendra gjaldmiðla	114
15. tafla. Verðmæti inn- og útflutnings eftir löndum	115
16. tafla. Yfirlit yfir fjármál ríkissjóðs	116
17. tafla. Skipting ríkistekna eftir tekjustofnum	116
18. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir málefnaflokkum	117
19. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir tegundum	117
20. tafla. Seðlar og mynt	117
21. tafla. Skipting seðla og myntar eftir stærð í árslok	118
22. tafla. Ávísanavelta	118
23. tafla. Úr peningamálum	119
24. tafla. Úr reikningum Seðlabankans	120
25. tafla. Innlán og útlán innlánsstofnana	121
26. tafla. Lánaflokkun innlánsstofnana	122
27. tafla. Samandregið efnahagsyfirlit fjárfestingarlánasjóða	122
28. tafla. Lánaflokkun fjárfestingarlánasjóða	123
29. tafla. Útlán einstakra fjárfestingarlánasjóða	123
30. tafla. Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða	124
31. tafla. Lánakerfið	124
32. tafla. Gengi erlendra gjaldmiðla skv. skráningu Seðlabanka Íslands	125
33. tafla. Helstu meðalnafnvextir hjá bönkum og sparisjóðum	126
34. tafla. Helstu vextir skv. A- og B-tilkynningum Seðlabankans	127
35. tafla. Helstu innstæðuvextir við Seðlabankann í % á ári	128
36. tafla. Helstu útlánsvextir við Seðlabankann í % á ári	128
37. tafla. Ríkisvixlar	128


SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

I. YFIRLIT YFIR ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA


Efnahagslægðin, sem hófst árið áður, dýpkaði mjög á árinu 1989. Samdráttur framleiðslu og tekna, í heild eða á mann og í heilum árum reiknað, varð 2-3-falt meiri en árið áður. Þjóðartekjur minnkuðu um 5,1% á móti 1,7% árið áður, en á hvern mann um 6,8% á móti 2,9%. Samdrátturinn átti upptök sín í afla og afurðaverðlagi og þar með útflutningstekjum, en hlaut að verða þeim mun meiri sem eyðslan hafði farið úr böndum og valdið halla, sem varð að jafna. Meginþungi aðlögunar þjóðarútgjalda að tveggja ára samdrætti ofan á fyrri viðskiptahalla kom fram á árinu 1989. Launahækkunir héldust enn allmiklar, en gengislækkun krónunnar og verðbólga til muna meiri, svo að raungengi lækkaði verulega og samkeppnisstaða atvinnuvega batnaði. Þrátt fyrir gagnstæð áform varð enn mikill halli á ríkissjóði. Mikill innlendur sparnaður, tengdur markaðshæfum raunvöxtum og stýringu lausafjárstöðu innlánsstofnana, bætti hallann upp, svo að viðskiptahalli þjóðarbúsins varð aðeins 1,6% af landsframleiðslu. Skuldastaða þjóðarbúsins út á við hækkaði því lítið í raun, en endurmat hennar til lægra raungengis krónunnar olli hlutfallshækkun hreinnar skuldastöðu í 48% af landsframleiðslu, næstum til jafns við það, sem hæst var áður.

Efnahagsþróun umheimsins


Hagvöxtur iðnríkja hefur haldist í samfelldu sjö ár frá og með 1983, órofinn af samdrætti, sem annars hefur orðið á nokkurra ára fresti, einkum eftir að efnahagsþensla hefur farið úr böndunum. Framan af þessu skeiði fóru Bandaríkin fyrir í þróuninni, og hefur hagvöxtur þeirra síðan haldist í góðu meðallagi þar til 1989, að hann lenti neðst í meginsvæðaskiptingunni, tæp 3% á móti 3,5% meðaltali iðnríkja. Síðari árin hefur Japan verið ótvírætt leiðandi með 5,7% hagvöxt 1988 og 4,9% 1989, nema 1986, á fyrsta ári hinnar miklu raungengishækkunar yensins. Síðan hefur þar orðið undraverð aðlögun að hágengi og síðan markviss innri þensla til þess að draga úr viðskiptaaf-



gangi. Evrópulöndin skoðuð sem heild urðu á eftir í þróuninni með lítinn, en þó jafnan hagvöxt fram til 1986, er hagvöxtur undirsvæðanna mættist á bilinu 2,5-2,7%. Síðustu árin hefur dregið saman með svæðunum, og sýnir V-Evrópa 3,7% og 3,5% hagvöxt 1988 og 1989, síðara árið nánast hinn sama og heildarmeðaltal OECD, er var 4,4% og 3,5% þessi tvö ár. Innan Evrópumeðaltalsins hafa einstök lönd sýnt af sér góða vaxtarspretti, svo sem Bretland 1985-88 og V-Þýskaland 1988-89. Að sjálfsögðu horfir fremur til örvunar eftirspurnar og framleiðslu í V-Evrópu með vaxandi samruna svæðisins og opnun Austur-Evrópu.




Langær hagvöxtur hefur oft áður gengið nærri mannafla og afkastagetu, og hafa viðbrögðin þá snúist frá magnaukningu til verðbólgu. Síðbúin viðbrögð stjórnvalda hafa þá hamlað hagvexti og jafnvel framkallað samdrátt. Þessara einkenna hefur gætt nokkuð í iðnríkjunum að undanförunu. Nýting afkastagetu hefur verið með mesta móti og næstum eins mikil og á þensluárunum 1972-74 og yfirleitt meiri en 1979-80. Atvinnuaukning hefur verið um 1,7-1,8% á ári 1987-89 eða um hálf prósent umfram fjölgun mannafla, og hefur mismunurinn komið fram í minna atvinnuleysi. Hefur atvinnuleysi farið nokkuð jafnt dvínandi í OECD-löndunum úr 8,7% 1983 í 6,6% af mannafla 1989, fyrst og örst í Bandaríkjunum úr 9,7% 1982 í 5,2% 1989, og er það þá talið komið að mörkum eðlilegs og tæknilegs tregðuatvinnuleysis. Í Japan hefur atvinnuleysi lengi verið lítið og sveiflast milli 2% og 2,8%, síðast 2,3%. Evrópa hefur hins vegar í þessu sem fleiru sýnt meiri kyrrstöðumerki. Náði atvinnuleysi þar hámarki í 10,6% 1985 og hjaðnaði aðeins í 9% 1989.




Enda þótt með þessu sé ekki komið að mörkum ofþenslu á sögulegan mælikvarða, hefur aukin eftirspurn leitt til hækkandi launakostnaðar á mann og á framleiðslueiningu, sem og almenns hrávöruverðs og þar með til aukinnar verðbólgu. Verðbólga náði lágmarki OECD-svæðis 2,7% árið 1986 og sama ár í Bandaríkjunum með 1,9%, en ári síðar í Evrópu með 3,8%, og Japan með 0,2% verðlækkun. Frá því hefur almennt orðið nálægt 2% aukning upp í 4,4% á OECD-svæðinu öllu, þar af um 4,5% í Bandaríkjunum, 5,6% í Evrópu og 2% í Japan. Er því að vonum, að reynt sé að draga úr vexti eftirspurnar til jafns við hagvöxt, en með því er jafnframt stuðlað að jafnvægi í milliríkjavíðskiptum.

Misvægi í alþjóðaviðskiptum, einkum milli stóru iðnríkjanna, hefur lengi verið eitt helsta vandamálið á alþjóðavettvangi. Kjarni þessa vandamáls er hinn mikli viðskiptahalli Bandaríkjanna, og hefur hann lítið hagast frá hámarkinu 144 milljarðar dollara 1987 eða í 111 mrð.



1989. Viðskiptaafgangur Japans hefur á sama tíma hjaðnað verulega, úr 87 í 57 mrð. dollara, en um leið hefur afgangur V- Þýskalands hækkað upp í 53 mrð. dollara, svo að nú skipta þessi tvö lönd mótvægi halla Bandaríkjanna nærri jafnt á milli sín. Afgangur Þýskalands stendur þó í beinna sambandi við halla ýmissa landa innan Efnahagsbandalagsins, um leið og halli Bandaríkjanna á sér víðari mótsvörun, m. a. í 23 mrð. dollara afgangi nýiðnvæddra Asíuríkja. OECD-svæðið í heild kom út með 85 mrð. dollara halla, en upp úr því er ekki mikið leggjandi, þar sem heimsviðskiptin sýndu nánast sama halla, en eru þó í jafnvægi samkvæmt skilgreiningu. Heilbrigður vöxtur hélst í heimsviðskiptum, sem jukust um 4,6% á móti 9% árið áður.



Síðustu þrjú árin eða frá svokölluðu Louvre-samkomulagi í febrúar 1987 hafa stóru iðnríkin reynt að samræma stefnu sína í gengismálum og þeim efnahagsmálum, er mestu ráða um markaðsgengi. Meðfylgjandi línurit leiðir í ljós, að gengisþróun helstu gjaldmiðla hefur jafnast mjög síðan þá og haldið svipuðum hlutföllum raungengis og 1980, áður en hækkun dollars brenglaði þau, að yeni þó undanteknu, sem hækkaði fram til 1988, áður en það tók að lækka nokkuð á ný. Í þessu birtast í fyrsta lagi greinilegar víxlbreitingar dollars og yens, í öðru lagi að yenið var orðið mjög vanmetið á heildina litið, og í þriðja lagi hneigist markaðurinn af ýmsum ástæðum til að meta dollar meira en svarar til viðskiptajafnvægis og stefnu stjórnvalda.

Stefnan til bættis jafnvægis og stöðugleika í framþróun beinist ekki síður að innri efnahagsmálum og kerfisaðlögun, sem reynt er að samstillja á vegum alþjóðastofnana. Mikill árangur hefur náðst í jöfnun hallarekstrar hins opinbera. Þannig minnkaði samanlagður ríkissjóðshalli sjöveldanna úr 4,6% af lands- eða þjóðarframleiðslu 1985 í 2,2% árið 1989. Heildarhalli opinbera geirans hefur lækkað álíka mikið á þeim tíma, en til lægra hlutfalls, 1,1-1,2% af lands/þjóðarframleiðslu. Fyrir nokkrum árum var leitun á löndum með afgang í opinberum rekstri, en nú eru þau orðin um þriðjungur vestrænna ríkja að fjölda til.

Vextir höfðu almennt farið lakkandi fram til 1987, og sló þá talsvert á raunvexti með hækkandi verðbólgu. Aðlögun skammtíma vaxta að henni á árunum 1988-1989 varð ör og leiddi til hækkandi raunvaxta á ný og þar með á löngum lánnum með breytanlegum vöxtum. Einfalt meðaltal vaxta af bestu skammtíma markaðspappírnum í sjö helstu ríkjunum hækkaði úr 7,7% í 9,8% eða um 2,1%, sem miðað við 0,7% hækkun verðbólgu OECD-svæðis felur í sér 1,4% hækkun raunvaxta. Verðbólguhorfur voru þegar fólgnar í langtíma vöxtum, sem hækkðu því um aðeins 0,3% milli árunna með sams konar við-

miðun, og ber það með sér nokkra lækkun raunvaxta. Þessar breytingar speglast í ytri vaxtakjörum þjóðarþúsins, þar sem meðaltal breytilegra vaxta hækkaði úr 7,3% 1988 í 9,1% 1989, og þar með heildar meðalvextir úr 7,8% í 8,9%. Tilsvarandi metnir heildarraunvextir hækkuðu úr 4,0% í 4,4%.

Lækkandi opinber halli með hóflegri og jafnari raunvöxtum eru meðal þeirra þátta, sem eru taldir hafa stuðlað að eflingu atvinnufjárfestingar síðustu árin. Þar með eru horfur taldar betri á heilbrigðum og varanlegum hagvexti, er skili aukinni framleiðni samfara opnari tækifærum á alþjóðavettvangi.

Samdrátturinn

Samdráttur efnahagsstarfseminnar hér á landi, sem hófst árið 1988, magnaðist mjög á árinu 1989 og varð um þrefalt meiri en árið áður, á kvarða landsframleiðslu 3,4% á móti 0,8% eða á kvarða þjóðartekna 5,1% á móti 1,7% árið áður. Á hvern mann varð samdrátturinn ríflega tvöfalt meiri en árið áður, þjóðartekna 6,8% á móti 2,9% 1988. Tveggja ára samdráttur hefur skert þjóðartekjur um 6,7% frá 1987, en á hvern mann um 9,5%. Enda þótt farið sé að rofa til og efnahagslægdin dýpki ekki frá því sem orðið er, mun taka talsverðan tíma að ná aftur fyrra stigi, sem mátti að vísu teljast óraunhæft. Hér er um að ræða sjötta samdráttarskeiðið á eftirstríðstímanum, jafnvel sjöunda, sé miðað við framleiðslu og tekjur á mann, og hafa þau oftast staðið í 2-4 ár, áður en fyrra stigi í heild eða á mann hefur verið náð. Hafa þau nálægt öðru hverju ári frá stríðslokum borið þannig skilgreind samdráttarmerki miðað við hagstærðir á mann, en nálægt þriðju hverju frá 1960, er eftirstríðsaðlögun mátti teljast lokið.

Undanfarandi hagsveifla hefur að flestu leyti fylgt gamalkunnu mynstri, en þó með mun meiri innri þenslu en oftast áður. Kveikjan að henni var sem oftast áður nokkur afla- og framleiðslusamdráttur samfara lækkun afurðaverðs, væntanlega að hluta tengdur því, að gengið hafi verið fullnærri þoli fiskistofna og markaða í undangenginni uppsveiflu. Beinn samdráttur af þessum orsökum var þó fremur takmarkaður 1988 og 1989: í raunvirði sjávarafla 1% og 5%, í framleiðslu sjávarafurða 0,2% og 3% og í útflutningsframleiðslu í heild 0,1% 1988, en 0,6% aukning 1989. Rýrnun viðskiptakjara vegur hér þó mun meira eða 0,6% og 3%, alls 3,6% af utanríkisviðskiptunum sjálfum, eða metin sem viðskiptakjaraáhrif 0,2% og 1% af þjóðarframleiðslu. Hvort sem miðað er við útflutningsframleiðslu eða útflutning, með viðskiptakjörum í báðum tilvikum, reynist samdráttur beggja áranna, 3,1% eða 5% í sömu röð, mun minni hlutfallslega en vergra þjóðartekna, 6,7%. Ytri áhrif leiddu þannig af sér um þriðj-

ungi meiri hlutfallsleg áhrif á þrefalt meiri heildarstærð þjóðarbúsins, í stað þess að aðrir þættir og beinar jöfnunaraðgerðir drægju úr sveiflunni.

Þessu til grundvallar liggur að sjálfsögðu hið mikla ofris þenslunnar á undan, einkum árið 1987, þegar einkaneysla jókst um 16,4% og þjóðarútgjöld til neyslu og fjárfestingar um 15%, er leiddi til 3,5% viðskiptahalla af landsframleiðslu þrátt fyrir 10,5% aukningu þjóðartekna á öldufaldi uppsveiflunnar. Veruleg þáttaskil urðu um mitt ár 1988, en á árinu í heild náðist aðeins að draga úr þjóðarútgjöldum rúmlega til jafns við samdrátt þjóðartekna, en viðskiptahallinn hélst óskertur. Árið 1989 náðist hins vegar sá árangur að draga úr þjóðarútgjöldum um 6,8% eða sem svarar samdrætti þjóðartekna bæði árin 1988-89, svo að viðskiptahalli minnkaði úr 3,6% í 1,6% af landsframleiðslu. Lykilþátturinn í þeim bata er samdráttur innflutnings um 10%, en raungengisþróunin réð mestu um, að samdráttur útgjalda kom í mun meiri mæli niður á innflutningi en innlendum gæðum.

Margháttaða innri aðlögun þurfti til að koma þessu til leiðar og var þó ekki til fullra lykta leidd. Hlutfall launatekna var orðið um eða yfir 70% og verg hlutdeild rekstrar og fjármagns um eða undir 30%, og hlaut þessi skipting að leita í horfið 66% og 34%, til þess m. a. að mæta eðlilegum raunvöxtum, ef ekki lengra til jafns við hlutföllin í umheiminum. Nátegt því hafði hlutfall einkaneyslu um árabíl 1984-87 komist hærra en fær staðist eða verið á bilinu 65-66% af þjóðarframleiðslu, en það lækkaði í 64,3% 1988 og 62,8% 1989. Önnur jafnvægis skilyrði áttu lengra í land, einkum innan opinbera geirans, en peningalegur sparnaður bætti það upp með þeim árangri, að þjóðhagslegur sparnaður í heild jókst úr 16,4% í 17,5% af þjóðarframleiðslu, um leið og viðskiptahallinn minnkaði í 1,6%.

Þrátt fyrir efnahagssamdrátt á annað ár og raunskilyrði fyrir frekari kjararárnrnun hélt kjarastreita launþegasamtaka áfram, þegar kólnunartíma launa- og verðstöðvunar lauk í mars 1989, en þá voru gengisfall og aukin skattbyrði farin að segja til sín. Kröpp afkoma og taprekstur atvinnuvega, tengd aðhaldi hægfara gengisaðlögunar og hárra raunvaxta, girtu nánast fyrir alla úrlausn í almennum kjarasamningum. Samtök opinberra starfsmanna riðu því á vaðið og greitt var fyrir þeim og almennum samningum með eftirgjöf á sviði ríkisfjármála. Á móti kostum þeirra aðgerða í vinnufriði og bættum samskiptum á vinnumarkaði má telja tvíþættan kostnað verðbólguþróunar og ríkis-sjóðshalla. Almennar launahækkanir um nærri 13% yfir árið og nánast til jafns við hækkun fyrra árs juku að sama skapi á þá gengislækkun, sem þurfti til að rétta hlut útflutnings- og samkeppnisatvinnu-

Kjarastreita og verðbólga

vega, en hún reyndist 23,6% eða 30,9% sem hækkun erlendra gjaldmiðla. Verðbólgan fór bil beggja þessara grunnþátta, og hækkaði framfærslukostnaður um 23,7% yfir árið, nokkru meira en árið áður, en nánast jafnt og 1987.

Raugengi krónunnar náði hámarki á 4. ársfjórðungi 1987, en lækkaði frá því hægt yfir 1988 og hratt yfir 1989, alls um 12,4% á verðlagskvarða, en 20,7% á launakvarða. Við það batnaði samkeppnisstaða verulega frá lögðinni 1988 og mátti teljast viðunandi frá miðju ári 1989, einkum í sjávarútvegi, einnig þótt tekið sé tillit til fjármagnskostnaðar. Stundleg rekstrarskilyrði, sem í þeirri stöðu birtast, þurfa þó langan tíma til að bæta úr fjárhagsstöðu atvinnufyrirtækja, sem víða var orðin mjög slæm af völdum taprekstrar og uppfærslu skulda, en að baki tapsins lá oft offjárfesting miðað við eðlileg skilyrði og snöggur markaðsbrestur af völdum afturkippisins. Gripið var til sérstakra björgunaraðgerða með stofnun Atvinnuþryggingarsjóðs útflutningsgreina og Hlutafjárjóðs Byggingastofnunar. Þrátt fyrir þessar aðgerðir, sem beinast að útflutningsgreinum, hafa gjaldþrot, einkum fyrirtækja, en einnig einstaklinga, farið mjög vaxandi.

Ríkisfjármál

Prálátur ríkissjóðshalli undanfarinna ára varð tilefni eindregins ásetnings stjórnvalda um að ná jöfnuði í ríkisfjármálum bæði árin 1988 og 1989 þrátt fyrir augljósa örðugleika á að rétta hallann af í efnahagslegum samdrætti. Bæði árin fjarðaði undan tekjum meira en áætlað hafði verið og útgjöld jukust stórum, einkum vegna hinna stóru tilfærsluþátta. Árið 1989 var hér að miklum hluta umþóttun stefnumiða um að kenna, þar sem milljörðum var fórnað til að ná verðbólgunni niður. Heildarniðurstaðan varð rekstrarhalli 6,1 mrð.kr. eða 2,1% af landsframleiðslu 1989 á móti 7,1 mrð.kr. halla eða 2,8% af landsframleiðslu 1988. Hrein lánsfjárförf, þ.e. fyrir lántökur umfram afborganir lána, reyndist nokkru meiri en hallinn eða 7,6 mrð.kr. 1989. Styrk staða peningamála gerði kleift að mæta þessari þörf á innlendum lánamarkaði. Í því efni réð 5,2 mrð.kr. innstreymi ríkisvixlafjár úrslitum og bætti upp nokkra vöntun á, að hrein útkoma spariskírteinafjár næði áætlun, en hún varð 1.655 m.kr. án frádráttar innleystra vaxta.

Peningamál og lánamarkaður

Próunin á peninga- og lánsfjármarkaði 1989 átti sér upphaf í einmuna háu vaxtastigi á árinu 1988 og batnandi jafnvægi í peningamálum. Áhrifa þessa gætti óefað fram á árið 1989, enda þótt raunvextir lækkuðu verulega og yrðu jafnvel neikvæðir á óverðtryggðum lánnum á fyrri hluta ársins, en hækkuðu þar á móti mjög á síðari hlutanum, þannig að t. d. verðtryggð skuldabréfalán banka skiluðu 4,7% raun-

vöxtum yfir árið á móti 12,6% árið áður. Skráðir vextir verðtryggðra lána þokuðust almennt niður og voru að ársmeðaltali 7,8% á skulda-bréfalánnum banka á móti 9,2% 1988, en raunvextir þeirra að tiltölu við framfærsluvísitölu töldust 6% á móti 9,9% 1988. Vextir sparis-kírteina, sem verið höfðu allt að 8,5% 1987-88, stöðvuðust við 5,5% og 6% frá miðju ári eða eilítið hærri í sérboðum, en raunvextir á framangreindan kvarða voru nokkru lægri.

Stjórnækjum peningamála var beitt til aðhalds, einkum með því að útvíkka gildissvið bindiskyldu og lausafjárlutfalls til verðbréfaút-gáfu og veðdeilda innlánsstofnana o.þ.h. auk skarpari reglna um gjaldeyrisjöfnuð. Þar á móti var hlutfall bindiskyldu lækkað úr 12% í 11% og lausafjár úr 10% í 9% og útvíkkun grunnsins framkvæmd í áföngum. Heimildir til að uppfylla lausafjárskyldu með ríkisvixlum og að hluta spariskírteinum hafa reynst mikilvægur hvati til inn-lendrar fjáröflunar ríkissjóðs. Síðustu árin hefur ekki stafað peninga-þensla frá myndun grunnfjár í Seðlabankanum að öðru leyti en því, sem svarar bráðabirgðafjármögnun ríkissjóðshalla, sem hefur verið endurfjármagnaður utan að og ásamt öðrum erlendum lánunum lyft undir gjaldeyrisstöðuna.

Innlán og verðbréf innlánsstofnana jukust um 29% eða talsvert umfram 24% aukningu útlána og endurlána, er jukust nánast til jafns við verðlag. Við þessu er óhagstæðri afstöðu þessara aukninga árið 1988 snúið við, voru 30,5% og 37% í sömu röð. Leiddi þetta til bata lausafjástöðu um 6 í 10 mrð.kr. á árinu. Aukning fjárstofns lífeyris-sjóða varð öllu meiri eða 39%, og útlána fjárfestingarlánasjóða 38%, þar af íbúðalánasjóða 43% og atvinnuvegasjóða 33%. Útlán lána-sjóða ríkis jukust um 14,4 mrð. kr. eða 42% og munar þar mest um Atvinnuþryggingarsjóð útflutningsgreina, sem kom út megninu af útlánunum sínum á árinu, 5,4 mrð.kr. Verðbréfasjóðir héldu áfram að þróast ört og jukust heildareignir þeirra um 60% upp í 9,3 mrð.kr. Eignarleigur náðu 9,8 mrð.kr. heildareign eftir 23,5% aukningu á árinu. Yfir heildina að líta varð mest aukning á verðbréfasviðinu, og jukust útistandandi markaðsverðbréf um 30,5 í 75,8 mrð.kr. eða um 67%, en þar er meðtalin áttföldun á stofni ríkisvixla.

Við blasir sú heildarmynd af lánamarkaðnum, að lánsfé náði 470 mrð.kr. í árslok 1989, og varð aukning og endurmat 116 mrð.kr. yfir árið eða 32,7% frá 354 mrð.kr. í lok 1988. Eftir uppruna þessa fjár skiptist það í 301 mrð.kr. innlendan, peningalegan sparnað eða 64% af heild, og 169 mrð.kr. erlent lánsfjármagn eða 36%. Enda þótt inn-lendur sparnaður hafi aukist um 31% yfir árið, mun minna en erlent lánsfé 35%, varð magnaukning í öfugri röð, hvort sem innlent fé mið-

ast við hækkun framfærsluvísitölu um 23,7% eða lánskjaravísitölu um 21,6%, og þá innlend magnaukning um 6,1 eða 8%, á móti gengisendurmati 30,9% og erlendri verðhækkun um 4,4%, en samkvæmt því dregst magn erlendra lána saman um 1%. Kerfisbundinn sparnaður jókst enn talsvert meira, um 33%, en hinn frjálsi um 31%, og stafar það að verulegum hluta af hærri ávöxtun, er svarar til meiri bindingar fjárens.

Tilurð eða streymi nýs peningalegs sparnaðar umfram verðbólgu er nú reiknað og skráð fyrsta sinni í peningamálaakafra skýrslunnar. Þáttaskil urðu í sparnaði með markaðsákvörðun vaxta í rísandi góðæri 1986, en síðan hefur nýr sparnaður slaknað verulega með samdrættinum, úr 10,7% af landsframleiðslu 1986 í 6,2% 1988 og 5,4% 1989. Þar sem raunávöxtun var verulegum mun hærri 1988, má álykta, að nýtt sparnaðaráttak til viðbótar ávöxtun kyrrstæðs fjár hafi þó verið talsvert meira 1989. Vergur þjóðhagslegur sparnaður reiknast 17,5% af þjóðarframleiðslu 1989, en peningalegur sparnaður 5,7%, svo að beinn vergur sparnaður framkvæmdaðila, opinberra sem einkaaðila, að meðtöldum afskriftum þjóðarauðs, hefur þá numið 11,8% af þjóðarframleiðslu eða um 2/3 hlutum vergs heildarsparnaðar.

Staðan út á við

Þrátt fyrir andstreymið náðist sá mikilvægi árangur, að viðskiptahalli varð aðeins 4,6 mrð.kr. 1989 á móti 11,6 mrð.kr. árið áður eða 1,6% af landsframleiðslu, og hið sama, þótt leiðrétt sé fyrir birgðabreytingum og sveiflum, á móti 3,6% eða 3,2% með leiðréttingu árið 1988. Eigi að síður voru tekin löng erlend lán til venjubundinna þarfa, 25,2 mrð.kr. á móti 20,6 mrð.kr. 1988, en hreint innstreymi þeirra nam 15,9 mrð.kr. á móti 12,2 mrð.kr. Gjaldeyrislega gekk þetta umframfé til þess að grynna á stuttum skuldum og eiginfjármagni og bæta gjaldmeyrisstöðuna. Af þessum sökum er verulegur munur á hækkun stöðu langra lána milli ársloka 1988 og 1989 úr 41,4% í 51,3% af landsframleiðslu og hreinnar skuldastöðu úr 41,8% í 48,3%. Gengisendurmat og framleiðslusamdráttur skipta hér höfuðmáli, en raunaukning langra lána varð 3,6% í erlendum gjaldeyri og að tiltölu við erlent verðlag, en tæpast nokkur raunaukning hreinnar skuldastöðu. Kemur það heim við það, að formlegur viðskiptahalli sé tæpast meiri en verðryrnun skuldastöðunnar. Þetta dregur þó ekkert úr því, að skuldastaðan er á ný í hámarki og til muna of há, svo og greiðslubyrði af löngum lánum, 19,3% af útflutningstekjum 1989 á móti 16,6% 1988. Varðar um þetta mestu, að þróun verði áfram til betra jafnvægis, en ekki horfið að hallarekstri á ný.

II. FRAMLEIÐSLA, TEKJUR, GENGI OG VERÐLAG

Samdráttur varð í efnahagslífi þjóðarinnar annað árið í röð, einkum af völdum lækkandi afurðaverðs á salt- og freðfiski og minnkandi afla. Þjóðartekjur lækkuðu um 5,1% frá árinu 1988 til 1989. Betra jafnvægi komst þó á í þjóðarbúskapnum. Gengi krónunnar féll um tæplega 24% frá ársbyrjun til ársloka 1989, launahækkningar urðu um 13% og framfærsluvísitala hækkaði um 24%. Af þessum sökum féll raungengi krónunnar, kaupmáttur launa minnkaði og samkeppnisstaða útflutnings- og samkeppnisgreina batnaði. Þjóðarútgjöld dróguust því saman um meira en nam tekjusamdrætti, og komst á meiri jöfnuðir í erlendum viðskiptum.


Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur

Landsframleiðsla minnkaði um 3,4% frá 1988 til 1989, og sökum vaxandi vaxtagreiðslna til útlanda varð enn meiri samdráttur í þjóðarframleiðslu eða 4,3%. Samdráttur í þjóðartekjum varð þó snöggjum meiri eða 5,1%, þar eð viðskiptakjör þjóðarbúsins versnuðu.

Tafla II.1. Hagvöxtur.


(Árlegar breytingar í %)

	1958-87	1958-67	1968-77	1978-87	1988	1989
Landsframleiðsla	4,9	5,5	5,0	4,2	-0,8	-3,4
Þjóðarframleiðsla	4,7	5,5	4,8	4,0	-1,6	-4,3
Þjóðartekjur	5,3	6,3	5,7	4,0	-1,7	-5,1
Þjóðarframleiðsla á mann ..	3,4	3,5	3,7	2,9	-2,8	-6,0
Þjóðartekjur á mann	3,9	4,3	4,6	2,9	-2,9	-6,8



Í töflu II.1. kemur fram, að samdráttur landsframleiðslu varð meiri á árinu 1989 en 1988 og að samtals hefur landsframleiðsla dregist saman um 4,2% frá því 1987. Samdráttur þjóðartekna á sama tíma nam 6,7%. Samkvæmt nýjustu þjóðhagsspá er útlit fyrir, að samdráttarskeiðið, sem hófst 1988, sé nú á enda. Frá lokum seinni heimsstyrjaldar hefur íslenskt efnahagslíf gengið í gegnum 6 samdráttarskeið, ef miðað er við þróun þjóðartekna. Mestur var samdrátturinn á árunum 1949 til 1952, er þjóðartekjur minnkuðu um liðlega 14%. Á

árunum 1967 og 1968 drógust þjóðartekjur saman um tæplega 9%. Árin 1988 og 1989 eru þriðja mesta samdráttarskeiðið á þessu tímabili á mælikvarða þjóðartekna.



Verðmætarádstöfun þjóðarþúsins

Af töflu II.1. má lesa, að heldur hefur dregið úr hagvexti hin síðari ár. Árlegur meðalvöxtur landsframleiðslu nam 5,5% á árunum 1958 til 1967, 5% frá 1968 til 1977 og 4,2% frá 1978 til 1987. Samanburður við vestræn iðnríki sýnir, að þessi þróun er ekki einskorðuð við Ísland.


Efnahagssamdráttur síðustu tveggja ára var þó minni en svo, að hann eyði ávinningi af hagvextinum á árunum 1986 og 1987, er þjóðartekjur á mann jukust um líðlega 8% hvort ár. Þjóðartekjur á mann voru tæplega 7% hærrí á árinu 1989 en 1985 og um 9,8% hærrí 1989 en á árinu 1980. Frá árinu 1968 og þar til 1989 tvöfölduðust þjóðartekjur á mann.

Þjóðarútgjöld, þ.e. samneysla, einkaneysla, fjárfesting og birgðabreytingar, minnkuðu að raungildi um 7,6% á árinu 1989. Fjármunamyndun dróst saman um 10%, einkaneysla um 8%, en útgjöld til samneyslu jukust um 1%.

Tafla II.2. Verðmætarádstöfun.

(Árlegar breytingar í %)

	1958-87	1958-67	1968-77	1978-87	1988	1989
Einkaneysla	5,6	6,7	4,9	5,2	-4,0	-8,0
Samneysla	6,1	6,0	7,3	5,2	4,2	1,0
Fjármunamyndun	4,4	7,4	3,5	2,3	-1,3	-10,0
Verðmætarádstöfun	5,5	7,2	4,9	4,3	-1,0	-7,6




Á síðastliðnum tveimur árum hefur einkaneysla dregist saman um tæplega 12%, en um líðlega 14%, ef miðað er við einkaneyslu á mann. Einkaneysla á mann var á árinu 1989 ívið minni en á árinu 1986, en um 14% meiri en á árinu 1980. Hlutdeild einkaneyslu í þjóðarframleiðslu lækkaði úr 64,3% 1988 í 62,8% 1989, og hefur þetta hlutfall ekki verið lægra síðan 1983. Samneysla jókst á árinu 1989 um 1%, en ef miðað er við mannfjöldabreytingu, dróst hún saman um 0,8%. Ekki hefur komið fram minni vöxtur samneyslu síðan árið 1984. Hlutdeild samneyslu af þjóðarframleiðslu var um 19,7% samanborið við 19,3% 1988. Samneysla hefur aukist jafnt og þétt til lengri tíma litið, var 10,8% af þjóðarframleiðslu 1960, 13,1% 1970 og 16,9% 1980.

Tafla II.3. Verðmætaráðstöfun
sem hlutfall af þjóðarframleiðslu.

	1958-87	1958-67	1968-77	1978-87	1988	1989
Einkaneysla	62,2	63,8	60,5	62,2	64,3	62,8
Samneysla	14,3	10,6	14,8	17,6	19,3	19,7
Fjármunamyndun	26,2	26,8	28,8	23,0	19,1	19,4
Þjóðhagslegur sparnaður ..	23,5	25,6	24,7	20,2	16,4	17,5


Fjármunamyndunin í heild dróst saman um 10% frá 1988 til 1989, en hlutdeild hennar af þjóðarframleiðslu var því sem næst óbreytt, þar sem verðlag á fjárfestingarvöru hækkaði meira en á öðrum þáttum í verðmætaráðstöfuninni. Sögulega séð er hlutdeild fjármunamyndunar fremur lág og hefur ekki verið lægri í tæplega 40 ár. Hlutdeild þjóðhagslegs sparnaðar hefur að sama skapi minnkað og var um 17,5% af þjóðarframleiðslu á árinu 1989 eða heldur minni en fjárfesting eins og sjá má í töflu II.3. Þegar greint er á milli opinbers sparnaðar og einkasparnaðar, kemur fram, að tæplega þriðjungur þjóðhagslegs sparnaðar á rætur að rekja til hins opinbera. Þetta hlutfall hefur verið því sem næst óbreytt undanfarin ár.



Skýringa á samdrætti í fjárfestingu er helst að leita hjá atvinnuvegunum. Í heild varð fjármunamyndun atvinnuveganna um 19% minni á árinu 1989 en 1988. Fjárfesting í fiskveiðum var liðlega 50% minni en árið á undan, og í fiskvinnslu var samdrátturinn um 20%. Fjárfestingar í verslunar- og skrifstofuhúsnæði drógust saman um 20%. Í samgöngutækjum var fjárfest fyrir liðlega 10 mrð. króna, sem er um þriðjungur af heildarfjárfestingu atvinnuveganna á árinu 1989 og um tvöfalt hærri upphæð að raungildi en árið 1988.

Bygging íbúðarhúsnæðis nam um 10 mrð. króna á árinu 1989, sem að raungildi er því sem næst sama upphæð og varið var til þessa þáttar á árinu 1988. Sé litið til lengri tíma, var fjárfesting í íbúðarhúsnæði tvö sl. ár tiltölulega lítil eða um 10% minni að raungildi en að meðaltali á árunum 1980 til 1985. Þetta endurspeglar e. t. v. breytta aldurssamsetningu landsmanna, nýjar aðstæður á fjármagnsmörkuðum og meira viðhald á eldri byggingum. Aukin útlán Húsnæðisstofnunar hafa að því er virðist ekki leitt til meiri umsvifa í íbúðabyggingum, svo sem þó mátti vænta.

Á árinu 1989 dró úr opinberum byggingarframkvæmdum og gerð samgöngumannvirkja, en nokkur aukning varð á fjárfestingu í orkuverum. Það eru einkum framkvæmdir á Nesjavöllum og við Blönduvirkjun, sem þessu valda. Raunaukning framkvæmda við rafvirkjanir og rafveitur var um 25%, en um 10% samdráttur varð í gerð samgöngumannvirkja.




Á árunum 1987 og 1988 fór bilið milli þjóðarútgjalda og þjóðartekna vaxandi og leiddi til aukins viðskiptahalla. Á árinu 1989 snerist þessi þróun við. Þjóðarútgjöld drógust saman um 7,6%, en samdráttur þjóðartekna var talsvert minni eða 5,1%. Viðskiptahalli minnkaði af þessum sökum úr 3,6% af vergri landsframleiðslu 1988 í 1,6% á árinu 1989. Þetta er hagstæð þróun fyrir þjóðarbúskapinn, sérstaklega í ljósi þess, að viðskiptakjör fóru versnandi og nokkur samdráttur varð í framleiðslu sjávarafurða. Því er ljóst, að þjóðarbúskapurinn færðist mjög í átt til jafnvægis á árinu 1989.

Viðskiptakjör

Samkvæmt bráðabirgðatölum úr þjóðhagsreikningum fyrir árið 1989 hækkaði verð innfluttrar vöru og þjónustu um liðlega 31%, en verð á útflutningi um 27,5%. Þetta jafngildir því, að viðskiptakjör hafi versnað um tæp 3%, en um 4,5%, ef viðskipti álversins eru undanskilin. Verð á sjávarafurðum fór almennt lækkandi á árinu eða um 1% í erlendri mynt þrátt fyrir hækkandi verð á ferskum fiski, síld og mjöli. Verð á áli hækkaði um liðlega 11%, og verð á kísiljárnri var að jafnaði tæplega 16% hærra en árið áður. Verð á annarri útflutningsvöru lækkaði um 3,5% í erlendri mynt, einkum og sér í lagi vegna verðfalls á eldisfiski. Innflutningsverð á olíu hækkaði um 13% í erlendri mynt og verð á öðrum innflutningsvörum um 3-4%.

Gengi krónunnar

Gengi krónunnar lækkaði um 23,6% yfir árið 1989, sem jafngildir um 30,9% hækkun á verði erlendra gjaldmiðla. Í upphafi árs var gengið fellt um 4,88%, og í kjölfarið fylgdu tvær formlegar gengisbreytingar auk átta tímabila, þar sem gengi krónunnar var látið síga eins og fram kemur í eftirfarandi yfirliti um þróun meðalgengis krónunnar samkvæmt viðskiptavog:



Tímabil	Lækkun krónu	Hækkun erl. gjaldm.	Uppsöfnuð hækkun
3. janúar	4,88	5,12	5,12
7. febrúar	2,50	2,56	7,82
15. feb.- 3. mars	2,20	2,25	10,24
10. maí	1,50	1,52	11,93
19. maí- 7. júní	2,20	2,25	14,50
16. júní- 3. júlí	2,20	2,25	17,14
4. júlí- 26. júlí	2,20	2,25	19,79
28. júlí- 30. ágúst	2,20	2,25	22,47
6. sept.- 24. sept.	2,20	2,25	25,23
29. sept.-25. okt.	2,20	2,25	28,04
3. nóv.- 6. des.	2,20	2,25	30,93


Gengisbreyting krónunnar var talsvert meiri á árinu 1989 en 1988, og hækkaði meðalgengi erlendra gjaldmiðla um tæplega 31% samanborið við tæplega 22% árið áður. Meðalgengi erlendra gjaldmiðla á árinu 1989 varð að jafnaði 25,7% hærra en á fyrra ári samanborið við 14,2% hækkun þess 1988. Þetta eru mikil umskipti frá fastgengistímnum á árunum 1985 til 1987, en til samanburðar má nefna, að árleg breyting á meðalgengi erlendra gjaldmiðla gagnvart krónunni var liðlega 47% hækkun til jafnaðar á árunum 1977 til 1983.

Tafla II.4. Gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart krónu.

	Kaupgengi í árslok		Breytingar (%) 1989	
	1988	1989	Milli ára	Yfir árið
Bandaríkjadollar	46,160	61,090	32,6	32,3
Sterlingspund	83,088	97,912	21,9	17,8
Dönsk króna	6,709	9,268	22,5	38,1
Norsk króna	7,024	9,260	25,3	31,8
Sænsk króna	7,522	9,828	26,3	30,7
Finnskt mark	11,050	15,075	29,7	36,4
Franskur franki	7,584	10,547	24,3	39,1
Þýskt mark	25,918	36,057	24,3	39,1
Japanskt yen	0,367	0,426	23,0	15,9
SDR	61,944	80,333	26,5	29,7
Meðalverð erl. gjaldmiðla			25,8	30,9


Í töflu II.4. kemur fram breyting á gengi einstakra gjaldmiðla á árinu 1989. Þýskt mark og franskur franki hækkuðu mest af einstökum gjaldmiðlum eða 39,1%, en minnst varð hækkun yens eða 15,9%. Bandaríkjadollar hækkaði úr 46,2 krónum í 61 krónu, sem er 32,3% hækkun. Alþjóðleg gengisþróun var þjóðarbúinu fremur óhagstæð, sem ráða má af því, að á mælikvarða útflutningsvogar hækkaði gengi erlendra gjaldmiðla um 29,6% samanborið við 32,2% hækkun, ef miðað er við innflutningsvog. Af þessu má ráða, að helsta ástæðan

fyrir versnandi viðskiptakjörum á árinu 1989 eru gengisbreytingar á alþjóðlegum mörkuðum. Myndin hér að neðan sýnir þróunina undanfarin þrjú ár. Á þessu tímabili hefur meðalgengi krónunnar lækkað um 38,4%. Gengi krónunnar gagnvart Bandaríkjadollar hefur lækkað um 33,9% á sl. þremur árum, og gagnvart þýsku marki varð gengisfall krónunnar 42,7%.



Raungengi

Verðlag og launakostnaður í helstu viðskiptalöndum Íslands hækkuðu á árinu 1989 um 4-5% samkvæmt athugunum OECD. Hér á landi hækkaði launakostnaður um 12% og framfærslukostnaður um 24%. Eins og áður greinir hækkaði gengi erlendra gjaldmiðla að meðaltali um tæplega 31%.



Vísitala raungengis krónunnar er mælikvarði, sem sýnir afstöðu verðlags eða launakostnaðar hér á landi og í helstu viðskiptalöndum, mælda í sömu mynt. Verðlag erlendar framleiðslu hækkaði í krónum talið um 37%, þ.e. margfeldi erlendar verðbólgu og gengisbreytinga, samanborið við um 24% hækkun framfærsluvísitölu. Þetta jafngildir því, að raungengi krónunnar á mælikvarða verðlags hafi fallið um 9,5% á árinu 1989. Á sama hátt má reikna raungengi á mælikvarða launakostnaðar, og sýnir niðurstaðan tæplega 18% lækkun raungengis á árinu 1989. Lækki vísitala raungengis, er það að öðru jöfnu vísbending um bætta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja, en hækkun þess er vísbending um hið gagnstæða.

Tafla II.5. Þróun raungengis krónunnar.

(1980=100)

	Hlutfallslegt verðlag		Hlutfallslegur launakostnaður	
	vísitala	breyting ¹⁾	vísitala	breyting ¹⁾
1980	100,0		100,0	
1981	105,5	5,5%	106,6	6,6%
1982	97,3	-7,8%	100,0	-6,2%
1983	90,0	-7,5%	84,1	-15,9%
1984	94,0	4,4%	84,2	0,1%
1985	92,9	-1,2%	86,7	3,0%
1986	92,7	-0,2%	87,4	0,8%
1987	102,1	10,1%	110,1	26,0%
1988	107,1	4,9%	118,8	7,9%
Áætl. 1989	99,3	-8,8%	103,1	-10,9%
Ársfjórðungstölur ²⁾				
1987 1. ársfj.	96,8	0,9%	99,6	6,3%
1987 2. ársfj.	99,1	2,3%	103,0	3,4%
1987 3. ársfj.	104,8	5,8%	107,2	4,1%
1987 4. ársfj.	109,6	4,5%	120,7	12,6%
1988 1. ársfj.	112,3	2,5%	120,5	-0,2%
1988 2. ársfj.	106,4	-5,3%	114,0	-5,4%
1988 3. ársfj.	108,6	2,0%	116,6	2,3%
1988 4. ársfj.	105,3	-3,0%	116,5	-0,1%
Áætlun:				
1989 1. ársfj.	101,2	-3,9%	109,1	-6,4%
1989 2. ársfj.	101,9	0,7%	107,6	-1,4%
1989 3. ársfj.	98,0	-3,8%	100,2	-6,8%
1989 4. ársfj.	96,0	-2,0%	95,7	-4,5%

1) Miðað við sama tímabil fyrra árs.

2) Ársfjórðungstölur sem hlutfallslegt verðlag þurfa ekki að koma heim við árstölur, þar sem um sjálfstæðar mælieiningar er að ræða.

Byggt á ársfjórðungslegum upplýsingum um verðlag (verðvísitölu neysluvöru), laun, atvinnu og framleiðslu í 15 helstu viðskiptalöndum Íslands.

Vísitala raungengis krónunnar miðað við verðlag var að jafnaði um 8,8% lægri á árinu 1989 en 1988, og á mælikvarða launa var lækkunin 10,9%. Miðað við árin 1983 til 1986 er raungengið enn nokkuð hátt, en nærri meðaltali fyrir tímabilið frá 1972 til 1988. Tafla II.5. sýnir, að raungengið féll verulega á fyrsta og þriðja ársfjórðungi ársins 1989 og var í árslok á svipuðu stigi og í árslok 1986. Athuganir á samkeppnisstöðu benda til þess, að í árslok 1989 hafi rekstrarskilyrði fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinar almennt verið viðunandi, auk þess sem jafnvægi virtist vera komið á í utanríkisviðskiptum, og þar með væri ekki tilefni til frekari lækkunar á raungengi krónunnar.

Eins og sjá má í töflunni hér á undan hafa orðið verulegar sveiflur á raungengi krónunnar á undanförunum árum. Lægst var raungengið 1983, en hæst komst það á árinu 1988. Slíkar sveiflur á raungengi eru

Framleiðsla og hagur atvinnuveganna


Þó ekkert séríslenskt fyrirbæri og má til samanburðar nefna, að raungengi Bandaríkjadollars lækkaði um liðlega 30% frá árinu 1985 til 1988.

Af Norðurlöndum hafa raungengissveiflur verið mestar á Íslandi, þegar litið er á ársfjórðungslegar tölur á árunum 1980 til 1989. Athuganir sýna, að sveiflur í raungengi krónunnar voru talsvert minni á síðasta áratug en á árunum 1970 til 1979. Ýmis efnahagsleg rök má færa fyrir því, að æskilegt sé að draga sem mest úr sveiflum í raungengi til að tryggja meiri stöðugleika í rekstrarumhverfi fyrirtækja í samkeppnisgreinum.

Heildarafli landsmanna var 1.518 þúsund tonn á árinu 1989 samanborið við liðlega 1.750 þúsund tonna afla 1988. Botnfiskafli minnkaði um 10 þúsund tonn eða um 2%, skelfiskafli minnkaði um 12%, en mest munaði um tæplega 230 þúsund tonna samdrátt í loðnuafli. Mælt á föstu verði er áætlað, að verðmæti aflans hafi dregist saman um 5% frá 1988 til 1989 samanborið við 1% samdrátt 1988 og 6,2% aflaukningu 1987. Framleiðsla fiskvinnslunnar minnkaði um 3% á árinu 1989, sem bendir til þess, að vinnslustig hafi hækkað.

Samdráttur einkenndi flestar atvinnugreinar á árinu 1989. Áætlanir benda til þess, að framleiðsla í landbúnaði hafi minnkað um 4%, og hefur þá landbúnaðarframleiðsla dregist saman um 6% frá árinu 1986. Almenn iðnaðarframleiðsla minnkaði um 3,5%, byggingarstarfsemi um 4%, samgöngur um 1%, og samdráttur í verslun og skyldum greinum er áætlaður 8%. Ekki liggja fyrir góðar upplýsingar um framleiðslu á eldisfiski. Ljóst er, að þær miklu vonir, sem bundnar voru við þessa nýju atvinnugrein, standast ekki fyllilega, m. a. vegna verðfalls á afurðum. Samkvæmt útflutningsskýrslum voru flutt út 1.200 tonn af eldisfiski 1989 eða um 35% meira en árið 1988. Verulegt verðfall varð á eldisfiski á árinu 1989, þannig að útflutningstekjur fiskeldisfyrirtækja jukust aðeins um tæp 10% þrátt fyrir miklar gengisbreytingar og framleiðsluaukningu. Veiðimálastofnun áætla framleiðslu fiskeldisfyrirtækja um 2,3 mrð. króna 1989 samanborið við 1,5 mrð. króna 1988.

Samkeppnisstaða útflutnings- og samkeppnisiðnaðar batnaði verulega á árinu 1989, ekki þó vegna hækkandi afurðaverðs, heldur einkum vegna lækkandi raungengis krónunnar eins og vikið var að hér að framan. Launakostnaður fyrirtækja hækkaði á bilinu 10-13%, innlend aðföng hækkuðu um tæplega 24%, ef miðað er við þróun framfærsluvísitölu, en gengi erlendra gjaldmiðla á mælikvarða útflutningsvogar hækkaði um 30%. Vísitala samkeppnisstöðu, sem



reiknuð er á grunni þeirra breytinga, sem verða á rekstrarkostnaði og afurðaverði útflutnings- og samkeppnisgreina, en tekur ekki tillit til fjármagnskostnaðar, sýnir að jafnaði 7,8% betri stöðu á árinu 1989 en 1988. Staða sjávarútvegs batnaði um 7,9%, ef tekið er tillit til sérstakra greiðslna úr Verðjöfnunarsjóði til frystingar. Bráðabirgðatölur um samkeppnisstöðu útflutningsiðnaðar, þ. e. ullar- og skinnaiðnaðar, kísilgúrs, járnblendis o. fl., benda til um 8% bata, og tölur fyrir annan samkeppnisiðnað sýna um 7% betri stöðu 1989 en 1988. Í samanburði við undanfarin ár virðist sem bæði sjávarútvegur og samkeppnisiðnaður búi nú við nokkuð hagstætt rekstrarumhverfi, en ýmsar greinar útflutningsiðnaðar eru enn í kreppu.

Til að treysta atvinnurekstur voru að frumkvæði ríkisstjórnarinnar stofnaðir tveir opinberir sjóðir: Atvinnuþryggingarsjóður, sem stofnaður var í október 1988, og Hlutfjárssjóður Bygðastofnunar í mars 1989. Atvinnuþryggingarsjóður tók þátt í að breyta lausaskuldum útflutningsfyrirtækja í föst lán, og Hlutfjárssjóður stuðlaði að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækja með hlutabréfakaupum. Útborgun Atvinnuþryggingarsjóðs var metin á um 5,6 mrð. króna í árslok 1989, en enn eru nokkur loforð óafgreidd. Hlutabréfasjóður hefur nú keypt hlutabréf fyrir tæpar 700 m.kr., en heildarstærð fjárhagslegrar endurskipulagningar á hans vegum er 1.713 m.kr.

Ekki liggja enn fyrir nákvæmar upplýsingar um hag atvinnuveganna. Athuganir Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1988 benda til þess, að rekstrarhalli á atvinnurekstri í heild hafi verið um 2% af tekjum. Samdráttur í efnahagslífinu og hærri raunvextir leiddu til fjölgunar á gjaldþrotaskiptum, og tók borgarfégetaembættið í Reykjavík 512 bú

til gjaldprotaskipta á árinu 1989 samanborið við 456 árið 1988 og 351 á árinu 1987. Afkoma batnaði verulega á árinu 1989, en þó telur Þjóðhagsstofnun, að yfir heildina litið hafi enn verið nokkur rekstrarhalli. Hagur útflutningsfyrirtækja batnaði, eftir því sem leið á árið, og upplýsingar um afkomu fiskvinnslu frá því í febrúar 1990 sýna um 1,7% hagnað miðað við 6% ávöxtunarkröfu stofnfjármagns.

Kjarasamningar

Lög um launastöðvun, sem sett voru 26. ágúst og 28. september 1988, gengu úr gildi 15. febrúar 1989, samtímis því sem laun hækkuðu um 1,25% samkvæmt ákvæðum sömu laga. Flestir kjarasamningar voru lausir um áramótin 1988-89, og af þeim sökum voru verkalýðsfélögin með lausa samninga á fyrstu mánuðum ársins. Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði gengu mjög treglega, og því var fyrsti kjarasamningurinn gerður á milli ríkisins og BSRB í byrjun apríl. Í þeim kjarasamningi var gert ráð fyrir þremur föstum krónutöluhækkunum, samtals kr. 4.500, auk launaflokkabreytinga, sérstakra orlofsgreiðslna og desemberuppbótar. Talið var, að þessi kjarasamningur hafi jafngilt um 10% launahækkun á 9 mánuðum. Í byrjun maí undirrituðu ASÍ og VSÍ samkomulag um kjaramál, sem gildi til 31. desember 1989 með svipuð launaákvæði og samningur BSRB og ríkisins. Í kjölfar 6 vikna verkfalls var gerður kjarasamningur milli BHMR og ríkisins hinn 18. maí, og gildir hann til 31. desember 1994, en er uppsegjanlegur eftir 30. september 1990 með eins mánaðar fyrirvara. Í samningnum var kveðið á um nýja launatöflu og prósentuhækkanir, sem talið er að hafi fært launþegum innan BHMR tæplega 12% launahækkun frá því í maí og þar til í desember 1989, og gildir hann með frekari hækkunum til 15. september 1990.

Tekjur og kaupmáttur

Samkvæmt bráðabirgðatölum frá Kjararannsóknanefnd voru greidd dagvinnulaun landverkafólks í ASÍ að jafnaði liðlega 13% hærri á árinu 1989 en 1988. Hækkun framfærslukostnaðar varð liðlega 21% á sama tíma, og því lækkaði kaupmáttur launatekna verkafólks um 6-7%. Frá 1987 til 1989 rýrnaði kaupmáttur heildarlauna landverkafólks ASÍ um 8%, en hafði aftur á móti aukist um liðlega 19% frá 1986 til 1987. Kaupmáttur heildarlauna varð á árinu 1989 á móti og á árinu 1982 og um 6% hærri en meðalkaupmáttur á árunum 1980 til 1988. Almennar launahækkanir urðu 12,7% á árinu 1989, ef miðað er við launavísitölu Hagstofu, en hún tekur tillit til launabreytinga starfsmanna ríkis og bæja og bankamanna auk landverkafólks ASÍ. Framfærsluvísitalan hækkaði um tæplega 24% á sama tíma, og því lækkaði kaupmáttur launa á þennan mælikvarða um tæplega 9% frá desember 1988 til desember 1989.

Tafla II.6. Tekjuþróun.
(1980=100. Ársmeðaltöl)

	1980-89	1984-86	1985	1986	1987	1988	1989
Kaupmáttur greidds tímakaups ¹⁾	96,6	96,1	83,2	90,7	108,2	110,0	102,7
Kaupmáttur atvinnutekna á ársverk ²⁾	92,2	90,7	81,2	87,1	100,3	101,3	96,5
Kaupmáttur ráðstöfunartekna ³⁾	111,2	117,2	103,0	112,0	138,0	134,0	124,0
Þjóðartekjur á ársverk	99,9	101,1	95,7	101,0	105,6	105,9	102,5

1) Miðað er við upplýsingar frá Kjararannsóknanevnd og breytingar á framfærsluvísitölu.


2) Miðað er við breytingar á verðvísitölu einkaneyslu. Upplýsingar um árin 1988 og 1989 eru til bráðabirgða.

3) Þ.e. heildartekjur á mann að frádrögnum sköttum. Kaupmáttur miðast við framfærslukostnað.

Kaupmáttur atvinnutekna á mann varð um 6,5% minni á árinu 1989 en 1988. Þar eð heildarskattbyrði, þ.e. skatttekjur sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, jókst um 1,5% milli ára, er talið, að kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hafi fallið um 8,0%. Kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur því fallið um 10% á sl. tveimur árum. Samdráttur tekna varð minni á mælikvarða þjóðartekna á ársverk eða 3,2%. Þetta bendir til þess, að veruleg hagræðing hafi átt sér stað í atvinnulífínu á undanförunum tveimur árum, þ.e. að framleiðni vinnuafslsins hafi vaxið. Þetta eru góð tíðindi, sérstaklega í ljósi þess, að á fyrri samdráttarskeiðum, t.d. 1983, var áberandi, að framleiðni vinnuafsls minnkaði. Atvinnuleysi er óhjákvæmilega fylgifyrirkomur samdráttar og meiri framleiðni. Atvinnuleysi á árinu 1989 samsvaraði um 2.100 ársverkum, sem er 1.300 ársverkum fleira en 1988. Atvinnuleysi hefði þó getað orðið meira, ef ekki hefði komið til minni atvinnuþátttaka, sem sennilega má rekja til brottflutnings og aukinnar skólagöngu.

Í upphafi árs 1989 voru í gildi lög um verðstöðvun, sem komið var á í ágúst 1988, en við gildistöku þeirra dró verulega úr verðbólgu eins og sjá má af töflu II.7. En þrátt fyrir verðstöðvunina, sem aflétt var 1. mars, kom til talsverðra hækkana á framfærsluvísitölu í ársbyrjun vegna breytinga á óbeinum sköttum og 5% gengisfellingar. Þannig jókst verðbólga miðað við 4 mánaða miðsetta hækkun framfærsluvísitölu úr 10,7% í desember í 19,9% í janúar. Við afnám verðstöðvunar og frekari gengisfellingar jókst verðbólga enn og komst hæst í 34% miðað við 4 mánaða miðsetta hækkun í maí. Yfir sumarmánuðina dró heldur úr verðhækkunum, og var verðbólgan á síðari hluta ársins um 20% á ársgrundvelli, ef miðað er við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar.

Verðlag



Tafla II.7. Verðbólgustig.

4 mán. miðsett hækkun framfærslukostnaðar á ársgrundvelli:

	1986	1987	1988	1989
Janúar	21,1	20,1	24,8	19,9
Febrúar	14,2	21,8	22,8	27,1
Mars	9,6	18,0	15,9	28,1
Apríl	4,4	19,9	24,9	34,0
Mái	10,7	20,8	34,6	26,0
Júní	12,4	24,8	37,5	23,1
Júlí	10,7	24,5	33,1	23,2
Ágúst	10,0	23,3	21,7	19,8
September	15,3	28,7	10,1	22,6
Október	14,5	26,8	3,9	25,5
Nóvember	18,5	36,5	7,3	20,0
Desember	22,1	33,3	10,7	18,5

Meðaltalshækkun á milli ára:

Framfærsluvísitala	21,3	18,8	25,5	21,1
Byggingarvísitala	24,5	17,6	17,9	22,2
Lánskjaravísitala	24,6	17,4	23,4	18,4

Hækkun yfir árið:

Framfærsluvísitala	12,8	24,1	19,4	23,7
Byggingarvísitala	17,2	16,2	20,5	27,3

Verðlag miðað við framfærsluvísitölu var að jafnaði um 21,1% hærra 1989 en 1988 samanborið við 25,5% hækkun frá 1987 til 1988. Hins vegar varð hækkun framfærsluvísitölu meiri frá upphafi til loka árs 1989 en 1988 eða 23,7% samanborið við 19,4%. Vísitala byggingarkostnaðar mældi heldur meiri verðbólgu en framfærsluvísitalan eða um 22,2%, sé miðað við ársmeðaltal. Frá janúar 1989 til janúar 1990 nam hækkun byggingarvísitölu 27,3%, en 2-3% þeirrar hækkunar má

rekja til upptöku virðisaukaskatts. Eins og fram kemur í yfirlitstöflunni um verðlag varð hækkun lánskjaravísitölu milli ársmeðaltala 18,4% 1989, sem er talsvert minna en hækkun byggingar- og framfærsluvísitölu. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga, að um áramótin fékk launavísitalan þriðjungs vægi í lánskjaravísitölu, en á árinu 1989 hækkðu laun ekki til jafns við verðlag. Með þeirri breytingu er ekki lengur unnt að nota lánskjaravísitölu sem samveginn mælikvarða almenns verðlags vöru og þjónustu.

**Þróun utanríkis-
viðskipta og greiðslu-
jafnaðar**

III. UTANRÍKISVIÐSKIPTI OG GREIÐSLUJÖFNUÐUR


Þróunin í utanríkisviðskiptum Íslendinga á árinu 1989 einkenndist af þeim samdráttaráhrifum, sem almennt gætti í efnahagsmálum á árinu, en hófust á árinu 1988, einkum síðari hluta þess, og að auki leiddi lækkandi raungengi krónunnar til minnkandi eftirspurnar á innflutningi. Gjaldeyrisverðmæti vöruútflutnings jókst um 3,3% miðað við árið áður, en verðmæti vöruinnflutnings dróst saman um 6,9%. Á árinu 1988 jókst verðmæti vöruútflutnings um 1,8%, en verðmæti vöruinnflutnings dróst saman um 1,3%. Vöruskiptajöfnuður 1989 varð jákvæður um 7.469 m.kr., sem svarar til 2,5% af VLF (vegri landsframleiðslu), og er það mikil breyting frá árinu áður, en þá varð vöruskiptajöfnuður neikvæður um 0,1% af VLF. Halli á þjónustujöfnuði varð hins vegar 4,1% af VLF á móti 3,5% árið áður. Halli á viðskiptajöfnuði reyndist því 1,6% af VLF á móti 3,6% árið áður. Fjármagnsjöfnuður skilaði miklum afgangi á árinu vegna mikils innstreymis langtímalána umfram afborganir af þeim, og nægði það til þess að jafna viðskiptahallann ásamt því að bæta gjaldeyrisstöðuna um 3.796 m.kr., sem svarar til 1,3% af VLF. Tafla III.1 sýnir helstu þætti greiðslujafnaðar 1986-1989, þar sem tölur fyrri ára hafa verið umreiknaðar til meðalgengis ársins 1989 samkvæmt gengisvísitölu viðskiptavogar¹⁾.

*Tafla III.1. Greiðslujafnaðaryfirlit.
(Í m.kr. á meðalgengi 1989)*

	1986	1987	1988	1989
Innfluttar vörur fob	-61.031	-79.036	-77.960	-72.603
Útfluttar vörur fob	66.957	76.211	77.546	80.072
Vöruskiptajöfnuður	5.926	-2.825	-414	7.469
Þjónustujöfnuður	-5.101	-7.565	-11.211	-12.084
Viðskiptajöfnuður	825	-10.390	-11.625	-4.615
Framlög án endurgjalds	238	-34	-53	-185
Fjármagnsjöfnuður	5.755	13.605	11.101	7.778
Skekkjur og vantalið	-1.784	-4.050	-100	818
Heildargreiðslujöfnuður	5.034	-869	-677	3.796
Viðskiptajöfnuður í % af VLF ..	0.3	-3.5	-3.6	-1.6

1) Allur talnasamanburður árána 1988 og 1989 í þessum kafla er gerður á sambærilegu gengi, annaðhvort á meðalgengi eða árslokagengi 1989, eftir því sem við á, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Útflutningur




Eins og fyrr greinir jókst gjaldeyrisverðmæti vöruútflutnings um 3,3% á árinu 1989 samanborið við 1,8% aukningu árið áður. Á árinu 1989 varð mikill samdráttur í útflutningi flugvéla, vegna þess hve óvenjulega mikið var selt úr landi af flugvélum á árinu 1988. Sé útflutningsverðmæti skipa og flugvéla dregið frá útflutningi beggja árána 1988 og 1989, varð 5,5% aukning á öðrum útflutningi 1989 miðað við árið áður. Útflutningsverðmæti sjávarafurða jókst um 3,1%, og varð aukningin hlutfallslega mest í útflutningsverðmæti skreiðar, en að krónutölu í útflutningi frystra botnfisksafurða. Samdráttur varð í útflutningsverðmæti lýsis, mjöls, saltfisks, skelfisks og saltsíldar. Útflutningsverðmæti iðnaðarvara jókst um 13,4%, og varð aukningin hlutfallslega mest í útflutningsverðmæti áls. Útflutningsverðmæti landbúnaðarafurða jókst um 1,8%. Tafla III.2 sýnir skiptingu útflutnings á helstu vöruflokka sl. fimm ár, og hafa tölur fyrri ára verið umreiknaðar til gengis 1989 samkvæmt gengisvísitölu viðskiptavogar. Taflan sýnir einnig hlutfallslega breytingu á útflutningsverðmæti ársins 1989 miðað við 1988. Verðmæti sjávarafurða í heildarvöruútflutningi nam 71%, sem er sama hlutfall og árið áður.

Tafla III.2. Útflutningur helstu vöruflokka.
(Fob.-verð í m.kr. á meðalgengi ársins 1989)

						Breyting
	1985	1986	1987	1988	1989	í % '88-'89
Sjávarafurðir	43.271	51.566	57.905	55.102	56.812	3,1
Par af: Saltfiskur	6.378	8.613	12.368	11.368	9.697	-14,7
Skreið	307	1.339	1.554	726	945	30,2
Frystur botnfiskur	18.597	19.597	21.167	19.890	22.752	14,4
Lýsi	2.520	1.523	1.053	1.700	999	-41,2
Mjöl	3.467	3.976	3.165	4.641	3.933	-15,3
Humar, rækja og hörpudiskur	4.599	7.227	6.754	6.074	5.438	-10,5
Saltsíld	1.510	1.100	1.203	1.332	1.246	-6,4
Landbúnaðarafurðir	816	870	1.447	1.344	1.368	1,8
Iðnaðarvörur	12.992	13.211	15.301	17.381	19.709	13,4
Par af: Ál	5.730	6.142	7.295	8.332	10.290	23,5
Kísiljárn	2.092	1.988	2.115	3.041	3.027	-0,4
Aðrar iðnaðarvörur	5.170	5.084	5.890	6.008	6.392	6,4
Aðrar vörur	812	1.318	1.534	3.718	2.183	-41,3
Útflutningur alls	57.890	66.967	76.188	77.546	80.072	3,3

Birgðir útflutningsvara

Tafla III.3 sýnir verðmæti útflutningsvörubirgða í árslok sl. fimm ár miðað við verðlag í lok hvers árs, umreiknað til árslokagengis 1989 samkvæmt gengi SDR. Af henni má ráða, að sala afurða gekk greiðlega 1986-1987 og 1989 eftir talsverða birgðasöfnun 1988.



Tafla III.3. Útflutningsvörubirgðir í árslok.
(Í m.kr. miðað við gengi SDR í árslok 1989)


	1985	1986	1987	1988	1989
Freðfiskur	2.244	707	1.835	3.037	2.308
Saltfiskur	0	180	571	796	373
Skreið	3.290	748	92	233	250
Aðrar sjávarafurðir	2.937	2.491	2.533	2.893	2.933
<i>Sjávarafurðir samtals</i>	<i>8.471</i>	<i>4.126</i>	<i>5.031</i>	<i>6.960</i>	<i>5.864</i>
Landbúnaðarafurðir	511	411	1.083	384	304
Ál	689	742	313	446	255
Kísiljárn	267	296	140	176	533
Kísilgúr	67	77	75	38	54
	10.005	5.652	6.641	8.004	7.010

Þróun innflutnings

Tafla III.4 sýnir fob-verðmæti innflutnings 1988 og 1989 skipt á nokkra helstu liði og hlutfallslegar breytingar á árinu 1989 miðað við árið áður. Sést þar, að verðmæti vöruinnflutnings hefur dregist saman um 6,9% á árinu á móti 1,4% samdrætti árið áður. Almennur innflutningur dróst saman um 8,5%, en verðmæti olíuvöruinnflutnings jókst um 30,2%, og varð því 11,3% samdráttur á almennum innflutningi að frádregnum olíuvörum. Innflutningur sérstakra fjárfestingarvara dróst saman um 7,4%, eingöngu vegna skipakaupa, sem minnkuðu úr 6.700 m.kr. í 2.732 m.kr., en flugvélakaup jukust hins vegar úr 97 m.kr. í 3.109 m.kr.

Tafla III.4. Vöruinnflutningur.
(Fob-verð í m.kr. á meðalgengi 1989)

	1988	1989	Breyting
			í %
Innflutningur alls, fob	77.960	72.603	-6,9
Sérstakar fjárfestingarvörur	6.941	6.429	-7,4
Skip og flugvélar	6.797	5.841	-14,1
Vegna Landsvirkjunar	144	588	...
Rekstrarvörur v/álbræðslu	2.835	3.607	27,2
Rekstrarvörur v/járnblendiverksmiðju	670	792	18,2
Almennur innflutningur	67.514	61.775	-8,5
(Par af olía)	(4.600)	(5.990)	(30,2)



Tafla III.5 sýnir mánaðarlegan almennan innflutning 1988 og 1989, skipt á olíuvöruinnflutning og annan almennan innflutning á mánaðarlegu meðalgengi ársins 1989, þ.e. tölur fyrir hvern mánuð 1988 hafa verið umreiknaðar til sambærilegs meðalgengis sama mánaðar 1989. Tölur í þessari töflu eru á cif-verði, en tölur í töflu III.4 eru innflutningstölur á fob-verði. Verður þetta og munur, sem er á gengisumreikningi, til þess að valda því misræmi, sem gætir milli talna í þessum töflum. Innflutningur dróst saman á þremur fyrstu fjórðungum ársins miðað við árið áður, en þó mest á fyrsta ársfjórðungi. Á síðasta fjórðungi ársins jókst innflutningur lítið eitt miðað við árið áður, og olli því eingöngu aukinn olíuinnflutningur, sem oft sveiflast umtalsvert.

Tafla III.5. Almennur innflutningur.
(Cif-verð í m.kr. á mánaðarlegu meðalgengi 1989)

	1988			1989			Hlutfallsbreytingar %		
	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls
Janúar	34	3.480	3.514	290	3.645	3.935	752,9	4,7	12,0
Febrúar	437	5.763	6.200	384	4.193	4.577	-12,1	-27,2	-26,2
Mars	576	6.386	6.962	404	4.388	4.792	-29,9	-31,3	-31,2
Apríl	329	4.629	4.958	668	4.678	5.346	103,0	1,1	7,8
Máí	396	6.702	7.098	455	5.343	5.798	14,9	-20,3	-18,3
Júní	449	6.583	7.032	628	5.505	6.133	39,9	-16,4	-12,8
Júlí	249	6.264	6.513	636	5.306	5.942	155,4	-15,3	-8,8
Ágúst	532	5.844	6.376	372	5.063	5.435	-30,1	-13,4	-14,8
Sept.	658	5.740	6.398	474	5.236	5.710	-28,0	-8,8	-10,8
Okt.	671	5.849	6.520	1.064	5.904	6.968	58,6	0,9	6,9
Nóv.	240	6.630	6.870	752	6.642	7.394	213,3	0,2	7,6
Des.	417	6.661	7.078	360	6.320	6.680	-13,7	-5,1	-5,6
	4.988	70.531	75.519	6.487	62.223	68.710	30,1	-11,8	-9,0
I. ársfj.	1.047	15.629	16.676	1.078	12.226	13.304	3,0	-21,8	-20,2
II. ársfj.	1.174	17.914	19.088	1.751	15.526	17.277	49,1	-13,3	-9,5
III. ársfj.	1.439	17.848	19.287	1.482	15.605	17.087	3,0	-12,6	-11,4
IV. ársfj.	1.328	19.140	20.468	2.176	18.866	21.042	63,9	-1,4	2,8

Skipting inn- og útflutnings eftir löndum

Tafla III.6 sýnir skiptingu vöruinnflutnings og vöruútflutnings eftir markaðssvæðum. Helstu breytingar á skiptingu innflutnings eftir markaðssvæðum urðu þær, að innflutningur frá EFTA-löndum dróst saman úr 22,2% af heildarinnflutningi 1988 í 19,1% 1989, en hlutdeild Norður-Ameríku jókst úr 7,9% 1988 í 11,5% 1989, og gætir þar gengisaðlögunar dollars. Hlutdeild Austur-Evrópulanda jókst úr 5,5% í 6,5% af vöruinnflutningi.

*Tafla III.6. Skipting inn- og útflutnings eftir löndum.
(Í prósentum af heildarinn- og útflutningi)*

	1985	1986	1987	1988	1989
Innflutningur:					
EFTA	22,0	20,6	20,6	22,2	19,1
EBE	49,5	52,9	52,1	51,5	51,1
Austur-Evrópa	8,8	6,5	5,8	5,5	6,5
Norður-Ameríka	7,2	7,4	7,5	7,9	11,5
Önnur lönd	12,5	12,6	14,0	12,9	11,8
Útflutningur:					
EFTA	14,2	10,1	8,2	10,0	11,0
EBE	39,3	54,1	57,4	58,9	56,4
Austur-Evrópa	7,8	5,5	4,7	5,4	5,0
Norður-Ameríka	27,3	22,0	18,5	13,9	14,6
Önnur lönd	11,4	8,3	11,2	11,8	13,0

Helstu breytingar á skiptingu útflutnings eftir markaðssvæðum urðu þær, að útflutningur til EBE-landa dróst saman úr 58,9% af heildarútflutningi 1988 í 56,4% 1989, en hlutdeild EFTA-landa jókst úr 10% af heildarútflutningi 1988 í 11% 1989 og hlutdeild Norður-Ameríku úr 13,9% í 14,6%. Ef litið er á hlutdeild einstakra landa í vöruútflutningi á árinu 1989, er Bretland nú þriðja árið í röð í fyrsta sæti með 20,8% af heildarútflutningi og Bandaríkin í öðru sæti með 14,3%. Þriðja mikilvægasta útflutningslandið er Þýskaland með 11,9% af vöruútflutningi, þá kemur Japan með 7,1%, Frakkland með 5,7%, Sviss með 5,5% og Portúgal með 4,3%. Hlutdeild nokkurra helstu viðskiptalanda okkar í vöruinnflutningi var sem hér segir á árinu 1989: Vestur-Þýskaland 13,1%, Bandaríkin 11,0%, Holland 10,4%, Danmörk 9,1%, Noregur 6,6% og Japan 4,9%.

Vöruskiptajöfnuður

Vöruskiptajöfnuður 1989 varð jákvæður um 7.469 m.kr. samanborið við 414 m.kr. neikvæðan jöfnuð 1988 umreiknað til meðalgengis 1989 og batnaði því frá árinu áður um 7.883 m.kr. samkvæmt beinum greiðslujafnaðartölum. Sé vöruskiptajöfnuður þessara ára leiðréttur fyrir breytingu útflutningsvörubirgða, sem minnkuðu um 711 m.kr.

1989, en jukust um 1.913 m.kr. 1988, reyndist vöruskiptajöfnuður þannig leiðréttur jákvæður um 6.758 m.kr. 1989 á móti 1.499 m.kr. 1988 eða 5.259 m.kr. hagstæðari en árið áður, og sé þar að auki sveiflum í inn- og útflutningi sérstakra fjárfestingarvara jafnað milli ára með meðaltali síðustu þriggja ára, reynist hann 6.306 m.kr. hagstæðari 1989 en 1988. Birgðabreytingin er hér reiknuð á meðalgengi ársins 1989 bæði árin. Landbúnaðarafurðum, þar með taldar afurðir laxeldis, er sleppt, enda vandkvæðum bundið að meta verðmæti þeirra.


Þjónustujöfnuður

Tafla III.7 sýnir helstu liði þjónustujafnaðar og samanburð þeirra 1988 og 1989 ásamt hlutfallslegri breytingu.

Tafla III.7. Þjónustujöfnuður.
(Í m.kr. á meðalgengi 1989)

	1988	1989	Breyting í % 1988-1989
Þjónustujöfnuður	-11.211	-12.084	
Innflutt þjónusta alls	-40.878	-42.850	4,8
Útflutt þjónusta alls	29.667	30.766	3,7
Útgjöld til ferða- og dvalarkostnaðar	-12.452	-11.712	-5,9
Tekjur af erlendum ferðamönnum	5.885	6.242	6,1
Útgjöld vegna samgangna	-11.090	-10.263	-7,5
(Þar af v/ísl. flugfélaga)	(-5.377)	(-4.732)	(-12,0)
Tekjur af samgöngum	11.378	11.112	-2,3
(Þar af v/ísl. flugfélaga)	(6.524)	(4.802)	(-26,4)
Vaxtagjöld og arðgreiðslur	-11.481	-14.568	26,9
Vaxtatekjur og arðgreiðslur	1.203	1.617	34,4
Útgjöld vegna trygginga	-2.043	-1.640	-19,7
Tekjur af tryggingum	1.358	900	-33,7
Tekjur af varnarliði nettó	6.426	7.308	13,7
Ýmis útgjöld	-3.811	-4.667	22,5
(Þar af v/álbræðslu)	(-470)	(-340)	(-27,7)
Ýmsar tekjur	3.417	3.587	5,0
Þjónustujöfnuður án vaxta	-933	867	
Innflutt þjónusta	-29.397	-28.282	-3,8
Útflutt þjónusta	28.464	29.149	2,4
Vaxtajöfnuður	-10.278	-12.951	
Vaxtagjöld	-11.481	-14.568	26,9
Vaxtatekjur	1.203	1.617	34,4

Þjónustutekjur námu í heild 30.766 m.kr., og er það aukning um 3,7% frá fyrra ári. Þjónustugjöld námu í heild 42.850 m.kr., sem er aukning um 4,8% frá fyrra ári. Þjónustujöfnuður varð því neikvæður



Viðskiptajöfnuður

um 12.084 m.kr., sem svarar til 4,1% af VLF. Þetta er lakari útkoma en árið áður, en þá reyndist þjónustujöfnuður neikvæður um 11.211 m.kr., sem svarar til 3,5% af VLF, og er það eingöngu vegna aukins vaxtakostnaðar. Vaxtagjöld jukust um 26,9%, en vaxtatekjur um 34,4%, og sýndi vaxtajöfnuður því 2.673 m.kr. lakari útkomu en árið áður. Þjónustujöfnuður án vaxta varð jákvæður um 867 m.kr. á móti 933 m.kr. neikvæðum jöfnuði 1988, sem er þannig 1.800 m.kr. betri útkoma en árið áður. Nettótekjur af varnarliði jukust um 882 m.kr., nettótekjur af samgöngum um 561 m.kr., og nettógjöld vegna ferða- og dvalarkostnaðar lækkuðu um 1.097 m.kr. Um aðra liði þjónustujafnaðar vísast til töflu III.7.


Viðskiptajöfnuður reyndist samkvæmt beinum greiðslujafnaðartölum neikvæður um 4.615 m.kr. sem jafngildir 1,6% af VLF. Árið áður var viðskiptajöfnuður á sama hátt neikvæður um 11.625 m.kr. eða 3,6% af VLF. Sé viðskiptajöfnuður árána 1988 og 1989 hins vegar leiðréttur fyrir breytingu útflutningsvörubirgða og sveiflum í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara jafnað milli ára eins og nánar var útskýrt í sambandi við vöruskiptajöfnuð hér að framan, reyndist viðskiptajöfnuður 1989 neikvæður um 4.683 m.kr. eða einnig 1,6% af VLF, en viðskiptajöfnuður 1988, leiðréttur á sama hátt, neikvæður um 10.116 m.kr. eða 3,2% af VLF.

Framlög án endurgjalds

Framlög án endurgjalds, en til þeirra teljast eignayfirfærslur, rekstrarframlög til alþjóðastofnana, gjafafé og aðrar greiðslur án endurgjalds, urðu neikvæð um 185 m.kr. á árinu 1989 á móti 53 m.kr. árið áður.

Fjármagnsjöfnuður

Fjármagnsjöfnuður er yfirlit yfir allar lántökur erlendis og afborganir af þeim svo og eigið fjármagn til fjárfestingar, bæði Íslendinga erlendis og útlendinga hér á landi, og ýmsar aðrar fjármagnshreyfingar. Lánahreyfingum er annars vegar skipt í lántökur til lengri tíma en eins árs og hins vegar skammtímalánahreyfingar. Bráðabirgðatölur um fjármagnsjöfnuð við útlönd sýna, að hreint innstreymi fjármagns til landsins hafi numið um 7,8 mrð.kr. á árinu 1989 samanborið við 11,1 mrð.kr. innstreymi á árinu 1988. Hreint fjármagnsinnstreymi er því um þriðjungum minna á árinu 1989, en þar sem hallinn á viðskiptum við útlönd nam aðeins um 4,6 mrð.kr., batnaði gjaldeyrisstaða þjóðarinnar um 3,8 mrð.kr. Á árinu 1988 nam viðskiptahallinn 11,6 mrð., og þá rýrnaði gjaldeyrisstaðan um 0,7 mrð.kr. reiknað á meðalgengi 1989. Tafla III.8 sýnir helstu liði fjármagnsjafnaðar 1988 og 1989 á meðalgengi ársins 1989.



*Tafla III. 8. Fjármagnsjöfnuður.
(Í m.kr. á meðalgengi 1989)*

	1988	1989
Fjármagnsjöfnuður	11.101	7.778
Eigið fjármagn nettó	-820	-1.864
Eigið fé til fjárfestingar	171	-73
Eigið fé til rekstrar	-991	-1.791
Hreint innstreymi langra lána	12.166	15.945
Innkomin lán alls	20.620	25.165
Afborganir af lánum alls	-8.454	-9.220
Stuttar lánahreyfingar	714	-5.944
Opinberir aðilar	49	7
Lánastofnanir	4.118	-8.009
Einkaaðilar	-3.453	2.058
Aðrar fjármagnshreyfingar	-959	-359
Lausafjárstaða bankanna	-929	-307
Annað	-30	-52

Það, sem einkennir helst fjármagnsjöfnuðinn á árinu 1989, eru miklar erlendar lántökur til langs tíma, en á móti drögust erlend skammtímalán saman, og stafar það bæði af skuldbreytingu þeirra í löng lán og samdrætti þjóðarútgjalda. Tafla III.9 sýnir hreyfingar langra erlendra lána á árinu 1989 skipt á helstu lántakendur, opinbera aðila, lánastofnanir og einkaaðila, eftir því hverjir eru frumlántakendur, en lánastofnanir hafa aðeins milligöngu um erlendar lántökur fyrir aðra, aðallega atvinnufyrirtæki einkaaðila. Til samanburðar eru sýndar tölur fyrir árið 1988 umreiknaðar til meðalgengis 1989. Langar erlendar lántökur námu um 25,1 mrð.kr. á árinu 1989, en afborganir 9,2 mrð.kr., þannig að hreint innstreymi langra lána nam 15,9 mrð.kr. samanborið við 12,2 mrð.kr. árið áður.

Tafla III.9. Hreyfing langra erlendra lána.
(Í m.kr. á meðalgengi 1989)

	Innkomið		Afborganir		Nettóaukning	
	1988	1989	1988	1989	1988	1989
Opinberir aðilar	6.114	9.209	2.270	2.758	3.844	6.451
Lánastofnanir	12.253	12.399	3.585	4.517	8.668	7.882
Einkaaðilar	2.253	3.557	2.599	1.945	-346	1.612
Samtals	20.620	25.165	8.454	9.220	12.166	15.945

Sex milljarða útstreymi varð á stuttum lánahreyfingum við útlönd á árinu 1989, og munar þar mestu um 8 mrð.kr. endurgreiðslu á skammtímalánum viðskiptabankanna, en aftur á móti varð um 2 mrð.kr. innstreymi á skammtímalánum einkaaðila. Skammtímalán viðskiptabankanna jukust samtals um 8 mrð.kr. á árunum 1987 og 1988, og stafaði aukningin m. a. af fjármögnun afurðalána, en einnig hafa bankarnir í ríkara mæli haft milligöngu um vörukaupalán innflytjenda og bráðabirgðalánveitingu til nýsmíða og endurbóta fiskiskipa. Innstreymi á skammtímalánum einkaaðila stafar að miklu leyti af samdrætti í ógreiddum útflutningi, sem minnkaði um 1,2 mrð.kr. á árinu 1989. Bein vörukaupalán innflytjenda jukust aðeins um 90 m.kr., og aðrar skammtímahreyfingar einkaaðila voru jákvæðar um 0,8 mrð.kr.

Útstreymi á eigin fjármagni til fjárfestingar nam 1,9 mrð.kr. á árinu 1989 samanborið við 820 m.kr. útstreymi 1988. Þetta útstreymi stafar aðallega af endurgreiðslu Íslenska álfélagsins á skammtímafjármagni vegna birgðahalds og rekstrar á undanförunum árum. Hreint útstreymi á öðru eigin fjármagni til fjárfestingar nam 73 m.kr. á árinu 1989 samanborið við 171 m.kr. innstreymi 1988. Útstreymi á öðrum fjármagnsliðum varð 359 m.kr. á árinu 1989 samanborið við 959 m.kr. 1988, sem stafar að mestu leyti af aukningu á erlendri lausafjárstöðu innlánsstofnana.


Erlend skuldastaða og greiðslubyrði þjóðarbúsins

Hrein staða þjóðarbúsins út á við samanstendur af öllum erlendum skuldum Íslendinga að frádregnum kröfum þeirra á útlönd, að undanskildu eigin fjármagni til fjárfestingar. Hrein skuldastaða við útlönd endurspeglar því nokkurn veginn samanlagðan viðskiptahalla, en aðeins tvisvar frá árinu 1970 hefur náðst jöfnuður í viðskiptum við útlönd, þ. e. á árunum 1978 og 1986. Í árslok 1989 nam hrein skuldastaða við útlönd 156,6 mrð.kr., en reiknað á meðalgengi ársins nam hún 142,0 mrð.kr., sem er 48,3% af vergri landsframleiðslu 1989 samanborið við 41,8% 1988. Þessi hækkun á hlutfallinu stafar nær eingöngu af lækkun á raungengi krónunnar og samdrætti landsframleislu, því að raunaukning hreinnar skulda við útlönd

var aðeins um 1% á árinu 1989 og hún veldur aðeins 0,5% hækkun á skuldahlutfallinu. Staða langra erlendra lána og hrein skuldastaða eru sýndar í töflu III.10 ásamt viðskiptajöfnuði og hreinum vaxta-greiðslum til útlanda í hlutfalli við verga landsframleiðslu á árunum 1980-89.

Tafla III.10. Staða þjóðarbúsins gagnvart útlöndum.
Í hlutfalli (%) af vergri landsframleiðslu.

	Löng erlend lán				Hrein skulda- staða	Við- skipta- jöfnuður	Hreinar vaxta- greiðslur
	Opinb. aðilar	Lána stofn.	Einka- aðilar	Alls			
1980	19,4	5,4	5,0	29,9	27,9	-2,0	-2,6
1981	19,5	5,8	5,5	30,8	27,3	-4,2	-3,3
1982	25,2	7,9	5,9	39,0	39,5	-8,1	-3,3
1983	32,4	10,3	5,9	48,6	47,2	-1,9	-4,6
1984	33,0	10,9	4,6	48,5	49,5	-4,7	-5,2
1985	34,9	11,9	4,3	51,1	52,8	-4,0	-4,7
1986	31,7	11,7	4,1	47,5	45,1	0,4	-3,9
1987	24,8	11,8	3,7	40,3	40,4	-3,5	-3,0
1988	24,3	13,8	3,3	41,4	41,8	-3,6	-3,2
1989	29,0	18,1	4,2	51,3	48,3	-1,6	-4,4



Hrein skuldastaða við útlönd hefur lengst af fylgt stöðu langra erlendra lána, sem þýðir, að jöfnuður hefur verið á skammtíma-skuldum og eignum þjóðarbúsins á undangengnum árum, en á árinu 1989 varð breyting á þessu, þegar mikil aukning varð á löngum erlendum lánnum, en skammtímalán minnkuðu og gjaldeyrisstaða þjóðarinnar batnaði eins og áður segir.

Hreinar vaxtagreiðslur til útlanda, þ.e. vextir bæði langtíma og skammtímalána að frádregnum vaxtatekjum, eru kostnaður þjóðarbúsins af skuldastöðunni við útlönd. Á árinu 1989 námu hreinar vaxtagreiðslur 4,4% af VLF á móti 3,2% árið áður, en þetta hlutfall komst hæst í 5,2% á árinu 1984.

Staða langra erlendra lána var 166,0 mrð.kr. í árslok 1989, en reiknuð á meðalgengi ársins nam hún 150,8 mrð.kr., sem er 51,3% af vergri landsframleiðslu ársins samanborið við 41,4% 1988. Skuldahlutfallið hækkaði því um 9,9% á árinu 1989, og þar af má rekja 3,6% til raunaukningar erlendra lána og 1,6% til samdráttar í landsframleiðslu, en 4,2% stafa af lækkun á raungengi krónunnar og 0,5% af hækkun á gengi Bandaríkjadollars. Á tímabilinu frá 1980 til 1989 hefur skuldahlutfallið hækkað um 21,4% á verðlagi hvers árs, en á föstu verðlagi hækkaði skuldahlutfallið aðeins um 14,8%, þ.e. vegna raunaukn-

ingar erlendra lána að frádregnum hagvexti. Mismunurinn stafar nær eingöngu af misgengi erlendra gjaldmiðla, því að raungengi íslensku krónunnar er aðeins um 2% lægra að meðaltali 1989 en 1980. Áhrif misgengis erlendra gjaldmiðla stafar af ólíku vægi þeirra í gengisvísitölu viðskiptavogar annars vegar og lánaveginni gengisvísitölu hins vegar, þar sem Bandaríkjadollar vegur nú aðeins um 20% í viðskiptum við útlönd, en hann vegur um helming í erlendum skuldum þjóðarinnar eins og sýnt er í töflu III.11.

Tafla III.11. Löng erlend lán, flokkuð eftir gjaldmiðlum og vaxtakjörum þeirra.


Hlutfallsleg skipting lána í lok hvers árs (%).

	1985	1986	1987	1988	1989
Bandaríkjadollarar	52,3	50,5	42,0	45,0	47,3
Sterlingspund	5,9	5,4	5,3	4,8	3,7
Svissneskir frankar	8,7	9,1	13,1	10,8	9,2
V-þýsk mörk	9,7	10,6	16,7	18,3	22,8
Japönsk yen	15,6	15,9	15,0	13,3	10,0
Aðrir	7,8	8,5	7,9	7,8	7,0
Erlend lán alls	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Fastir vextir	50,0	45,9	47,5	40,8	35,5
Breytilegir vextir	50,0	54,1	52,5	59,2	64,5
þ.a. LIBOR-USD	40,0	42,8	36,0	40,9	43,9

Í 8. töflu í töfluyfirlitinu hér að aftan er sýnd staða langra erlendra lána, flokkuð eftir helstu lántakendum þeirra í árslok 1982-1989, ásamt skuldahlutföllum og greiðslubyrði afborgana og vaxta.

Greiðslubyrði af löngum erlendum lánnum nam 19,3% af útflutningstekjum á árinu 1989 samanborið við 16,6% 1988. Greiðslubyrði afborgana nam 8,2% útflutningstekna 1989 og hækkaði úr 7,7% 1988, en vaxtabyrði langra lána hækkaði hlutfallslega meira, úr 8,9% 1988 í 11,1% útflutningstekna 1989. Aukin vaxtabyrði stafar að mestu leyti af hærri meðalvöxtum erlendra lána, sem reiknast vera 8,9% á árinu 1989 samanborið við 7,8% 1988. Meðaltal breytilegra vaxta hækkaði úr 7,3 1988 í 9,1% 1989, en fastra eða langtímavaxta úr 8,3% í 8,5%, en raunvextir í heild úr 4% í 4,4%.

Tafla III.12 sýnir gjaldeyrisviðskipti bankanna, þ.e. gjaldeyriskaup þeirra og gjaldeyrisölu í hverjum mánuði 1988 og 1989, og hafa tölur hvers mánaðar 1988 verið færðar til gengis sama mánaðar 1989. Á árinu í heild jukust gjaldeyriskaup bankanna um 29,7% miðað við árið áður og gjaldeyrisölu um 28,6%.




Tafla III.12. Gjaldeyrisviðskipti bankanna.

(Í m.kr. á gengi í lok hvers mánaðar 1989)

	Keyptur gjaldeyrir		Seldur gjaldeyrir		Gjaldeyriskaup bankanna, nettó	
	1988 ¹⁾	1989	1988 ¹⁾	1989	1988 ¹⁾	1989
Janúar	8.553	13.947	9.045	15.060	-492	-1.113
Febrúar	9.142	17.148	9.887	15.454	-745	1.694
Mars	11.203	18.626	9.741	11.427	1.462	7.199
Apríl	9.763	13.836	10.392	13.860	-629	-24
Máí	11.538	17.846	12.707	16.689	-1.169	1.157
Júní	12.463	12.151	12.938	17.091	-475	-4.940
Júlí	11.763	16.686	10.844	15.068	919	1.618
Ágúst	11.346	13.694	11.842	16.188	-496	-2.494
Sept.	11.855	14.864	10.566	13.876	1.289	988
Okt.	11.755	13.771	11.195	13.978	560	-207
Nóv.	13.989	15.302	15.117	13.376	-1.128	1.926
Des.	15.784	12.630	13.897	15.682	1.887	-3.052
Samtals	139.154	180.501	138.171	177.749	983	2.752

1) Umreiknað til gengis viðkomandi mánaðar 1989 samkvæmt vísitölu viðskiptavogar.

Gjaldeyrisstaða



Tafla III.13 sýnir gjaldeyrisstöðu Seðlabankans sl. fimm ár, þar sem tölur eru umreiknaðar úr erlendri mynt í íslenskar krónur á skráðu gengi í árslok 1989. Í töflu 10 í töfluviðauka er hins vegar að finna yfirlit um gjaldeyrisstöðu sl. tíu ár á því gengi, sem gilti á hverjum tíma. Taflan sýnir einnig erlenda skammtímastöðu innlánsstofnana á sama tímabili.


Tafla III.13. Gjaldeyrisstaða Seðlabankans í árslok.

(Í m.kr. á gengi í árslok 1989)

	1985	1986	1987	1988	1989
Gjaldeyrisforði	14.118	19.928	17.849	17.689	20.742
Gull	136	136	136	136	136
Innstæður í SDR	30	13	152	79	2
Gjaldeyrisstaða við IMF	323	323	323	323	323
Bankainnstæður og verðbréf	13.629	19.456	17.238	17.151	20.281
Gjaldeyris-skuldir	1.861	2.062	1.022	2.186	791
Nettóstaða	12.257	17.866	16.827	15.503	19.951

Í töflu III.13 kemur fram, að gjaldeyrisforði Seðlabankans nam 20.742 m.kr. í árslok, sem svarar til 30,8% af fob-verðmæti almenns vöruinnflutnings, og hafði hækkað úr 23,4% í árslok 1988. Á árinu jókst gjaldeyrisforði Seðlabankans um 3.054 m.kr. reiknað á gengi í árslok samanborið við 160 m.kr. rýrnun 1988. Gjaldeyris-skuldir bankans minnkuðu um 1.395 m.kr., þannig að nettóstaða Seðlabankans batnaði um 4.448 m.kr. reiknað á árslokagengi 1989.

IV. FJÁRMÁL RÍKISSJÓÐS



Halli var á rekstri ríkissjóðs á árinu 1989, fimmta árið í röð. Hallinn var 6,1 mrð.kr. eða 2,1% af vergri landsframleiðslu (VLF), en var 7,1 mrð.kr. eða 2,8% af VLF árið 1988. Tekjur ríkissjóðs árið 1989 voru 80,1 mrð.kr. og hækkuðu um 24% frá fyrra ári. Útgjöld voru 86,1 mrð.kr. og hækkuðu um 20,2% frá fyrra ári. Til samanburðar hækkaði framfærsluvísitala um 21,1% milli 1988 og 1989, byggingarvísitala hækkaði um 23,1%, verðvísitala landsframleiðslu um 19,4% og atvinnutekjur á mann um 13%. Nýjar lánveitingar og hlutafjárkaup ríkissjóðs námu á árinu 0,6 mrð.kr. umfram innheimtar afborganir og hlutafjáröslu. Útstreymi umfram innstreymi á ýmsum skammtímakröfum og skuldbindingum nam 0,9 mrð.kr. Hrein lánsfjárförf ríkissjóðs nam því 7,6 mrð.kr. eða 2,6% af VLF á árinu 1989, en var 9,2 mrð.kr. eða 3,3% af VLF árið áður.

Lántökur utan Seðlabanka urðu 11,0 mrð.kr. á árinu 1989. Þar af voru 5 mrð.kr. teknir að láni erlendis til uppgjors á stöðu í Seðlabanka í byrjun árs, en hreinar lántökur vegna ársins urðu 6,0 mrð.kr. Af þeim voru 0,2 mrð.kr. teknir að láni erlendis umfram afborganir, en 5,8 mrð.kr. innanlands, þar af 5,2 mrð.kr. í formi ríkisvixla. Nánar er gerð grein fyrir greiðsluflæði ríkissjóðs í töflu IV.1. Heildartekjur ríkissjóðs námu 27,2% af VLF árið 1989 samanborið við 25,3% árið 1988, og hækkuðu verulega umfram verðlag þrátt fyrir samdrátt landsframleiðslu og innflutnings og skattaeftirgjöf vegna kjarasamninga. Heildarútgjöld voru 29,3% af VLF í stað 28,1% á árinu 1988. Miðað við verðlag landsframleiðslu samsvarar hækkingun útgjalda um 0,6% raunaukningu, en heldur meira miðað við líklegar verðviðmiðanir einstakra útgjaldaliða.

Fjárlög og skattahækkunir

38


Fjárlög ársins 1989 voru afgreidd með 0,6 mrð.kr. tekjuafgangi. Áætluð umskipti frá 7,2 mrð.kr. halla ársins á undan byggðust fyrst og fremst á auknum sköttum. Tekjuskattshlutfall einstaklinga var hækkað úr 28,5% í 30,8%, en skattleysismörk hækkuð samkvæmt verðlagi. Tekjuskattshlutfall félaga hækkaði úr 48% í 50%. Stað-

Tafla IV.1. Greiðslufirlit ríkissjóðs 1987–1989.

(M.kr. og % af VLF)


	1987	1988	1989	
			Fjárlög	Útkoma
Tekjur	48.963	64.382	77.100	80.001
Gjöld	51.688	71.583	76.464	86.056
Tekjuafgangur	-2.725	-7.201	636	-6.055
Hreinar lánveitingar	972	895	-1.185	655
Veitt ný lán	1.972	2.863	1.340	3.013
Hluta- og áhættufé, kaup	885	119	135	127
Innheimtar afborganir	1.873	2.084	2.660	2.288
Hluta- og áhættufé, sala	12	3	0	197
Viðskiptareikningar, hreint útstreymi	1.824	212	500	889
Hrein lánsfjárbörf	5.521	8.308	-1.321	7.599
Afborganir langtímalána alls utan Seðlab.	2.793	4.388	5.875	6.029
Innlausn spariskírteina	805	2.520	3.120	3.405
Aðrar innlendar afborganir	952	836	1.170	1.142
Afborganir af erlendum lánum	1.036	1.032	1.585	1.482
Verg lánsfjárbörf	8.314	12.696	4.554	13.628
Langtímalántökur alls utan Seðlabanka ..	5.706	9.819	10.435	11.883
Sala spariskírteina	2.144	4.841	5.300	5.060
Aðrar innlendar lántökur	1.407	248	0	160
Erlendar lántökur	2.155	4.230	5.135	6.663
Ríkisvixlar, hreint innstreymi	934	-206	0	5.167
Hreinar lántökur utan Seðlabanka	3.847	4.725	4.560	11.021
Greiðsluafkoma gv. Seðlabanka og sjóði	-1.674	-3.583	5.881	3.422
Hlaupareikningar í Seðlabanka	-1.122	-4.495	5.000	2.649
Skuldabréf í Seðlabanka	-954	646	855	548
Sjóður og aðrir bankareikningar	402	266	26	225
Hlutfall af vergri landsframleiðslu:				
Tekjur	23,5%	25,3%	27,9%	27,2%
Gjöld	24,8%	28,1%	27,7%	29,3%
Tekjuafgangur	-1,3%	-2,8%	0,2%	-2,1%
Hrein lánsfjárbörf	2,7%	3,3%	-0,5%	2,6%
Verg lánsfjárbörf	4,0%	5,0%	1,6%	4,6%
Lántökur utan Seðlabanka:				
Ríkisvixlar, hreint innstreymi	0,4%	-0,1%	-	1,8%
Hrein innlend langtímalántaka	0,9%	0,7%	0,4%	0,2%
Hrein erlend langtímalántaka	0,5%	1,3%	1,3%	1,8%
Jöfnuður gagnvart Seðlabanka og sjóði ..	-0,8%	-1,4%	2,1%	1,2%

Heimildir: Skýrslur fjármálaráðherra til Alþingis 1987–1989.



greiddur tekjuskattur innheimtist fyrir 12 mánuði á árinu 1989, en einungis 11 árið 1988, þar eð innheimta fyrir desember dregst fram yfir áramót. Tekjuskattar áttu samtals að skila 10,5 mrð.kr. árið 1989 á móti 7,8 mrð.kr. árið áður. Eignarskattshlutfall var hækkað úr 0,95% í 1,2% af hreinni eign allt að 7 m.kr. hjá einstaklingum og tvöföldu hjá hjónum, og tekið var upp sérstakt 2,7% skattþrep af eign umfram þessi mörk. Skattfrelismörk í eignarskatti voru hins vegar hækkuð umfram verðlag, eða um 67%. Tekjur ríkissjóðs af eignarskatti einstaklinga voru um 0,6 mrð.kr. árið 1988, en áttu að verða 1,5 mrð.kr. árið 1989. Sérstakur skattur af verslunar-og skrifstofuhúsnæði var tvöfaldaður úr 1,1% í 2,2%. Alls áttu beinir skattar að hækka um rúm 40% eða tæp 25% umfram áætlaðar verðlagsbreytingar. Hækkun beinna skatta umfram verðlag var alls áætluð um 3 mrð.kr.

Stofn vörugjalds var breikkaður verulega og gjaldhlutföllum breytt. Áttu tekjur af gjaldinu að skila 2,9 mrð.kr. í ríkissjóð í stað 0,8 mrð.kr. árið 1988. Bensíngjald átti að hækka um 0,5 mrð.kr. umfram verðlag, og reiknað var með u. þ. b. 1,2 mrð.kr. í auknum rauntekjum af sölu áfengis og tóbaks. Söluskattstekjur voru taldar lækka um u. þ. b. 1 mrð.kr. að raungildi vegna minni veltu, og reiknað var með lækkuðum tekjum af gjaldeyrissölu og lántökum. Alls áttu tekjur af óbeinum sköttum að hækka um 1,5 mrð.kr. umfram verðlagshækkunir, þrátt fyrir að reiknað væri með að um 2 mrð.kr. töpuðust vegna veltusamdráttar. Þynging óbeinna skatta svaraði því til um 3,5 mrð.kr. miðað við óbreytta veltu. Tekjuáætlun fjárlaga markaði því stórt skref til að jafna 7,2 mrð.kr. halla ársins 1988.



Á gjaldahlið var sett það almenna markmið að draga saman rekstrar-gjöld um 4%, einkum með aðhaldi að yfirvinnu og öðrum launagreiðslum. Á móti þessum almenna samdrætti var gert ráð fyrir auknum umsvifum á einstökum sviðum, þannig að áætluð raunlækkun rekstrargjalda var ríflega 3% eða nálægt 1 mrð.kr. Samkvæmt fjárlögum áttu neyslu- og tekjutilfærslur að standa nokkurn veginn í stað að raungildi. Niðurgreiðslur, útflutningsuppbætur, framlag til lánasjóðs námsmanna og endurgreiðsla söluskatts í sjávarútvegi áttu að lækka, en greiðslur til almannatrygginga að hækka. Vaxtagjöld og framlög til viðhalds eigna voru talin hækka sem næst í takt við verðlag, en fjárfestingar áttu að minnka um sem næst 0,5 mrð.kr. á verðlagi fjárlaga. Fjárlög stefndu því til útgjaldasamdráttar að raungildi um 1,5 mrð.kr. á verðlagi fjárlaga.

Kjarasamningar og eftirgjöf

Markmið fjárlaga voru um margt metnaðarfull. Fyrstu frávikin komu á daginn á vormisseri, þegar Alþingi samþykkti vegaáætlun, sem gerði ráð fyrir 0,5 mrð.kr. meira fé til vegagerðar en tilskilið var á fjárlögum. Ennfremur var ljóst, að þungt yrði að fylgja eftir fyrirætlunum um lækun niðurgreiðslna og útflutningsuppbóta. Slík áform voru raunar á döfinni 1988, en misfórust.

Kjarasamningar voru gerðir milli ASÍ og vinnuveitenda í mars og skömmu síðar var samið við félög opinberra starfsmanna. Með kjarasamningunum hækkðu laun opinberra starfsmanna að meðaltali um 11-12% milli árána 1988 og 1989, en á fjárlögum hafði verið gert ráð fyrir 7-8% meðalhækkun milli ára. Þar sem kaupmáttur launa varð minni en gert var ráð fyrir, verður að telja, að samningarnir einir og sér hafi engu að síður bætt afkomu ríkissjóðs fremur en hitt. Ráðstafanir, sem gerðar voru til að greiða fyrir almennum samningum, kostuðu hins vegar ríkissjóð aukin útgjöld og tekjutap. Ríkisstjórnin hét að auka niðurgreiðslur um 0,6 mrð.kr. og lengja bótatímabil atvinnulausra. Skattur af erlendum lántökum var felldur niður frá og með 1. júlí, skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði lækkaður úr 2,2% í 1,5%, og vörugjald var felldur niður á innlendum samkeppnisvörum. Á móti var jöfnunargjald af innflutningi hækkað. Þessar útgjalda- og tekjubreytingar voru taldar kosta ríkissjóð um 1,2 mrð.kr. á árinu. Auk þess voru samningarnir að hluta byggðir á föstum krónutöluhækkunum, sem dýrt reyndist að fylgja eftir í almannatryggingakerfinu. Þá er ótalið, að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins fékk aukið lánsfé til að halda áfram að greiða verðuppbót á freðfisk lengur en fyrr var tryggt, og gefinn var ádráttur um byggingu 200 félagslegra íbúða, án þess að tekin væri afstaða til fjármögnunar.

Þegar leið á árið, komu fram fleiri hækkunartilefni. Búvörusamningur ríkissjóðs og bænda gerði óumflýjanlegt að hækka niðurgreiðslur enn frekar, svo og útflutningsuppbætur. Ákveðið var að flýta uppgjöri söluskattsendurgreiðslna í sjávarútvegi og landbúnaði og uppgjöri jöfnunargjalds í iðnaði til að liðka fyrir upptöku virðisaukaskatts í ársbyrjun 1990. Nauðsynlegt reyndist að auka verulega framlög til Tryggingastofnunar ríkisins vegna skulda sjúkratrygginga við vörslusjóði stofnunarinnar og þá Atvinnuleysistryggingasjóð sér í lagi, en fjárþörf sjóðsins var veruleg vegna aukins atvinnuleysis. Á móti var framlag til Húsnæðisstofnunar lækkað um 0,5 mrð.kr.

Fyrirsjáanlegar breytingar á tekjum og gjöldum ríkissjóðs á árinu voru lagðar fyrir Alþingi á haustþingi sem frumvarp til fjárukalaga. Aukafjárveitingar yfirstandandi árs höfðu þá ekki verið bornar undir Alþingi síðan 1923. Fjárukalög voru samþykkt undir jól. Var þá gert ráð fyrir að heildarútgjöld ríkissjóðs á árinu yrðu 85,0 mrð.kr. en

Fjárukalög og niðurstaða ársins

tekjur 80,1 mrð.kr. og tekjuhalli 4,8 mrð.kr. Tekjuáætlun fjáruka- laga gekk að mestu eftir, en útgjöld hækkuðu enn um 1 mrð.kr. samkvæmt greiðsluuppgjöri ársins. Launakostnaður varð álíka eða örlitlu lægri að raungildi en 1988, þannig að sparnaður náðist fram, sem nam ríflega þeim auknu umsvifum, sem vitað var um. Önnur rekstrargjöld að frádregnum sértekjum stofnana hækkuðu um 4% eða 0,3 mrð.kr. umfram framfærsluvísitölu. Í því sambandi verður að hafa í huga, að sértekjur stofnana eru í ýmsum tilvikum viðkvæmar fyrir efnahagssamdrætti. Neyslu- og rekstrartilfærslur fóru verulega fram úr áætlunum eins og fyrr var getið, allt að 3 mrð.kr. umfram verðlagsbreytingar. Vaxtagjöld urðu 0,4 mrð.kr. hærri að raungildi en talið var, en lækkuð framlög til Húsnæðisstofnunar gerðu meira en vinna upp hækkun Alþingis á framlögum til vegamála. Áföll urðu einnig á tekjuhalli. Tekjuskattur skilaði minni raunaukningu en vænst hafði verið, enda lækkaði kaupmáttur atvinnutekna meira en vænst var við fjárlagagerð. Eignarskattar skiluðu og minna en búist hafði verið við, þar eð slegið var af sérstökum skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Óbeinir skattar skiluðu mun minna en til stóð, enda dróst neysla og almenn velta meira saman en gert var ráð fyrir við gerð fjárlaga. Nú er áætlað að raunvirði einkaneyslu hafi dregist saman um 8% frá fyrra ári og að raunsamdráttur fjárfestingar hafi orðið 10%, en við gerð fjárlaga var gert ráð fyrir 3-4% samdrætti. Ætla má að 4-5% veltusamdráttur umfram fjárlagaforsendur hafi kostað ríkissjóð 2-2,5 mrð.kr. á árinu í óbeinum sköttum. Tekjur af vörugjaldi urðu um 0,6 mrð.kr. minni en ætlað var, og skýrist munurinn einkum af lækkun gjaldsins vegna launasamninga. Þá vantaði um 1 mrð.kr. á áætlaðan tekjuauka af áfengissölu, þar sem áfengisverð var hækkað mun minna en fjárlög gerðu ráð fyrir og bjórsalan varð ekki sú búbot, sem talið hafði verið. Tekjur af arðgreiðslum og vöxtum jukust verulega umfram fjárlög, m. a. vegna innheimtuáttaks fjármálaráðuneytisins á gömlum skattakröfum og tekna af viðurlögum, sem bankastofnanir greiddu vegna ónógrar lausafjárstöðu á fyrstu mánuðum ársins.

Tekjuhalli ríkissjóðs á árinu 1988 var 7,2 mrð.kr., sem samsvarar um 8,6 mrð.kr. á verðlagi 1989. Hallinn 1989 varð 6,1 mrð.kr. eða verulega lægri. Taflan hér á eftir sýnir hins vegar versnandi raunjöfnuð upp á tæplega 1 mrð.kr. Raunbreytingar jafnaðar virðast óhagstæðari en efni standa til vegna þess að laun, sem vega tiltölulega þungt í útgjöldum, hækkuðu mun minna en framfærsluvísitala. Framfærsluvísitalan er nærtæk verðviðmiðun óbeinna skatta, sem eru bróðurpartur ríkistekna. Segja má, að ríkið hafi notið batnandi viðskiptakjara, bæði samkvæmt forsendum fjárlaga og í raun samkvæmt verð-

þróun milli ára. Magnbreytingar, velta og rauntekjur skattgreiðenda, voru hins vegar óhagstæðar.

Tafla IV.2 sýnir raunbreytingar helstu gjalda- og teknaflokka frá útkomu ársins 1988, eins og þær áttu að verða samkvæmt fjárlögum og verðforsendum þeirra annars vegar og hins vegar eins og raunin varð.

*Tafla IV.2. Raunhækkun tekna og gjalda frá 1988.
Áætlaðar og orðnar raunbreytingar í mrð.kr.
(Verðlag 1989)*

	<i>Fjárlög '89 m.v. 1988</i>	<i>Útkoma 1989 m.v.1988</i>
Tekjur alls	3,8	1,6
Tekjuskattar	1,8	1,4
Eignarskattar	1,6	1,0
Óbeinir skattar	0,5	-1,9
Aðrar tekjur	-0,1	1,0
Útgjöld alls	-2,6	2,5
Laun	-0,5	-0,1
Önnur rekstrargjöld	-0,7	0,3
Neyslu- og tekjutilfærslur	-0,6	2,8
Almannatryggingar	0,4	1,2
Endurgreiðsla óbeinna skatta	-0,1	0,5
Niðurgreiðslur	-0,6	0,4
Útflutningsuppbætur	-0,4	0,1
Vextir	-0,2	0,2
Fjárfesting	-0,6	-0,7
Raunbreyting jafnaðar	6,4	-0,9

Tafla IV.3 gefur aðra sýn til tekna og gjalda ríkissjóðs í hlutfalli við verga landsframleiðslu. Vaxtatekjur og gjöld eru ekki sambærileg fyrir og eftir 1985, þar eð lánastarfsemi ríkissjóðs var að mestu haldið utan við A-hluta ríkisreiknings þar til á árinu 1986. Hækkun útgjalda í hlutfalli við landsframleiðslu milli áráanna 1988 og 89 stafar að verulegu leyti af raunsamdrætti landsframleiðslu. Einnig er vafalaust, að breytingar á skattakerfinu hefðu skilað mun meiri bata, ef ekki hefði komið til almennur efnahagssamdráttur. Sá er þó hængur á, að verðmætaráðstöfun var í tiltölulega eðlilegu samræmi við þjóðartekjur á árinu 1989, en viðskiptahalli verulegur á árinu 1988 og kaupmáttur launa afarhár. Þar sem ríkissjóður hefur tekjur sínar að mestu leyti af neysluútgjöldum og launagreiðslum, má því ætla, að 7 mrð.kr. halli á árinu 1988 hafi þrátt fyrir allt gefið fegraða mynd af ástandi ríkisfjármála, nema hvað nokkrar tafir voru þá í tekjuinnheimtu vegna upp-töku staðgreiðslu og breikkunar söluskattsstofns. Því er við ærinn vanda að glíma í tekjujöfnuði ríkissjóðs, þótt talsvert hafi þokast frá fyrra ári.

Tafla IV.3. Tekjur og gjöld ríkissjóðs á greiðslugrunni eftir tekjustofnum og málaflokkum.

Hlutfall af vergri landsframleiðslu (%)


	1980–85 meðalt.	1986	1987	1988	1989 fjárlög	1989
Heildartekjur	23,8	24,1	23,5	25,3	27,9	27,2
Tekjuskattar	2,9	2,8	2,3	3,2	3,8	3,6
Eignarskattar	0,6	0,7	0,7	0,5	1,1	0,9
Óbeinir skattar	19,5	18,6	19,2	20,1	21,6	20,8
Söluskattur	8,7	9,1	9,7	11,6	11,8	11,6
Vörugjald	1,7	1,3	1,2	0,4	1,0	0,8
Hagnaður ÁTVR	1,5	1,5	1,5	1,7	2,2	1,8
Gjöld af innflutn.	4,2	3,2	3,2	2,5	2,7	2,7
Aðrir óbeinir sk.	3,4	3,5	3,5	4,0	3,9	3,9
Vextir, arður o.fl.	0,7	2,0	1,4	1,4	1,5	1,9
Heildarútgjöld	24,2	25,3	24,8	28,1	27,7	29,3
Stjórn, löggæsla og utanríkism.	2,4	2,4	2,5	2,9	2,4	2,8
Mennta-, menningar-, kirkjumál	3,9	4,1	4,1	4,6	4,6	4,7
Heilbr.-, trygginga- og félagsmál	10,0	10,5	11,1	11,8	12,0	12,2
Niðurgreiðslur	1,5	0,8	0,8	1,4	1,4	1,6
Landbúnaðarmál	1,1	1,0	1,0	1,1	1,0	1,3
Sjávarútvegs mál	0,5	0,8	0,6	0,7	0,6	0,8
Samgöngumál	2,3	1,9	1,7	1,8	1,8	1,9
Iðnaðar- og orkumál ..	1,1	0,9	0,5	0,5	0,4	0,5
Vextir o.fl.	1,4	3,0	2,6	3,3	3,4	3,5

Heimild: Mánaðaryfirlit ríkisbókhalds og skýrslur fjármálaráðherra til Alþingis.

Lánahreyfingar, fjárpörf og fjármögnun

Útstreymi varð 0,9 mrð.kr. á viðskiptareikningum í stað 0,5 mrð.kr., sem ætlað var fyrir á fjárlögum. Mismunurinn stafar af fyrirgreiðslu ríkissjóðs vegna greiðsluskyldu afurðastöðva í landbúnaði, sem fjármögnuð var með skammtímalántöku ríkissjóðs í Seðlabanka. Beinar lánveitingar ríkissjóðs námu 2,9 mrð.kr. á árinu 1989, en fjárlög og lánsfjárlög gerðu ráð fyrir 1,3 mrð.kr. Mismunurinn stafar af aukinni fjárpörf Lánasjóðs námsmanna, milligöngu ríkissjóðs um lántöku fyrir Atvinnuþryggingarsjóð og fleiri aðila, sem höfðu heimild til lántöku. Ennfremur voru 0,5 mrð.kr. teknar samkvæmt heimildum í 6. gr. fjárlaga vegna eignakaupa o.fl. Innheimta afborgana varð 2,2 mrð.kr., en var áætluð 2,7 mrð.kr. Mismunurinn stafar af yfirtöku ríkissjóðs á skuldum orkufyrirtækja, en við hana féllu niður afborganir til ríkisins. Á árinu lagði ríkið fram 0,1 mrð.kr. í stofnfé og hlutfé, en seldi hlutfé í Útvegsbanka og Kísiliðjunni við Mývatn fyrir 0,2 mrð.kr.


Starfsemi opinberra lánasjóða var mikil á árinu og atbeini ríkisvaldsins venju fremur beinn. Byggðastofnun og Atvinnuþryggingarsjóður útflutningsgreina öfluðu samtals 1,5 mrð.kr. lánsfjár umfram afborg-



anir til útlána og höfðu að auki 0,7 mrð.kr. í bein ríkisframlög. Auk þess hafði Atvinnuþryggingarsjóður milligöngu um 3 mrð.kr. skuldbreytingar annarra lánastofnana. Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins hélt áfram að greiða verðbætur, sem einnig voru fjármagnaðar með lántöku með ríkisábyrgð. Það er algerlega háð geðþótta Alþingis og ríkisstjórnar, hvort slík lánastarfsemi fer fram með milligöngu ríkissjóðs og eykur lánsfjárförf hans og lántökur eða hvort ríkisábyrgðir eru látnar duga. Það er síður en svo nýlunda, að ríkisvaldið kjósi fremur að veita lánafyrirgreiðslu en beina styrki, en hluti slíkrar fyrirgreiðslu kemur fram síðar, svo sem nýleg dæmi um yfirtöku skulda úr orkugeiranum og árviss framlög til Ríkisábyrgðasjóðs bera vott um.

Hrein lánsfjárförf ríkissjóðs var á árinu 7,6 mrð.kr., en á fjárlögum hafði verið reiknað með 1,3 mrð.kr. lánsfjárafgangi. Stefnt var að sölu spariskírteina fyrir 5,3 mrð.kr. á árinu, en innlausn var áætluð 3,1 mrð.kr. án áfallinna vaxta sem greiddir eru við innlausn. Aðrar innlendar afborganir voru taldar nema 1,2 mrð.kr. Áætlað var að halda stofni ríkisvixla óbreyttum yfir árið í heild, en auka sölu innan ársins til að mæta að hluta árstíðabundinni fjárförf. Útistandandi ríkisvixlar í ársbyrjun voru 0,7 mrð.kr. Erlend lántaka skyldi verða 0,1 mrð.kr. auk 5 mrð.kr. til uppgjors skammtímaskuldar við Seðlabankann frá fyrra ári. Afborganir erlendra lána vegna ársins 1989 voru áætlaðar 1,6 mrð.kr. eða 1,5 mrð.kr. umfram eiginlega lántöku ársins þ.e. ef litið er framhjá lántöku vegna uppgjorsins við Seðlabanka vegna ársins 1988. Auk fyrrnefnds uppgjors var ráðgert að greiða 0,9 mrð.kr. af langtímalánum í Seðlabanka.

Lántökuáætlanir ársins gengu í stórum dráttum eftir, nema hvað sala á ríkisvixlum til innlánsstofnana fór langt fram úr áætlun og nokkur aukning varð á erlendum lántökum vegna aukinna lánveitinga, sem þegar er getið. Innlausn spariskírteina var veruleg umfram sölu á fyrstu mánuðum ársins. Salan tók kipp í júní, þegar tilkynnt hafði verið um vaxtalækkun úr 6,8-7% í 5,5-6%. Á árinu var hafin sala spariskírteina samkvæmt reglubundinni sparnaðaráætlun eða áskrift, og var kaupendum boðið að nota greiðslukort til að standa við áskriftina. Þjónustumiðstöð ríkisverðbréfa tók til starfa á árinu og vann að sölu ríkisvixla og spariskírteina, meðal annars sparnaðaráskriftinni. Alls seldust á árinu spariskírteini fyrir 5,1 mrð.kr. á móti 3,4 mrð.kr. innlausn höfuðstóls. Hrein sala varð því 1,7 mrð.kr. í stað 2,2 mrð.kr., sem stefnt hafði verið að.



Þegar í janúar myndaðist 3 mrð.kr. lánsfjárbörf hjá ríkissjóði vegna frestunar á söluskattsinnheimtu. Vegna innlausnar spariskírteina og ríkisvixla varð greiðsluhalli gagnvart Seðlabanka 4,3 mrð.kr. á sama tíma. Hallinn jókst svo þá mánuði, sem mikið var greitt út af barnabótum og húsnæðisbótum, en hélst í horfinu aðra mánuði. Ríkisvixlar tóku að seljast fyrir alvöru í mars, og spariskírteini tóku sem fyrir segir kipp í júní. Ríkisvixlastaðan versnaði í október og nóvember, og greiðslujöfnuður gagnvart Seðlabanka versnaði að sama skapi. Í desember seldust svo ríkisvixlar fyrir 2,5 mrð.kr., og tveggja mánaða söluskattur kom til innheimtu. Vegna útstreymis á lánveitingum og skammtímalíðum stóð lánsfjárbörf í stað í desember þrátt fyrir tekjuafgang, svo að bati gagnvart Seðlabanka í mánuðinum varð jafn ríkisvixlasölunni eða 2,5 mrð.kr.

Ríkisvixlasala ársins byggðist að langmestu á vixlakaupum innlánsstofnana, sem lúta kvöð um lágmarkshlutfall lausafjár. Kvöðin var lengst af ári 1989 9% af ráðstöfunarfé, um 10 mrð.kr. undir lok ársins. Ríkisvixlaeign innlánsstofnana í árslok var um 4,8 mrð.kr., en útistandandi ríkisvixlar alls 5,9 mrð.kr. Þótt ríkisvixlar séu skammtímalán og lánastaða ríkissjóðs í árslok virðist því viðkvæm, er ólíklegt að innlánsstofnanir eigi auðvelt með að finna aðra kosti jafngóða til að fullnægja lausafjarkvöðinni. Því ættu að vera góðar horfur á, að ríkisvixlaeign bankastofnana haldist veruleg á næstu árum, þótt ekki sé svigrúm til verulegrar aukningar innan lausafjarkvæðar. Svigrúmið á árinu 1989 er einstætt að því leyti, að bati í lausafjárstöðu innlánsstofnana varð með eindæmum mikill eða 6 mrð.kr., í og með vegna innstreymis erlendra lána, halla á ríkissjóði og takmarkaðra útlánamöguleika í ljósi samdráttar og fjárhagslegrar endurskipulagningar fjölmargra fyrirtækja.

Fyrirgreiðsla Seðlabankans við ríkissjóð er gjarnan metin með meðalstöðu hlaupareikninga að frádreginni stöðu um áramót og hreyfingu sammingsbundinna lána. Á síðasta ári var fyrirgreiðsla bankans við ríkissjóð að meðaltali 4,4 mrð.kr. eða um 1,5% af vergri landsframleiðslu og var í hærra lagi þrátt fyrir mikla sölu ríkisvixla. Skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann námu í árslok 1989 8,8 mrð.kr. og lækkuðu um 0,8 mrð.kr. á árinu.

Tafla IV.4. Fyrirgreiðsla Seðlabankans við ríkissjóð.
(Meðaltal á árinu)


	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989
M.kr.	68	157	231	976	625	2607	1699	1907	5907	4395
% af VLF .	0,44	0,65	0,61	1,48	0,71	1,31	1,07	0,92	2,32	1,50

Skuldir ríkissjóðs

Eftir 5 ára samfelldan halla er við hæfi að huga að skuldastöðu ríkissjóðs. Tafla IV.5 sýnir skuld ríkissjóðs og endurlánareikninga ríkissjóðs í árslok árin 1965, 1970, 1975 og nokkur síðustu ár á verði í árslok 1989 samkvæmt framfærsluvísitölu. Svo sem sjá má voru skuldir litlar 1965, jukust nokkuð á samdráttarskeiðinu 1967-8, en þó mun meira á árunum 1970-1975. Skuldir hafa aukist jafnt og þétt á þessum áratug, en útlán á móti dregist saman, einkum vegna þess að ríkissjóður hefur afskrifað lán til orkufyrirtækja.

Tafla IV.5. Skuldir og veitt lán ríkissjóðs í lok árs.
Milljarðar króna á verðlagi í árslok 1989

	Skuld við Seðlabanka	Erlend lán	Innlend lán	Skuldir alls	Veitt löng lán
1965	2,0	4,5	1,7	8,2	8,0
1970	3,3	10,7	3,9	18,0	9,9
1975	9,7	20,3	10,6	40,7	21,8
1981	4,5	26,4	17,8	48,7	34,9
1982	1,1	39,5	18,7	59,3	51,1
1983	5,3	42,9	19,1	67,3	44,7
1984	3,7	54,5	15,4	73,6	50,8
1985	8,8	53,4	17,2	79,4	51,4
1986	3,1	54,1	24,5	81,7	42,4
1987	5,9	43,9	27,8	77,6	35,4
1988	10,7	49,7	30,5	90,9	37,1
1989	8,8	58,6	37,6	105,1	32,6



Skuldunautar ríkissjóðs eru einkum ríkisfyrirtæki í B-hluta ríkisreiknings og fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs, eins og kemur fram í töflu IV.6. Rétt er að minna á að töflur IV.5 og IV.6 taka einungis til beinna lánaumsvifa ríkissjóðs en ekki til ríkisábyrgða og lánveitinga opinberra lánasjóða.

Tafla IV.6. Hlutfallsleg skipting veittra lána í árslok 1988.

Ríkisstofnanir og fyrirtæki	47,9%
Fyrirtæki með eignaraðild ríkissjóðs	24,7%
Sveitarfélög	12,9%
Lánastofnanir	2,4%
Aðrir	12,1%
Samtals	100,0%

Heimild: Ríkisreikningur 1988.

V. PENINGAMÁL OG INNLENDUR LÁNAMARKAÐUR

Á árinu 1989 skipti nokkuð í tvö horn, hvað þróun lánamarkaðarins varðar. Betra jafnvægi ríkti í starfsemi bankakerfisins, og verulega dró úr vexti útlána þess. Hins vegar var meiri þensla í starfsemi annarra lánastofnana svo sem fjárfestingarlánasjóða, lífeyrissjóða og lánasjóða ríkisins. Hluta af þeirri aukningu má rekja til nýrra lánastofnana svo sem Atvinnutryggingasjóðs útflutningsgreina og Hlutfjárssjóðs, sem komið var á fót 1988 til að leysa greiðsluvanda útflutningsgreinanna. Mikil aukning varð einnig á erlendu lánsfé, en stærstan hluta þeirrar aukningar má rekja til endurmats vegna gengisbreytinga. Áætlað er, að útlán lánakerfisins til heimila hafi aukist um 34%, en útlán til fyrirtækja um 32%. Þar sem lán til heimila eru að litlu leyti gengistryggð og aðallega á innlendum kjörum, er hér um mikla aukningu að raungildi að ræða. Aukning á lánnum til fyrirtækja er mun minni að raungildi þar sem gengistrygging vegur þar mun meira, en verð á erlendum gjaldmiðlum hækkaði um rösk 30% á árinu.

Raunvextir héldu áfram að lækka á árinu, en þeir höfðu lækkað talsvert síðari hluta ársins 1988. Sérstaklega lækkuðu raunvextir á fjárskuldbindingum utan bankakerfisins, svo sem á hlutdeildarbréfum verðbréfasjóða, og á skuldabréfaútboðum ýmissa fjármálastofnana en litlar lækkanir höfðu orðið á raunvöxtum hjá þessum aðilum á árinu 1988.

Þrátt fyrir mikla lánsfjáreftirspurn m. a. frá heimilum skapaðist aukið svigrúm fyrir lántökur ríkissjóðs og annarra opinberra aðila. Innlend fjáröflun ríkissjóðs gekk því vel á árinu, og þrátt fyrir að lánsfjárbörfin yrði mun meiri en áætlað hafði verið við gerð fjárlaga og lánsfjárlaga tókst að fjármagna um 80% af hreinni lánsfjárbörf á innlendum markaði samanborið við 18% á árinu áður. Hrein lánsfjárbörf ríkissjóðs var þó mikil eða um 2,6% af landsframleiðslu samanborið við 3,3% á árinu 1988.

Af reikningum bankakerfisins má sjá, að betra jafnvægi var á framvindu peningamála árið 1989 en tvö undangengin ár. Verulega dró úr aukningu útlána, og varð hún í betra samræmi við verðlagsbreytingar en verið hafði og einnig í betra samræmi við aukningu innlána og annars ráðstöfunarfjár bankakerfisins. Lán og aðrar innlendir eignir bankakerfisins, að endurlánuðu erlendu lánsfé meðtöldu, jukust um 19% árið 1989 samanborið við 35% árið á undan. Mikil aukning lána hefur verið meginvandamál við stjórn peningamála, og því hafa aðgerðir miðast við að draga úr henni. Enda þótt efnahagslífið hafi verið í nokkurri lægð árið 1989, taldi Seðlabankinn nauðsynlegt að draga úr útlánaaukningunni, þar eð glímt er við viðskiptahalla og verðbólgu, sem m. a. eiga rætur í mikilli eftirspurn í þjóðarþúinu. Í þessu skyni veitti bankinn aðhald með lausafjárhlutfalli og bindiskyldu, en eins og nánar er vikið að hér á eftir hafa þessi stjórnþæki þó aðeins áhrif á útlánagetu innlánsstofnana að takmörkuðu leyti. Önnur ástæða fyrir bættu jafnvægi í peningamálum var ugglaut sú, að áhrifa tiltölulega hárra vaxta undangengin ár tók að gæta gagnvart lánsfjáreftirspurn. Má raunar ætla, að þar sé að finna eina af skýringum þess, að árið 1989 er hið fyrsta í skráðri hagsögu hér á landi, sem felur í sér bata á viðskiptajöfnuði við útlönd á tímum samdráttar í hagkerfinu.


Mikill vöxtur varð á útgáfu markaðsverðbréfa, sérstaklega hjá verðbréfasjóðum, og jukust eignir þeirra um 59% á árinu. Útistandandi markaðsbréf, sem skýrslur ná yfir, námu í árslok um 75 mrð.kr., og samsvarar það um 68% af heildarinnlánum innlánsstofnana.

Lánamarkaðurinn

Samkvæmt bráðabirgðatölum, sem enn eru að hluta til áætlaðar, nam peningalegur sparnaður um 301 mrð.kr. í árslok 1989, og er aukningin rúmt 31% frá fyrra ári. Í árslok samsvaraði peningalegur sparnaður um 94% af landsframleiðslu á meðalverðlagi ársins og hafði hlutfallið hækkað úr 83% miðað við árslok 1988. Rétt er að geta þess að hluti þessarar hækkunar stafar af samdrætti landsframleiðslunnar á síðasta ári, en jafnvel þótt tillit sé tekið til þess er um verulega aukningu að ræða. Peningalegur sparnaður, sem er samtala frjáls sparnaðar og kerfisbundins sparnaðar, hefur farið stöðugt vaxandi á undanfórnum áratug og til samanburðar má nefna, að þetta hlutfall var um 47% í árslok 1980. Skýringar þessarar þróunar eru margvíslegar. Tvennt má nefna sérstaklega, annars vegar uppbyggingu lífeyrissjóðanna og hins vegar umskipti á lánamarkaði í kjölfar frjálsræðis í verðtryggingar- og vaxtamálum. Hið síðara hefur örvað frjálsan sparnað og bætt ávöxtun og varðveislu hins kerfisbundna sparnaðar.

Tafla V.1. Innlendir lánamarkaður.
(Í mrð.kr. á árslokaverðlagi)

	1984	1985	1986	1987	1988	Bráðab. iðlur 1989	Hreyf. i % 1989
<i>Eignir:</i>							
Útlán og verðbréfaeign	121,3	166,6	201,6	263,9	354,0	469,6	32,7
Bankakerfið	42,2	56,4	66,4	96,2	132,8	163,8	23,3
Fjárfestingarlánasjóðir	25,1	36,6	47,7	63,8	87,7	121,2	38,2
Lífeyrissjóðir	16,4	25,2	33,2	47,3	67,5	95,8	41,9
Tryggingarfélag	2,1	3,2	4,2	5,9	8,1	11,5	42,0
Eignarleigur		0,1	0,9	4,2	6,4	7,4	15,2
Verðbréfasjóðir		0,4	1,3	3,7	5,8	9,1	57,5
Útlönd	60,9	81,3	89,9	101,1	138,1	191,2	38,5
Lánasjóðir ríkisins	27,4	37,1	23,3	25,3	32,9	47,5	44,4
Millisamtala	174,2	240,3	267,0	347,6	479,3	647,6	35,1
Frá dragast innbyrðis viðskipti	-52,9	-73,6	-65,3	-83,7	-125,3	-177,9	42,0
<i>Eignir = skuldir:</i>	121,3	166,6	201,6	263,9	354,0	469,6	32,7
<i>Skuldir:</i>							
Peningalegur sparnaður	62,9	93,1	123,4	173,9	229,4	301,1	31,3
Frjáls	30,5	43,5	58,7	81,8	103,1	133,3	29,2
Innlán og seðlar	25,3	35,9	48,7	65,4	77,7	98,1	26,2
Spariskírteini og happdrættisbréf	3,1	4,4	5,4	7,7	9,7	13,0	33,6
Tryggingarsjóður tryggingarféлага	1,9	2,7	3,3	4,4	6,2	8,4	35,7
Annar	0,3	0,6	1,3	4,3	9,5	13,9	45,3
Kerfisbundinn	32,4	49,5	64,7	92,2	126,2	167,8	33,0
Eignir lífeyrissjóða	17,3	26,7	35,1	50,3	72,2	101,4	40,5
Skyldusparnaður í fjárfest.lsj.	1,1	1,5	1,8	2,3	2,9	3,5	22,1
Eigið fé lánastofnana	14,0	21,4	27,8	39,6	51,2	62,9	23,0
Erlent lánsfjármagn	58,3	73,6	78,2	90,0	124,6	168,5	35,2
Löng erlend lán	52,3	66,1	76,0	83,1	112,8	166,0	47,2
Stutt lán	8,7	15,2	14,0	18,0	25,4	25,2	-0,5
Stuttar kröfur á útlönd	-2,6	-7,7	-11,7	-11,1	-13,5	-22,7	68,4



Á síðasta ári jókst frjáls sparnaður um 29%, en kerfisbundinn sparnaður um 33%. Meginþáttur hins kerfisbundna sparnaðar eru eignir lífeyrissjóðanna, og skýrist aukningin meðal annars af miklum vexti þeirra. Frjáls sparnaður, sem er einkum bankainnlán, ríkisskuldabréf og markaðsverðbréf, nam um 133 mrð. kr. í lok ársins, og var mestur vöxtur í markaðsverðbréfum svo sem hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, bankabréfum og spariskírteinum. Erlent lánsfjármagn nettó jókst um 35% á síðasta ári, og skýrist sú hækkun fyrst og fremst af endurmati erlendra lána, en verð erlendra gjaldmiðla hækkadi um rösk 30% á síðasta ári.

Í töflu V.2 eru birtar áætlanir um aukningu peningalegs sparnaðar frá 1981, reiknaðar með ákveðnum hætti, sem lýst er neðanmáls við töfluna. Þessir útreikningar gefa glöggt til kynna, að kerfisbundinn sparnaður hefur á þessu árabili verið meginuppspretta peningalegs sparnaðar, en frjálsi sparnaðurinn er mun minni. Greinilegt er þó, að frjálsi sparnaðurinn hefur aukist frá 1986, og gætir þar vafalaust áhrifa frá hærri raunvöxtum og auknu framboði sparnaðarforma. Athyglisvert er einnig, að frjálsi sparnaðurinn dregst mun minna saman á samdráttarárunum 1988-1989 en 1983-1984. Samkvæmt þessum reikningum hefur aukning peningalegs sparnaðar orðið heldur minni árið 1989 en árið á undan og hlutfall hennar af landsframleiðslu lækkað úr 6,2% í 5,4%.


*Tafla V.2 Aukning peningalegs sparnaðar 1981–1989¹⁾.
á meðalverðlagi hvers árs*

<i>Í mrð. kr.</i>	<i>1981</i>	<i>1982</i>	<i>1983</i>	<i>1984</i>	<i>1985</i>	<i>1986</i>	<i>1987</i>	<i>1988</i>	<i>1989</i>
Peningalegur sparn.	1,4	0,9	1,8	5,4	6,7	16,9	18,6	18,8	16,0
Frjáls sparnaður	0,4	0,0	0,1	1,7	1,8	8,9	7,9	4,3	3,8
Kerfisb. sparnaður	1,0	0,9	1,7	3,7	4,9	8,0	10,6	11,5	12,3

<i>Í %</i>	<i>1981</i>	<i>1982</i>	<i>1983</i>	<i>1984</i>	<i>1985</i>	<i>1986</i>	<i>1987</i>	<i>1988</i>	<i>1989</i>
Peningalegur sparn.	5,5	2,3	2,7	6,2	5,6	10,7	8,9	6,2	5,4
Frjáls sparnaður	1,6	0,0	0,2	2,0	1,5	5,6	3,8	1,7	1,3
Kerfisb. sparnaður	4,0	2,4	2,5	4,2	4,1	5,1	5,1	4,5	4,1

1) Aukning peningalegs sparnaðar er reiknuð með þeirri aðferð að færa stöðutölur í ársbyrjun og árslok til meðalverðlags ársins með framfærsluvísitölu og finna síðan mismun þeirra.

Lánakerfið miðlar peningalegum sparnaði innanlands, ásamt erlendum lánum, til útlána. Þau námu um 470 mrð. kr. í árslok 1989 samanborið við 354 mrð. kr. í lok 1988 og jukust um tæp 33% á árinu. Hér er eingöngu um að ræða lán til aðila utan lánakerfisins, en öll innbyrðis viðskipti lánastofnana hafa verið hreinsuð út. Í töflu V.3 eru lán lána-



kerfisins flokkuð eftir lánnotendum. Langstærsti hluti útlánanna rennur til atvinnufyrirtækja og námu skuldir þeirra um 213 mrð.kr. í árslok 1989 en lán til heimila, sem eru næststærsti flokkurinn, námu um 139 mrð.kr. Lán til ríkissjóðs og ríkisstofnana voru 97 mrð.kr. í árslok 1989, en lán til sveitarfélaga um 20,8 mrð.kr. Athyglisvert er, hve mjög lán til bæjar- og sveitarfélaga hafa aukist á síðasta ári, þ.e. um 43%. Mikil aukning varð einnig á lánum til heimila eða 34%, en þau hafa vaxið afar hratt á undanförunum árum. Í árslok 1981 voru lán lánakerfisins til heimila, sem hlutfall af landsframleiðslu, um 14% en í árslok 1989 var hlutfallið komið í 44%. Ástæður þess, að heimilin hafa aukið skuldir sínar svo verulega, eru vafalaust margvíslegar. Má þar meðal annars nefna, að í lok síðasta áratugar voru skuldir heimilanna ef til vill mjög litlar vegna óðaverðbólgu og lágra raunvaxta lána. Verðtryggingin og hærri raunvextir hafa valdið umskiptum, hvað þetta varðar. Önnur ástæða, sem ef til vill er ekki síður mikilvæg, er aukið framboð á lánsfé í kjölfar frjálsræðis í vaxta- og verðtryggingarmálum, en enginn vafi leikur á að aðgangur almennings á árunum fyrir 1980 var mjög þröngur, þar sem takmörkuðu lánsfé var að mestu leyti stýrt til atvinnuveganna.

Tafla V.3. Útlánaflökkun lánakerfisins¹⁾.


(Í mrð.kr. á árslokaverðlagi)

	1984	1985	1986	1987	1988	Bráðab. tölur 1989	Hreyf. í % 1989
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	28,5	38,4	46,9	56,7	75,1	97,3	29,5
Bæjar- og sveitarfélög	7,7	9,1	11,0	11,8	14,6	20,8	42,7
Atvinnuvegir	58,7	77,6	87,9	118,4	160,7	212,5	32,3
Heimili	26,3	41,5	55,8	77,0	103,6	139,1	34,2
Samtals útlán	121,3	166,6	201,6	263,9	354,0	469,6	32,7


Vaxtaþróun 1989

Nafnvextir hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum tóku miklum breytingum á árinu 1989 vegna óreglulegra verðlagsbreytinga. Mánaðarlegar hækkanir lánskjaravísitölu jafngiltu allt frá 2,7% á ársgrundvelli í upphafi árs til 36,5% á miðju ári, en hækkunin yfir árið var 21,4%. Í töflum hér á eftir eru yfirlit yfir þróun vaxta 1989 og sýnd dæmi um raunvexti. Vaxtaþróuninni eru enn fremur gerð skil í annál hér aftar í skýrslunni svo og í töfluviðauka.

Seðlabankinn hefur síðustu ár notað lánskjaravísitölu sem verðmælikvarða við mat á raunvöxtum, þar eð ætla mátti, að hún endurspeglaði almennar verðlagsbreytingar. Að vísu komu breytingar verðlags fram í henni með nokkurri töf. Sem kunnugt er var grundvelli lánskjaravísitölu breytt í janúar 1989, og var launavísitala þá látin fá jafna vog á við byggingar- og framfærsluvísitölu í þeim tilgangi að draga úr misgengi launaþróunar og lánskjara. Hin nýja samsetning lánskjaravísitölu veldur því, að hún er ekki almennur verðlagsmælikvarði á sama hátt og hún var. Því er hér í töflum og texta miðað við framfærsluvísitölu, þegar fjallað er um raunvexti.



Raunvextir lækkuðu mikið árið 1989 samanborið við fyrra ár. Raunvextir almennra óverðtryggðra skuldabréfa í algengasta vaxtaflokki voru 4,7% á mælikvarða framfærsluvísitölu árið 1989 samanborið við 12,6% árið 1988. Sem fyrr urðu miklar sveiflur raunvaxta óverðtryggðra lána milli ársfjórðunga, og voru þeir allt frá -9,6% til 12,8%, og stafar þetta af óreglulegri verðlagsþróun. Innlánsstofnanir sáu ekki fyrir breytingar vísitalna og fylgdu þeim ekki eftir í vaxtabreytingum. Raunvextir óverðtryggðra liða urðu neikvæðir fyrstu mánuði ársins,



er verðbólga jókst. Eftir mitt ár, þegar verðbólga hjaðnaði á nýjan leik, gætti að sama skapi tregðu til lækkunar nafnvaxta sem leiddi til mjög hárra raunvaxta.

Vextir skv. 10. gr. vaxtalaga


	Meðal- ávöxtun nýrra óverðtr. útlána banka og sparisj.	Dráttar- vextir á ári
1988:		
Desember	18,1	24,0
1989:		
Janúar	12,5	21,6
Febrúar	14,72	21,6
Mars	17,97	24,0
Apríl	25,3	33,6
Mái	30,2	38,4
Júní	32,6	42,0
Júlí	38,1	45,6
Ágúst	37,9	45,6
September	33,3	40,8
Október	29,5	38,4
Nóvember	31,4	38,4
Desember	33,5	40,8

Nafnvextir verðtryggðra lána í algengasta vaxtaflokki hjá bönkum og sparisjóðum voru 9,5% í upphafi árs 1988, en tóku að lækka á miðju því ári og voru 7,4% á þriðja fjórðungi ársins 1989. Þeir hækkuðu aftur á síðasta ársfjórðungi og voru 7,8% í lok ársins. Stöfuðu hækkanirnar m. a. af því, að bankar, sem lengst höfðu gengið til lækkunar, hækkuðu sína vexti aftur til samræmis við aðra. Þessir vextir voru 7,8% að meðaltali yfir árið samanborið við 9,2% árið 1988. Vegna mismunandi breytinga lánskjaravísitölu og framfærsluvísitölu felast í þessu aðrir raunvextir, þ. e. 5,9% árið 1989 samanborið við 9,9% árið 1988.

Vextir annarra vísitölubundinna verðbréfa lækkuðu einnig. Þannig lækkuðu vextir bankabréfa um 1,5% á árinu, spariskírteina ríkissjóðs um 1,3-2,0% og ávöxtun viðskipta á Verðbréfaþingi Íslands um 1,3-1,7%. Þá varð hliðstæð lækkun raunávöxtunar hlutdeildarbréfa verðbréfasjóða.

Í júlímánuði bættist Landsbankinn í hóp þeirra sem tekið hafa upp kjörvaxtaferfi. Í slíku kerfi eru viðskiptamenn flokkaðir eftir fjárhagsstöðu, skilvísi og viðskiptavild. Vaxtakjör útlána ákærast síðan af flokkun viðskiptamanns, þannig að við svonefnda kjörvexti bættist álag, sem verið hefur frá 0,5% upp í 3%. Þrepin eru þrjú til fimm

talsins, mismunandi eftir bönkum. Búnaðarbankinn er nú eini bankinn, sem ekki hefur tekið upp kjörvaxtakerfi að því undanskildu, að verðtryggt lán bankans til ríkissjóðs bera 1% lægri vexti en önnur.



Frá og með 1. júlí 1989 gengu í gildi nýjar reglur um heimildir til verðtryggingar sparifjár. Reglur þessar tóku mið af breytingum á lögum um stjórn efnahagsmála o. fl. nr. 13/1979, sem samþykktar voru á síðasta Alþingi. Frekari breytingar tóku gildi 1. janúar 1990, þannig að innlánsstofnunum er ekki lengur heimilt að bjóða sparifjáreigendum óbundna innlánsreikninga með skiptikjörum. Í stað þeirra hafa komið sérkjarareikningar, sem fá verðtryggt kjör, ef innstæða hefur verið óhreyfð í 6 mánuði, en annars auglýst nafnvaxtakjör viðkomandi innlánsstofnunar.

Eins og fram kemur annars staðar í kaflanum, jókst sala ríkisvixla mikið 1989. Skýringar er meðal annars að finna í batnandi lausafjárstöðu innlánsstofnana svo og ávöxtunarkjörum ríkisvixla. Eins og sjá má í töflu V.4. var ávöxtun ríkisvixla mjög há samanborið við aðra ávöxtunarmöguleika svo sem millibankalán og skiptikjarareikninga. Ríkissjóður fylgdi að mestu leyti þeirri vaxtastefnu að hafa 1-2% lægri vexti á ríkisvixlum en almennum vixlum bankanna. Á miðju ári, er bankavextir hækkuðu, stóðu vextir ríkisvixla þó í stað vikum saman, svo að mikið bil myndaðist, sem minnkaði aftur, er banka- vextir lækkuðu á ný um haustið.

Tafla V.4. Dæmi um þróun vaxta 1988–1989.

(Í % á ári)

	1988	1989	I. ársfj. 1989	II. ársfj. 1989	III. ársfj. 1989	IV. ársfj. 1989
<i>Ávöxtun óverðtryggðra skuldbindinga:</i>						
Ríkisvixlar, 90 daga	31,8	27,3	15,9	29,9	32,0	31,4
Millibankalán	34,0	22,4	14,8	24,9	24,0	25,0
Viðskiptareikn. í Seðlabanka	17,4	10,3	6,9	14,5	11,4	8,3
Almenn sparibók	16,7	11,2	7,9	14,8	11,3	10,8
Óbundnir skiptikjarareikn. ¹⁾	25,5	21,3	15,2	28,5	20,9	20,6
Víxillán, 60 daga	34,0	29,4	18,5	33,6	34,2	32,2
Almenn óverðtryggð skuldabréf	33,2	29,5	16,2	31,2	38,1	32,9
Viðskiptavixlar, 60 daga	41,1	33,1	23,8	38,4	35,8	34,4
Dráttarvextir	43,9	35,9	22,4	38,0	44,0	39,2
Meðalávöxtun nýrra alm. útlána	35,4	28,1	15,1	29,4	36,4	31,5
<i>Nafnvextir vísitölubundinna skuldbindinga:</i>						
Verðtr. 6 mán. innlánsreikn.	3,8	2,9	3,0	2,9	2,9	2,8
Verðtryggð skuldabréfalán	9,2	7,8	8,1	7,9	7,4	7,7
Bankabréf Landsbankans ³⁾	8,5	7,75	7,0	6,75
Spariskírteini allt að 3 árum	5,5	5,5
Spariskírteini til minnst 6 ára	6,8	6,8	6,0	6,0
Meðalvextir á Verðbréfaþingi ⁴⁾	8,6	7,0	7,9	7,3	6,8	6,1
<i>Raunvextir m.v. framfærsluvísitölu²⁾</i>						
Ríkisvixlar, 90 daga	11,4	2,9	-9,9	3,8	6,8	11,5
Millibankalán	13,3	-2,3	-11,7	-1,3	-0,1	4,0
Viðskiptareikn. í Seðlabanka	-0,8	-10,8	-16,9	-8,5	-9,9	-8,1
Almennar sparisjóðsbækur	-1,4	-10,1	-16,1	-8,2	-10,0	-5,9
Óbundnir skiptikjarareikn.	6,1	-1,9	-10,4	2,7	-2,2	2,4
Víxillán, 60 daga	13,3	4,6	-7,9	6,8	8,6	12,2
Almenn óverðtryggð skuldabréf	12,6	4,7	-9,6	4,9	11,7	12,8
Viðskiptavixlar, 60 daga	19,3	7,6	-3,7	10,6	9,9	14,1
Dráttarvextir	21,6	9,9	-4,8	10,3	16,5	18,2
Meðalávöxtun nýrra alm. útlána	14,5	3,6	-10,5	3,4	10,4	11,6
<i>Verðtr. 6 mán. innlánsreikningar</i>						
Verðtryggð skuldabréfalán	9,9	6,0	2,4	9,3	1,4	11,0
Bankabréf Landsbankans ³⁾	2,8	9,1	1,0	10,0
Spariskírteini allt að 3 árum	-0,4	8,7
Spariskírteini til minnst 6 ára	1,2	8,2	0,1	9,2
Meðalvextir á Verðbréfaþingi ⁴⁾	9,3	5,2	2,2	8,7	0,8	9,3

1) Ígildi nafnvaxta m.v. að innstæða sé óhreyfð í eitt ár frá vaxtafærsludegi, t. d. áramótum, og öll tekin út á fyrsta degi eftir vaxtafærslu.

2) Raunvextir byggjast hér á hækkun framfærsluvísitölu viðkomandi tímabil.

Árgildi hækkana voru þessi: 18,3 23,7 28,6 25,1 23,6 17,8

Hækkanir lánskjaravísitölu fyrir sömu tímabil voru:

19,1 21,6 21,8 26,7 16,7 21,4

3) Auk vaxta sem hér eru sýndir báru önnur bréf Landsbankans 0,25-0,5% hærrí vexti.

4) Hér er sýnt lægsta meðaltal vaxta á Verðbréfaþingi. Sjá nánar töflu V.20 ásamt skýringum við þá töflu.

Aðgerðir í peningamálum

Við ákvörðun eigin vaxta í viðskiptum við innlánsstofnanir og ríkissjóð fylgdi Seðlabankinn almennum vöxtum bankanna í meginatriðum. Fyrri hluta ársins lagði bankinn nokkra áherslu á að selja innlánsstofnunum innstæðubréf og hafði kjör þeirra þannig, að eftir þeim væri sóst. Síðar ákvað bankinn að leggja minni áherslu á þetta og skapaði þannig stærri markað fyrir ríkisvixla.


Í lok mars breytti Seðlabankinn reglum um bindiskyldu innlánsstofnana þannig, að hún reiknast ekki aðeins af innlánnum eins og verið hafði heldur einnig öðru innlendu ráðstöfunarfé svo sem bankabréfum, veðdeildarbréfum og nettótekjum frá næstliðnum áramótum. Við þetta stækkaði grunnur bindingarinnar um 20%, en á móti var bindiskylduhlutfallið lækkað úr 12% í 11% auk þess sem ákveðið var að láta stækkunina koma fram í mánaðarlegum áföngum í allt að 4 ár, þannig að þær stofnanir, sem gefið hafa út mikið af bankabréfum og starfrækja stórar veðdeildir, fá lengstan aðlögunartíma að nýju reglunum. Aðgerðin hafði mismunandi áhrif á einstakar stofnanir, en á heildina litið olli hún lítills háttar lækkun bindingar í fyrstu, en aðhaldsáhrif komu síðan fram með vaxandi þunga við hvern áfanga. Heildaráhrifin, sem fram voru komin í árslok, jafngilda því, að bindiskylduhlutfallið hafi hækkað um 0,5% af innlánnum.

Seðlabankinn breytti einnig reglum um lausafjórhlutfall og gjaldeyrisjöfnuð innlánsstofnana í marslok, eftir að ákvæðum Seðlabankalaga um þessi atriði hafði verið breytt. Eins og getið er í síðustu árskýrslu Seðlabankans varð nokkur ágreiningur um þessar reglur árið 1988. Með lagabreytingum í mars 1989 fékk Seðlabankinn ótvíræðar heimildir til að framfylgja þeim reglum, sem valdið höfðu ágreiningnum. Nokkur tengsl eru á milli reglna um lausafjórhlutfall og gjaldeyrisjöfnuð. Meginatriði reglna um gjaldeyrisjöfnuð er, að innlánsstofnanir skuli halda slíku jafnvægi milli gengisbundinna eigna og skulda, að ekki sé um verulega gengisáhættu að ræða. Gjaldreyrisjöfnuðurinn, þ. e. gengisbundnar eignir í heild að frádregnum öllum gengisbundnum skuldum, er talinn með lausu fé samkvæmt reglum um lausafjórhlutfall eftir breytinguna, hvort sem hann er jákvæður eða neikvæður. Undir venjulegum kringumstæðum er jöfnuðurinn jákvæður og svarar til erlendra lausafjórstöðu, þar eð aðrir gengisbundnir liðir eru lán, sem bankar taka til að endurlána, og fé á innlendum gjaldeyrisreikningum, sem ýmist getur verið endurlánað eða geymt á bankareikningum. Breyting reglnanna dró úr hættunni á því, að innlánsstofnanir sköpuðu sér „lausafé“ með því að taka meira að láni erlendis en þær endurlánuðu, og stuðlaði að því, að þær noti fé af innlendum gjaldeyrisreikningum til endurlána innanlands í stað þess að taka erlend lán. Breyting lausafjórreglnanna fól einnig í sér

breytta skilgreiningu ráðstöfunarfjár, sem lausafjárhlutfallið reiknast af, þannig að við bættust skuldir veðdeilda, en allar gengisbundnar skuldir voru teknar út. Lausafjárhlutfallið var lækkað úr 10% í 9%, og nokkrir bankar fengu sérstök aðlögunarlán að breyttum reglum. Eftir þessar breytingar veita reglurnar innlánsstofnunum aukið aðhald. Það verður þó ekki metið tölulega, þar sem ýmsar stærðir í efnahagsreikningum innlánsstofnana hafa að undanfögnu mótast af því, hvernig reglurnar eru hverju sinni. En líkt og bindiskyldubreytingin kemur aðhald þessara aðgerða fram með vaxandi þunga á endurgreiðslutíma aðlögunarlánanna.

Þróun peningamagns



Peningamagn og sparifé (M3) jókst um tæp 27% árið 1989, sem er heldur meira en árið á undan, er aukningin var 24%. Ársmeðaltal peningamagns og sparifjár sem hlutfall af landsframleiðslu hækkaði úr 32,1% árið 1988 í 34,3% árið 1989. Ráðstöfunarfé bankakerfisins, mælt á þennan hátt, hefur nú hækkað á hverju ári síðan 1978 eða frá



því að sparifjáreigendum buðust jákvæðir raunvextir á sparireikningum. Þessi þróun hefur ekki komið á óvart, heldur hefur verið talið, að innstæðueigendur muni halda áfram að byggja upp forðann á meðan vaxtakjör eru viðunandi, þar til að nýju jafnvægi væri náð. Hvar það jafnvægi liggur, er auðvitað ekki vitað með vissu, en oft er vitnað til þess, að áðurgreint hlutfall af landsframleiðslu var um 40% á sjöunda áratugnum og er enn hærra í nágrannalöndunum. Fróðlegt er að greina peningamagn og sparifé í tvo þætti, þ. e. peningamagn annars vegar (seðla og mynt í umferð og veltiinnlán) og spariinnlán hins vegar. Sem hlutfall af landsframleiðslu nam peningamagnið (M1) 10,4% að meðaltali árin 1966-1970. Þá tók það að lækka og náði lágmarki 1983, 4,4%, en hefur hækkað lítið eitt síðan og var 5,7% árið 1989. Hins

vegar hefur spariféð, sem landsmenn geyma í innlánsstofnunum, næstum náð því stigi, sem það var á, áður en rýrnunin á áttunda áratugnum átti sér stað. Það nam 29,9% af landsframleiðslu að meðaltali árin 1966-1970, náði lágmarkinu 14,9% árið 1978, en hefur hækkað síðan og nam 28,4% árið 1989. Þessu til viðbótar hafa innlánsstofnanir selt bankabréf og veðdeildarbréf síðustu ár. Séu þau talin með spariinnlánunum, náði hlutfall þeirra af landsframleiðslu 32,5% árið 1989.

Tafla V.5. Úr reikningum bankakerfisins 1988 og 1989.
(Í m.kr.)



	Hreyfingar								
	Staða	1988		1989		1. árs- fjórð.	2. árs- fjórð.	3. árs- fjórð.	4. árs- fjórð.
	31.12. 1989	1988	1989	1989	1989	1989	1989	1989	
Gjaldeyrisstaða	22.870	2.425	9.251	9.459	-2.480	2.228	-31		
(Þar af endurmat)		(1.702)	(4.417)	(1.345)	(1.384)	(1.188)	(500)		
Endurlánað erlent lánsfé	34.857	9.239	8.107	3.481	2.317	853	1.456		
Innlendir liðir nettó	112.147	24.299	18.067	-2.827	10.663	-803	11.191		
Lán Seðlabanka	9.647	3.744	-722	-3.924	1.807	-942	2.337		
Lán innlánsstofnana	116.434	23.803	20.930	2.325	8.448	3.482	6.675		
Ríkisvixlar innlánsst.	2.742	-235	2.574	822	1.171	1.858	-1.277		
Ýmsir sjóðir (-) ¹⁾	-990	169	1.717	-73	-833	1.024	1.599		
Annað nettó	-15.686	-3.182	-6.432	-1.977	70	-6.225	1.857		
Samtals	169.874	35.963	35.425	10.113	10.500	2.278	12.616		
Peningamagn og sparifé	112.536	17.200	23.734	3.344	8.499	954	10.936		
Sparifé á uppsagnarreikn.	20.657	831	5.126	1.417	-395	937	3.167		
Pen.magn og ób. sp.fé (M2)	91.879	16.369	18.608	1.927	8.894	17	7.769		
Óbundið sparifé	72.197	14.266	13.779	1.304	7.268	-528	5.735		
Peningamagn (M1)	19.682	2.103	4.829	623	1.626	545	2.034		
Verðbréfaútgáfa	12.929	5.400	4.064	2.559	-17	1.041	481		
Aðrar innl. lántökur	2.230	180	-166	-341	131	167	-123		
Erlend lán v/afurðalána	8.153	3.388	-206	1.027	14	-831	-416		
Erl. skuldir til endurlána	34.026	9.795	7.999	3.524	1.873	947	1.738		


	Hreyfingar í % ²⁾					
Endurlánað erlent lánsfé	52,8	30,4	71,5	43,1	-11,5	32,0
Innlendir liðir nettó	34,3	20,4	-2,5	45,7	7,2	38,0
Peningamagn og sparifé (M3)	24,0	26,8	20,5	27,9	21,5	38,2
Peningam. og ób. sparifé (M2)	28,8	25,5	18,4	36,8	20,0	27,4
Peningamagn (M1)	16,5	32,5	31,1	34,5	19,4	46,6

- 1) Auk sjóða í opinberri vörslu eru hér innstæður fjárfestingarlánasjóða í Seðlabanka. Innstæður og innstæðuaukning eru merktar með mínusmerki.
- 2) Árgildi hreyfinga á hverjum ársfjórðungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttum tölum. Peningamagnstölur eru með áætludum áföllnum vöxtum.

Úr reikningum Seðlabankans

Grunnfé jókst um 29% árið 1989 samanborið við 11% árið á undan. Aukning grunnfjár mótast jafnan af gjaldeyriskaupum bankans umfram sölu annars vegar og innlendum lánum hins vegar. Tafla V.6 sýnir, að grunnfjárukningin árið 1989 verður einkum rakin til þess bata, sem varð á gjaldeyrisstöðu, en hún batnaði um 3,7 mrð.kr. að viðbætti 4,4 mrð. kr. hækkun vegna endurmats eða samtals um 8,1 mrð.kr. Lán og aðrir innlendir liðir Seðlabankans lækkuðu hins vegar um 3,1 mrð.kr. svo að aukning grunnfjár varð 5 mrð.kr.

Rétt er að geta þess, að bati gjaldeyrisstöðu og lækkun á innlendum kröfum Seðlabankans skýrist að hluta til af því, að ríkissjóður tók í marsmánuði 5 mrð.kr. erlent lán til að endurgreiða Seðlabankanum skuld, sem myndast hafði árið 1988. Skv. lögum um Seðlabankann, sem tóku gildi 1. nóvember 1986, getur bankinn veitt ríkissjóði lán til skamms tíma, en slík lán ber að endurgreiða fyrir lok fyrsta ársfjórðungs næsta árs á eftir. Það er umhugsunarefni, hvort umrædd lántaka erlendis samræmist þeirri stefnu, sem Alþingi mótaði með lagaákvæðinu. Hafi tilgangur laganna verið sá að draga úr peningaframboði af völdum halla ríkissjóðs, má ljóst vera, að þeim árangri hefur ekki verið náð, því að erlent lán hefur sömu áhrif á framboð peninga og lántaka í Seðlabankanum. Til að ná slíku marki hefði hallinn á ríkissjóði þurft að vera minni eða innlend fjáröflun utan Seðlabankans meiri. Árið 1989 aflaði ríkissjóður mikils lánsfjár á innlendum markaði, einkum með sölu ríkisvixla. Það dugði þó ekki til að mæta hallanum, sem myndaðist það ár, heldur þurfti ríkissjóður (A-hluti) að fá yfirdráttarlán í Seðlabankanum að fjárhæð 1,9 mrð.kr.



Undanfarin ár má segja, að ríkissjóður hafi reynt að selja eins mikið og unnt er af spariskírteinum og ríkisvixlum með vöxtum, sem fjármálaráðuneytið ákveður. Því, sem á vantar, hefur verið mætt með Seðlabankaláni eða erlendu láni. Vera kann heillavænlegra að setja ákveðin hámark á síðarnefndu lánin, sem valdið geta peningaþenslu, en mæta því, sem þá vantar, með lántöku á innlendum markaði með þeim vöxtum, sem þar ríkja. Vextirnir réðust þá að líkindum m. a. af því, hve mikil fjárþörfin er, og gætu orðið háir, sé hún mikil og óvænt eins og verið hefur að undanförunu. Spyrja má, hvort slík stefna sé ekki líklegri til að veita nauðsynlegt aðhald að eftirspurn í hagkerfinu og/eða stuðla að hraðari niðurfærslu ríkishalla en raun hefur á orðið.

Eins og fram hefur komið í ársskýrslum Seðlabankans síðustu ár hefur orðið mikil breyting á viðskiptum hans undanfarin ár. Þær breytingar, sem mest áhrif hafa haft á efnahagsreikning bankans, eru niðurfelling endurkaupa og lækkun bindiskyldu ásamt verulegum bata á stöðu innlánsstofnana gagnvart bankanum. Hér verður stutt-

Tafla V.6. Úr reikningum Seðlabankans 1988 og 1989.
(Í m.kr.)

	Hreyfingar						
	Staða			1.árs-	2.árs-	3.árs-	4.árs-
	31.12.	1988	1989	fjórð.	fjórð.	fjórð.	fjórð.
	1989			1989	1989	1989	1989
Gjaldeyrisstaða	20.005	1.383	8.086	8.474	-3.113	3.078	-353
(Par af endurmat)		(1.702)	(4.417)	(1.345)	(1.384)	(1.188)	(500)
Endurlánuð löng erl.lán	407	-56	-3	27	33	25	-88
Innlendir liðir nettó	2.063	425	-3.067	-4.810	445	-1.049	2.346
Kröfur á ríki nettó	8.803	4.052	-810	-1.397	-317	-642	1.546
Bein lán til A-hluta	1.934	4.147	-3.096	-934	-309	-974	-879
Ríkisvixlar	2.085	-181	1.885	-200	200	-80	1.965
Markaðsskráð verðbr.	1.218	86	291	-223	-173	413	274
Ríkisstofnanir nettó	-747	-473	-34	-2.365	2.217	-526	640
Kröfur á fjárf.lánasj.	873	105	-323	331	-78	37	49
Endurkaup	-	-158	-	-	-	-	-
Aðrar kröfur á innlánsst.	4.726	-341	161	282	184	176	-481
Kröfur á aðra aðila	718	61	445	169	-15	189	102
Sjóðir í opinb. vörslu(-) ¹⁾	314	1.028	1.173	34	247	639	253
Innst. fjárf.lánasj. (-) ¹⁾	-1.303	-859	545	-106	-1.081	385	1.347
Annað nettó	-11.321	-2.990	-4.224	-1.096	-712	-1.307	-1.110
Samtals	22.475	1.752	5.016	3.691	-2.635	2.054	1.905
Grunnfé	22.247	1.739	5.008	3.658	-2.660	2.106	1.904
Sjóður og innst. innst.	19.272	1.369	4.584	3.868	-2.921	2.176	1.467
Skyldubundnar innst.	13.928	652	3.399	554	581	952	1.312
Aðrar bundnar innst.	796	350	-837	364	-1.034	361	-528
Sjóður og aðrar innst.	4.548	367	2.022	2.950	-2.468	863	683
Seðlar og mynt í umferð	2.975	370	424	-210	261	-70	437
Erl. lánsfé til langs tíma	228	13	8	33	25	-52	1
		Hreyfingar í % ²⁾					
Grunnfé		11,2	29,0	95,0	-34,7	38,6	42,3
Skyldubundnar innstæður		6,6	32,3	33,5	31,7	68,1	52,5
Seðlar og mynt í umferð		16,6	16,6	-5,5	38,0	16,5	18,9

1) Innstæður og innstæðuaukning eru merktar með mínusmerki.

2) Árgildi hreyfinga á hverjum ársfjórðungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttum tölum.

lega vikið að atriði, sem tekið hefur miklum breytingum, en ekki verið fjallað mikið um áður, en það er staða „sjóða í opinberri vörslu“ gagnvart Seðlabankanum. Sjóðirnir, sem svo eru nefndir, eru t. d. Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, Aflatryggingarsjóður, orlofsfé, sem Póstgíróstofan hefur geymt í bankanum, o. fl. Þess eru dæmi, að einhver deild Verðjöfnunarsjóðs hafi fengið lán hjá Seðlabankanum, en þess utan hafa sjóðirnir einungis átt innstæður í bankanum. Árið 1989 gerðist það í fyrsta sinn, að staða sjóðanna gagnvart bankanum varð neikvæð, þ.e. a. s. lán þeirra hjá bankanum urðu

hærri en innlán. Fyrir tíu árum jafngiltu innstæður sjóðanna 2,2% af landsframleiðslu, svo að sjá má, að hér er um að ræða umtalsverða breytingu. Ástæður þessa eru í fyrsta lagi þær, að sjóðir, sem tilheyrt hafa þessum flokki, hafa verið lagðir niður. Á það t.d. við um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og gengismunarsjóði, sem fyrir á árum voru myndaðir með sérstökum lögum í tengslum við gengisfellingar. Þá hefur orlofsfé Póstgíróstofunnar færst úr Seðlabankanum yfir í innlánsstofnanir á grundvelli laga nr. 30 frá 1987. Það er fé, sem safnast upp yfir árið, en greiðist allt út í maí-júní, og þurfa innlánsstofnanir, sem við þessu hafa tekið, að búa sig undir verulegar úttektir í þeim mánuðum. Segja má, að eini sjóðurinn í þessum flokki, sem eftir er í Seðlabankanum, sé Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, en staða hans í árslok 1989 var neikvæð gagnvart bankanum um 357 m.kr. og hafði versnað um 1.446 m. kr. árin 1988-1989.


Eftirfarandi tafla sýnir í hnotskurn þá grundvallarbreytingu, sem orðið hefur á starfsemi Seðlabankans síðustu fimm ár. Hún sýnir aukningu grunnfjár sem hundraðshluta af landsframleiðslu að meðaltali á ári á fimm ára tímabilum í tvo áratugi. Til fróðleiks eru einnig sýndar samsvarandi tölur fyrir árið 1989 sérstaklega. Síðasta fimm ára tímabilið er ólíkt hinum, því að þá er grunnfjárukningin lægst og eingöngu borin uppi af breytingu gjaldeyrisstöðu. Fyrri tímabilin voru það hins vegar lán Seðlabankans, sem einkum báru uppi aukningu grunnfjár. Verður að telja það þróun í rétta átt, að þessi grunnuppspretta lausafjár í landinu mótist fremur af gjaldeyrisöflun en Seðlabankalánunum. Á hinn bóginn ber að hafa í huga, að gjaldeyris hefur einkum verið aflað með löngum erlendum lánunum, en ekki afgangi á viðskiptajöfnuði við útlönd, eins og árið 1989 er dæmi um.

*Tafla V.7. Aukning grunnfjár
(% af VLF)*

<i>Meðaltöl á ári</i>	<i>Breyting gjaldeyrisstöðu án gengis- uppfærslu</i>	<i>Breyting lána og annarra innlendra liða nettó</i>	<i>Samtals = breyting grunnfjár</i>
1970-1974	0,6%	1,6%	2,2%
1975-1979	0,6%	2,1%	2,8%
1980-1984	-0,1%	3,7%	3,6%
1985-1989	1,4%	0,0%	1,4%
1989	1,2%	0,5%	1,7%

Aukning grunnfjár árið 1989 varð allmikil. Hún olli myndun lausafjár hjá innlánsstofnunum talsvert umfram þau mörk, sem þeim er skylt að eiga skv. reglum, og lagði því grunninn að aukinni útlánagetu þeirra.

Innlánapróun



Útlán innlánsstofnana

Í kjölfar slíkrar þróunar hlýtur viðfangsefni við stjórn peningamála að vera að afstýra því, að þetta leiði til óhóflegrar útlánaaukningar.

Innlán í innlánsstofnunum jukust um 23,3 mrð. kr. árið 1989 eða 27% samanborið við 16,8 mrð. kr. (24%) árið á undan. Innlán innlánsstofnana eru langstærsti hlutinn af peningamagni og sparifé, sem fjallað er um hér að framan, og verður því litlu bætt við hér. Undanfarin ár hefur orðið sú grundvallarbreyting á samsetningu innlána, að fé á almennum sparibókum, sem fyrr var nær helmingur allra innlána, er nú aðeins um 13%. Veigamesti flokkur innlána eru innstæður á ýmsum sérkjarareikningum, og námu þær um 53% heildarinnlána í árslok 1989. Undanfarin tvö ár hefur orðið talsverð aukning veltiinnlána, þ. e. innlána á tékkareikningum, sem skýrist að líkindum af svonefndum sértékkareikningum, sem um tíma báru hliðstæð kjör og almennar sparibækur.


Útistandandi banka- og veðdeildarbréf námu 12,9 mrð.kr. í árslok 1989, og hafa þessi bréf nær öll verið gefin út síðustu þrjú ár. Árið 1989 jókst þessi stærð um 4,1 mrð.kr. og árið á undan um 5,4 mrð.kr.

Eins og getið er að framan dró verulega úr aukningu útlána á árinu. Lán og endurlán innlánsstofnana jukust um 24% árið 1989 samanborið við 37% árið á undan. Það er nýmæli í framsetningu Seðlabankans á reikningum innlánsstofnana að birta þessa stærð, því að jafnan hafa verið sýnd hvor í sínu lagi, útlán og endurlánað erlent lánsfé. Með því að draga saman þetta tvennt er leitast við að leggja áherslu á þá heildarstærð, sem mestu máli skiptir varðandi framboð lánsfjár frá innlánsstofnunum. Hins vegar er einnig gagnlegt að greina hana í sundur í þrjá þætti eins og gert er í töflu V.8. Erlend endurlán jukust um 31% á árinu, sem samsvarar nánast hækkun erlendra gjaldmiðla, þannig að þessi lán hafa í raun staðið í stað, metið í erlendri mynt. Þess má geta, að til að veita þessi lán taka innlánsstofnanir erlend lán á grundvelli reglna, sem um þau gilda hverju sinni. Getan til að veita slík lán ræðst því ekki af lausafjárstöðu, heldur af reglum um stutt erlend lán og þeim heimildum, sem viðskiptaráðuneytið veitir til að taka löng erlend lán. Aðhaldsaðgerðir af hálfu Seðlabankans hafa m. ö. o. engin áhrif á þróun þessara lána. Sama á raunar við um næsta lið í töflu V.8, gengisbundin afurðalán. Þau geta innlánsstofnanir veitt án þess að rýra lausafjárstöðu sína, þar eð heimilt er að mæta þeim með erlendu láni, enda sé ekki lánað meira en sem svarar 75% af verðmæti afurðanna. Aðhaldsaðgerðir Seðlabankans með beitingu bindiskyldu eða lausafjárhlutfalls hafa eingöngu áhrif á getu innlánsstofnana til að veita svonefnd almenn útlán sem voru um 2/3

hlutar heildarlána innlánsstofnana í árslok 1989 og aðeins fimm-
tungur af heildarlánnum lánakerfisins. Almenn útlán innlánsstofnana
jukust um 24% árið 1989 samanborið við 30% árið á undan.

Tafla V.8. Úr reikningum innlánsstofnana 1988 og 1989.
(Í m.kr.)

	Hreyfingar						
	Staða		1.árs- 2.árs- 3.árs- 4.árs-				
	31.12. 1989	1988	1989	fjórð. 1989	fjórð. 1989	fjórð. 1989	fjórð. 1989
Lausafjárstaða	10.099	2.563	6.027	5.066	-739	1.833	-133
Gagnvart Seðlabanka	4.491	1.756	2.287	3.184	-2.543	825	821
Gagnvart útlöndum	2.866	1.042	1.166	1.060	633	-850	323
Ríkisvixlar	2.742	-235	2.574	822	1.171	1.858	-1.277
Skyldubundnar innstæður	13.928	653	3.398	553	581	952	1.312
Aðrar innst. í Seðlabanka	796	350	-836	365	-1.034	361	-528
Lán og endurlán	150.885	33.010	29.039	5.779	10.732	4.309	8.220
Erlend endurlán	34.451	9.206	8.110	3.454	2.284	828	1.545
Gengisbundin afurðalán	12.430	4.361	809	812	1.957	-1.439	-556
Almenn útlán	104.004	19.443	20.120	1.513	6.491	4.920	7.231
Samtals	175.708	36.576	37.628	11.763	9.540	7.455	8.871
Heildarinnlán	109.562	16.838	23.310	3.547	8.239	1.023	10.501
Veltiinnlán	16.707	1.741	4.404	826	1.366	614	1.598
Óbundin spariinnlán	72.197	14.266	13.779	1.304	7.268	-528	5.735
Bundin spariinnlán	20.658	831	5.127	1.417	-395	937	3.168
Verðbréfaútgáfa	12.929	5.400	4.064	2.559	-17	1.041	481
Aðrar innl. lántökur	2.230	180	-166	-341	131	167	-123
Lánafyrirgreiðsla	4.669	882	428	523	110	137	-343
Endurkaup	-	-158	-	-	-	-	-
Verðbréf	2.058	700	193	352	-155	436	-441
Erlendir lánakvótar	2.611	340	235	171	265	-299	98
Erlend lán v/afurðalána	8.153	3.388	-206	1.027	14	-831	-416
Önnur erlend lán	33.798	6.305	8.075	3.492	1.847	1.000	1.736
Eigið fé og annað nettó	4.367	3.583	2.123	956	-784	4.918	-2.965



	Hreyfingar í % ¹⁾					
Lán og endurlán	37,2	23,9	21,9	32,9	13,7	28,2
Almenn útlán	30,2	24,1	13,5	27,0	22,4	34,3
Innlán og verðbréfaútgáfa	30,5	28,9	30,5	25,4	22,8	37,5
Heildarinnlán	24,3	27,1	21,8	28,9	19,1	39,7
Veltiinnlán	16,5	35,8	35,3	38,7	10,5	64,4
Óbundin spariinnlán	32,3	23,7	20,3	30,3	12,4	32,5
Bundin spariinnlán	4,3	34,7	28,5	3,5	38,9	70,5

- 1) Árgildi hreyfinga á hverjum ársfjórðungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttum tölum.
- 2) Innlánatölur eru með áætluðum áföllnum vöxtum.

Lausafjárstaða


Framangreind þróun útlána og innlána leiddi til verulegs bata lausafjárstöðunnar. Hún batnaði um 6 mrð. kr. á árinu og nam 10 mrð. kr. í árslok. Þessi bati varð m. a. til þess, að innlánsstofnanir keyptu mun meira en áður af ríkisvixlum. Að meðaltali yfir árið áttu þær ríkisvixla að fjárhæð 2,2 mrð. kr. og í lok ársins 2,7 mrð. kr., en höfðu aðeins átt 168 m. kr. í ársbyrjun. Bati lausafjárstöðunnar varð til þess, að innlánsstofnunum gekk yfirleitt vel að uppfylla þau skilyrði, sem sett eru með reglum um lausafjárhlutfall, eins og sjá má á yfirliti á blaðröndinni hér fyrir neðan.

Viðskipti Seðlabanka og innlánsstofnana

Lausafjárhlutfall banka og sparisjóða

1989	Lágmark	Útkoma
Janúar	10,0	9,63
Febrúar	10,0	10,61
Mars	10,0	11,70
Apríl	9,0	10,85
Mái	9,0	11,85
Júní	9,0	10,82
Júlí	9,0	10,01
Ágúst	9,0	11,71
September	9,0	11,16
Október	9,0	10,82
Nóvember	9,0	10,53
Desember	9,0	10,86

Fyrirgreiðsla Seðlabankans við innlánsstofnanir á árinu 1989 hefur einkum falist í því að aðstoða einstakar stofnanir við að aðlaga sig breyttum lausafjárstöðureglum. Í því skyni er nú algengt, að Seðlabankinn kaupir tímabundin verðbréf í eigu innlánsstofnunar og gerður sé samningur um endurkaup, þar sem nákvæmlega er kveðið á um, hvenær og á hvaða verði hlutaðeigandi innlánsstofnun kaupir bréfin aftur. Algengt er, að bréfin séu krafa á þriðja aðila, t.d. ríkissjóð. Auk þessarar fyrirgreiðslu kaupir Seðlabankinn ríkisvixla af innlánsstofnunum, sem þess óska, í fáeina daga í senn. Ennfremur kaupir bankinn af þeim stutta vixla (mest 5 daga), og eru slík lán veitt afturvirktt um einn dag til þess að jafna út yfirdrátt á viðskiptareikningi við Seðlabankann.



Svonefnd innstæðubréf, sem innlánsstofnanir eiga, eru tvenns konar. Annars vegar eru það löng bréf, sem urðu til við lækkun bindingar árin 1985 og 1987, og hins vegar stutt bréf, sem Seðlabankinn býður innlánsstofnunum til kaups. Innlánsstofnanir hafa getað borið saman kjör innstæðubréfa og ríkisvixla og valið það sem hagstæðara þykir

hverju sinni. Seðlabankinn seldi innstæðubréf einkum á fyrri hluta ársins 1989, en að meðaltali yfir árið námu slík bréf í eigu innlánsstofnana nálægt 400 m.kr.

Önnur viðskipti innlánsstofnana og Seðlabankans hafa verið með hefðbundnum hætti. Fer hér á eftir sundurliðað yfirlit yfir stöðuna í lok árána 1988 og 1989.

Tafla V.9. Staða innlánsstofnana við Seðlabankann.

(Í m.kr.)

	Í árslok		Breyting
	1988	1989	1989
<i>Fyrirgreiðsla Seðlabankans:</i>			
Verðbréf	1.865	2.058	193
Stutt lán v/viðskiptareiknings	311	45	-266
Önnur stutt lán	12	12	0
Ríkisvxlakaup	200	2.085	1.885
Verðbréfakaup	101	0	-101
Erlend kvótalan	2.376	2.611	235
Alls	4.865	6.811	1.946
<i>Sjóður og innstæður í Seðlabanka:</i>			
Bundið fé	10.529	13.928	3.399
Almennar innstæður	884	1.047	163
Stutt innstæðubréf	180	0	-180
Önnur innstæðubréf	1.452	794	-658
Gjaldeyriseikningar	1.238	3.134	1.896
Seðlar og mynt í sjóði	404	368	-36
Alls	14.688	19.270	4.582

Millibankamarkaður

Í tímans rás hafa bankar og sparisjóðir í síauknum mæli nýtt sér kosti þess að eiga viðskipti á millibankamarkaði. Millibankalán hafa verið betri kostur en stutt víxillán í Seðlabanka, sem bankarnir hafa getað fengið, þegar útlit er fyrir yfirdrátt á viðskiptareikningi í Seðlabanka. Þau hafa að mestu leyti komið í stað fyrirgreiðslu af hálfu Seðlabankans, t. d. voru stutt víxillán bankanna í Seðlabanka aðeins 61 m.kr. að meðaltali á mánaðamótum árið 1989, en höfðu verið um 1.781 m.kr. að meðaltali árið 1985.

Samningar um millibankalán eru jafnan til mjög skamms tíma í senn, t. d. viku, en í reynd hefur þó verið um varanlegri fjármögnun að ræða. Lánveitendur hafa á þessum markaði getað nýtt sér það umframlausafé, sem þeir hafa hverju sinni. Samkvæmt reglum um lausafjárhlutfall innlánsstofnana koma millibankaskuldir ekki til frádráttar lausu fé lánþegans, enda séu þær ekki hærri en 3% af ráðstöfunarfé. Þetta hvetur lántakendur til að nýta sér millibankamarkaðinn fremur en t. d. stutt víxillán frá Seðlabanka, sem koma að fullu til frádráttar lausu fé við uppgjör lausafjárhlutfallsins.

Árið 1989 var engin undantekning frá fyrri árum, þar sem aukning viðskipta á millibankamarkaðnum varð langt umfram hækkun verðlagsvísitalna. Millibankalán, sem rekja má til mismunandi lausafjárstöðu banka og sparisjóða, námu um 2.629 m.kr. að meðaltali 1989 samanborið við 1.933 m.kr. frá fyrri ári, sem er um 36% aukning. Eru þá einnig meðtaldar gjaldeyrisinnstæður milli banka og sparisjóða, en þær voru um 480 m.kr. að meðaltali. Til viðbótar þessum viðskiptum eru einnig gengisbundin afurðalán, sem koma við sögu í millibankaviðskiptum. Þau voru í lok hvers mánaðar 1.495 m.kr. að meðaltali samanborið við 1.279 m.kr. árið 1988. Millibankaviðskipti hafa því í heild verið um 4.124 m.kr. og höfðu aukist um 912 m.kr. eða um 28,4% frá fyrri ári.

Tafla V.10. Millibankaviðskipti 1989.

(Meðalstaða hvers mánaðar í m.kr.)

1989	Lánveitendur		Lántakendur		Samtals	Meðal- Gengisb. ávöxtun afurðalán	
	Viðsk.-bankar	Sparisjóðir	Viðsk.-bankar	Sparisjóðir		í % á ári ¹⁾	Staða í lok mánaðar
Janúar	1.080	1.133	1.908	305	2.213	11,1	1.450
Febrúar	1.229	1.118	2.097	250	2.347	13,6	1.613
Mars	1.284	1.205	2.261	228	2.489	15,8	1.654
Apríl	1.556	1.424	2.702	278	2.980	21,4	1.654
Mái	1.380	1.643	2.795	228	3.023	24,5	1.770
Júní	1.443	1.681	2.908	216	3.124	24,5	1.643
Júlí	1.493	1.051	2.318	226	2.544	24,5	1.897
Ágúst	1.528	1.138	2.639	27	2.666	24,5	1.319
Sept.	1.318	796	1.909	205	2.114	21,5	1.216
Okt.	1.722	983	2.424	281	2.705	20,9	1.243
Nóv.	1.874	1.061	2.703	232	2.935	20,9	1.253
Des.	1.334	1.076	2.249	160	2.410	25,7	1.223
Meðaltöl							
1989	1.437	1.192	2.409	220	2.629	22,4 ²⁾	1.495
1988	1.031	902	1.684	249	1.933	34,0	1.279

1) Hér er sýnd grunnávöxtun 7 daga láns hjá Landsbankanum.

2) Vegin meðalávöxtun viðskipta.


Meðalávöxtun á millibankamarkaði að frátöldum gjaldeyrisinnstæðum og gengisbundnum afurðalánnum var 20,8% á árinu, sem gefur til kynna neikvæða raunávöxtun að meðaltali árið 1989. Rétt er að vekja athygli á, að hér er miðað við grunnávöxtun lána hjá Landsbanka, stærsta lántakandanum. Þessir vextir geta hækkað um allt að 2%, ef lánað er til fjögurra vikna eða lengri tíma. Samkvæmt upplýsingum frá Landsbanka var vegin meðalávöxtun millibankalána 22,4% árið 1989. Vextir á millibankamarkaði lækkuðu meira árið 1989 en vextir á öðrum sviðum peningamarkaðar (sjá töflu V.4), vegna hinnar rúmu lausafjárstöðu sem innlánsstofnanir bjuggu við.

Ríkisvixlar

Sala ríkisvixla var mikil á árinu 1989, og jukust útstandandi vixlar ríkissjóðs úr 713 m.kr. í 5.884 m.kr. eða um 5.171 m.kr. Þróunin yfir árið var sú, að fyrstu tvo mánuðina lækkaði staðan, en hækkaði síðan í hverjum mánuði til loka ágústmánaðar með undantekningu í júní, en þá varð væg lækkun. Á tímabilinu september til nóvember lækkaði vixlastaðan talsvert, en í desember jókst salan á ný.

Innlánsstofnanir keyptu langstærstan hluta ríkisvixlanna, sem gefnir voru út á árinu 1989, enda batnaði lausafjárstaða þeirra verulega á árinu eins og áður segir. Ríkisvixlar hafa reynst mjög eftirsóttir til þess að geyma laust fé, og innlánsstofnanir hafa notað þá til þess að uppfylla verulegan hluta af þeim kröfum, sem settar eru um lausafjárhlutfall þeirra. Það ræður einnig vinsældum ríkisvixla meðal innlánsstofnana, að Seðlabankinn kaupir slíka vixla tímabundið, ef innlánsstofnun óskar þess vegna óvæntra breytinga á greiðslugetunni. Ríkisvixlar mynda þannig varasjóð, sem grípa má til við breyttar aðstæður. Tíminn er síðan notaður til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir til endurbóta á greiðslugetu, og síðan kaupir innlánsstofnunin ríkisvixlana aftur af Seðlabankanum. Hámarkstími, sem Seðlabankinn kaupir ríkisvixla af innlánsstofnunum á, eru 10 dagar í senn.

Um síðastliðin áramót átti Seðlabankinn óvenjumikið af ríkisvixlum eða um 2.085 m.kr. samanborið við 200 m.kr. ári fyrr. Stafaði það m. a. af því, að í desember var söluskattur innheimtur tvívegis, þ. e. bæði vegna sölu í október og nóvember. Þurftu innlánsstofnanir að breyta miklu af ríkisvixlum í reiðufé við seinna uppgjörið.




Aðrir aðilar en innlánstofnanir og Seðlabankinn áttu 1.043 m.kr. í ríkisvíxlum í árslok 1989 samanborið við 345 m.kr. í árslok 1988. Um er að ræða fjárfestingarlánasjóði og tryggingarfélag, sem áttu um 540 m.kr. í árslok 1989, en ekkert í árslok 1988. Aðrir, s. s. einstaklingar og fyrirtæki, áttu um 400 m.kr. í ríkisvíxlum í árslok 1989, samanborið við um 335 m.kr. 1988.

Tafla V.11. Ríkisvixlar.

(Staða í m.kr.)

	Seðla- banki	Innl.- stofn.	Fjárf.- lána- sjóðir	Lífeyris- sjóðir	Tryggingar- félög	Verð- bréfa- sjóðir	Aðrir	Alls
31/12 1988	200	168	–	10	–	–	–	713
31/1 1989	–	87	–	10	21	–	291	409
28/2	–	59	–	–	51	–	195	305
31/3	–	991	–	–	51	–	209	1.251
30/4	–	1.152	–	–	51	–	199	1.405
31/5	–	2.454	–	–	71	–	190	2.715
30/6	200	2.172	–	–	71	–	206	2.650
31/7	80	2.929	–	–	79	–	258	3.264
31/8	180	4.293	150	58	79	31	282	5.073
30/9	120	3.912	300	63	85	31	294	4.805
31/10	–	3.215	300	38	93	–	291	3.937
30/11	150	2.723	150	11	88	–	297	3.419
31/12	2.085	2.756	526	6	115	–	396	5.884

Lífeyrissjóðir



70

Áætlun um ráðstöfunarfé lífeyrissjóða á árinu 1989 bendir til, að ráðstöfunarfé þeirra hafi numið 18,8 mrð.kr., sem er talsvert meira en áður hafði verið áætlað. Í áætlun frá september síðastliðnum var gert ráð fyrir, að ráðstöfunarfé lífeyrissjóða yrði 17,6 mrð.kr. á árinu 1989. Mikið innstreymi virðist hafa átt sér stað á síðasta ársfjórðungi, og er líklegasta skýring þess mikil innlausn spariskírteina og ef til vill bankabréfa.

Tafla V.12. Fjárstreymi lífeyrissjóða.

	1988		1989	
	Hreyfing í m.kr.	%	Hreyfing í m.kr.	%
Fjármagnshreyfingar og rekstur	9.309	59	12.391	33
Iðgjöld	10.063	36	11.472	14
Lífeyrisgreiðslur	4.532	34	5.053	11
Ráðstöfunarfé alls	14.840	50	18.810	27
Ný útlán	14.303	52	18.676	31
Innstæðu- og sjóðsbreyting	392	.	-346	.
Annað útstreymi	145	.	480	.

Stærstur hluti ráðstöfunarfjár lífeyrissjóðanna er nú innstreymi vaxta og afborgana af verðbréfaeign þeirra eða um 66%, en iðgjöld að frádregnum lífeyrisgreiðslum skila nú 34% af ráðstöfunarfénu. Hluttur iðgjalda að frádregnum lífeyrisgreiðslum hefur farið minnkandi, eftir því sem eignir lífeyrissjóðanna hafa vaxið og lífeyrisbyrðin hefur vaxið. Árið 1980 var hlutdeild iðgjalda að frádregnum lífeyri um tæp 50% af ráðstöfunarfénu. Lífeyrisgreiðslur hafa nánast tvöfaldast að raungildi á þessum áratug, en iðgjöld hafa vaxið um 66% á sama tíma, mælt með sama hætti, þrátt fyrir breikkun iðgjaldastofnsins. Eigið framlag, þ.e. vextir og afborganir að frádregnum rekstrar-kostnaði, hefur vaxið um 182% frá 1980 á föstu verðlagi.

Skuldabréfakaup lífeyrissjóða af Húsnæðisstofnun á árinu 1989 námu um 9,7 mrð.kr. eða röskum 50% af ráðstöfunarfé. Langflestir lífeyrissjóðir hafa gert samninga við Húsnæðisstofnun um skuldabréfakaup og er í þeim flestum miðað við, að kaupin skuli nema 55% af ráðstöfunarfé. Það fyrirkomulag er hins vegar á kaupunum, að í hverjum ársfjórðungi er miðað við ráðstöfunarfé næstliðins ársfjórðungs. Því má búast við, að á fyrsta ársfjórðungi ársins 1990 verði gerð skil á því mikla innstreymi, sem varð á síðasta ársfjórðungi 1989.

Nákvæmar upplýsingar liggja enn ekki fyrir um aðra ráðstöfun lífeyrissjóðanna, en vísbendingar gefa til kynna, að talsverð aukning hafi átt sér stað á lánum til sjóðfélaga og að þau hafi numið tæpum 3 mrð.kr. á síðasta ári, samanborið við tæpa tvo mrð.kr. á árinu 1988. Þessi lán drógust mjög saman í tengslum við samkomulag aðila vinnu-markaðarins um endurskipulagningu almenna húsnæðislánakerfisins 1986 og hafa verið í lágmarki allt frá 1985. Aukin ásókn sjóðfélaga í lán frá lífeyrissjóðunum kann að skýrast af þeim vandkvæðum, sem myndast hafa hjá Húsnæðisstofnun, m.a. löngum biðtíma eftir afgreiðslu lána frá Byggingarsjóði ríkisins.

Lausleg áætlun um eignir lífeyrissjóðanna bendir til, að þær hafi numið tæpum 104 mrð.kr. í lok ársins 1989 og aukist um 29,4 mrð.kr. á árinu eða 39%. Hér á eftir er í fyrsta sinn birt tafla um efnahag lífeyrissjóðanna og sundurliðun verðbréfaeignar þeirra. Rétt er að hafa ýmsa fyrirvara við þessar upplýsingar, þar sem nokkuð er um, að lífeyrissjóðir flokki ekki eignir rétt í skýrslum sínum. Sérstaklega virðist skipting milli lána til fjárfestingarlánasjóða og ríkissjóðs hafa brenglast á árunum 1984-1986, þegar lífeyrissjóðir gátu keypt spari-skírteini til að uppfylla samninga um skuldabréfakaup.

Tafla V.13. Eignir lífeyrissjóða 1982-1989.

Stöðutölur í lok árs í mrð.kr.


	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989 ¹⁾
Útlán og verðbréf	6,2	11,9	16,6	25,1	33,5	47,9	67,5	95,8
Ríkissjóður	0,4	0,4	1,8	3,8	6,1	7,2	7,8	...
Sveitarfélög	0	0	0	0	0,1	0,2	0,3	...
Fjárfestingarlánasj. ...	2,9	5,3	6,2	9,2	11,4	17,9	27,9	42,8
Fjármálastofnanir ...	-	-	-	-	-	2,9	7,1	...
Fyrirtæki	0	0,1	0,2	0,4	0,6	1,9	3,4	...
Hlutabréf	-	-	-	-	-	0,1	0,2	...
Sjóðfélagar	2,8	6,1	8,4	12,4	15,4	17,7	20,7	...
Innstæður og sjóður ...	0,4	0,7	0,6	1,2	1,7	2,1	2,5	2,2
Aðrar eignir	0,4	0,6	0,9	1,4	2,0	3,2	4,7	5,6
Heildareignir	6,9	13,2	18,1	27,8	37,3	53,2	74,7	103,6
Heildareign sem % af peningal. sparnaði .	26,5	27,4	29,1	29,8	30,2	30,6	33,0	34,1

1) Áætlaðar tölur sem byggja á úrtaki lífeyrissjóða.

Hlutdeild lífeyrissjóðanna í peningalegum sparnaði hefur vaxið hægt og sígandi á undanförunum árum og nemur nú röskum 34% og hefur hækkað úr 26,5% frá árinu 1982. Að stærstum hluta eru eignir lífeyrissjóðanna ávaxtaðar í verðbréfum ríkissjóðs eða verðbréfum með ríkisábyrgð svo sem verðbréfum fjárfestingarlánasjóða, en lán til sjóðfélaga eru um þriðjungur af verðbréfaeign sjóðanna. Á síðustu árum hafa lífeyrissjóðir fjárfest umtalsverðar fjárhæðir í markaðsverðbréfum, sem gefin hafa verið út af fjármálastofnunum, aðallega bönkum, veðdeildum þeirra og verðbréfum nokkurra fjárfestingarlánasjóða. Ekki liggja enn fyrir upplýsingar um hve mikið sjóðirnir áttu af slíkum bréfum í árslok 1989, en í árslok 1988 var hér um að ræða röska 7 mrð.kr.

Fjárfestingar- lánasjóðir

Heildarútlán fjárfestingarlánasjóða jukust um 38% á árinu 1989 og námu 121,2 mrð.kr. í árslok 1989. Útlán byggingarsjóðanna námu 64,9 mrð.kr. í árslok, en útlán atvinnuvegasjóðanna námu um 56,4 mrð.kr. Mun meiri aukning varð á útlánum byggingarsjóðanna eða 43% en á útlánum atvinnuvegasjóðanna, sem jukust um 33%. Langstærsti hluti fjármagns fjárfestingarlánasjóðanna er af innlendum uppruna eða 46,9%, en erlend lán eru um 24,9%. Afgangur þess fjármagns, sem sjóðirnir hafa til ráðstöfunar, er eigið fé, en það hefur farið minnkandi hlutfallslega undanfarin ár. Lán til einstaklinga eða heimila eru um 47,9% af útlánum fjárfestingarlánasjóðanna, og hafa þau vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. Skipta þar mestu stóraukin útlán byggingarsjóðanna á undanförunum árum.



Lánasjóðir ríkis

Tafla V.14. Hlutfallsleg skipting lána fjárfestingarlánasjóða.
(Í lok hvers árs í %)

	1984	1985	1986	1987	1988	1989
Ráðstöfunarhlíð:						
Opinberir aðilar	7,0	6,0	5,3	4,8	4,7	5,1
Fyrirtæki	56,5	51,7	51,2	48,5	48,6	47,0
Einstaklingar	36,5	42,3	43,5	46,7	46,7	47,9
Útlán alls	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Upprunahlíð:						
Innlend lán	46,8	45,9	45,8	46,9	47,9	48,9
Erlend lán	25,6	24,6	23,5	22,2	23,7	25,9
Eigið fé o.fl. nettó	27,6	29,5	30,7	30,9	28,4	25,2

Hér er í fyrsta skipti birt yfirlit um efnahag þeirra lánastofnana, sem ganga undir samheitinu lánasjóðir ríkis í lánakerfinu. Um er að ræða sjóði af ýmsum toga, en stærstur þeirra er endurlán ríkissjóðs, en þar eru færð veitt lán ríkissjóðs til B-hluta stofnana, sveitarfélaga, fyrirtækja ríkisins og annarra. Á skuldahlíð endurlána eru allar erlendar lántökur ríkissjóðs og meirihluti langra lána, sem tekin hafa verið á innlendum markaði, svo sem spariskírteini. Heildareignir endurlána ríkissjóðs námu 28,9 mrð.kr. í árslok 1989.

Tafla V.15. Lánasjóðir ríkisins.

Staða í lok tímabils í m.kr.	1986	1987	1988	Brbt. 1989	Hreyfingar í	
					m.kr.	%
EIGNIR:						
Innstæður og sjóður	134	370	1.111	919	-192	-17,3
Verðbréfaeign og veitt lán .	23.277	5.318	32.896	48.467	15.571	47,3
Endurlán ríkis	17.585	17.559	22.028	27.945	5.926	26,9
LÍN	6.307	8.938	12.496	17.344	4.848	38,8
Ríkisábyrgðasjóður ¹⁾	943	997	1.284	1.627	343	26,7
Hafnabótasjóður ¹⁾	167	210	293	320	27	9,2
Orkusjóður ¹⁾	769	367	382	400	18	4,7
Atvinnuleysistryggsjóður .	959	1.102	1.242	1.459	217	17,5
Atvinnutrsj. útflutngreina	242	5.675	5.433	...
Frá dragast innbyrðis lán .	-3.453	-3.855	-5.071	-7.281	-2.210	43,6
Eignir=skuldir	23.411	25.688	34.007	48.417	14.410	42,4
SKULDIR:						
Spariskírteini	10.072	14.248	19.735	26.447	6.712	34,0
Önnur verðbréfaútgáfa ²⁾	171	3.431	3.260	...
Lán frá lánastofnunum	1.926	2.039	2.353	3.755	1.402	59,6
Erlend lán	29.202	29.837	40.081	58.247	18.166	45,3
Eigið fé og annað nettó	-17.789	-20.436	-28.333	-43.463	-15.130	53,4

1) Árslokatalur 1989 eru áætlaðar.

2) Verðbréfaútgáfa Atvinnutryggingasjóðs útflutningsgreina.

Verðbréfasjóðir

Nýr sjóður í þessum flokki er Atvinnuþryggingasjóður útflutningsgreina. Útlán hans nema um 5,7 mrð.kr. í árslok 1989. Stærstur hluti þess fjármagns, sem sjóðurinn hefur ráðstafað, er fenginn með verðbréfaútgáfu eða 3,5 mrð.kr. og er þar um að ræða skuldabréf, sem sjóðurinn hefur gefið út og látið í skiptum til lánastofnana og annarra við uppgjör á skuldum útflutningsfyrirtækja. Annar stærsti sjóðurinn í þessum flokki er Lánasjóður íslenskra námsmanna, en útlán hans námu um 17,3 mrð.kr. í árslok og höfðu aukist um tæp 39% á árinu.

Í árslok 1989 voru 17 verðbréfasjóðir starfandi hjá 6 rekstraraðilum, en vegna sameiningar banka í ársbyrjun 1990 hefur rekstraraðilum sjóðanna nú fækkað í fjóra. Hlutdeildarbréf verðbréfasjóðanna jukust úr 5,7 mrð.kr. í árslok 1988 í 9,1 mrð.kr. í árslok 1989, og er aukningin um 59%. Heildareignir sjóðanna í árslok 1989 námu 9,3 mrð.kr., og er um 9,1 mrð.kr. ávaxtaðar í verðbréfum af ýmsum toga. Eignir verðbréfasjóðanna eru samsettar á mismunandi vegu allt eftir því, hvaða fjárfestingarstefnu þeir fylgja. Í árslok 1989 er um helmingur verðbréfanna annaðhvort fasteignaveðtryggður eða með sjálfskuldarábyrgð. Hlutur bankabréfa er um 9%, og hlutur spariskrifteina er svipaður eða tæp 10%. Hlutur þeirra hefur vaxið hratt á árinu, en hann var tæp 4% í ársbyrjun. Þessa aukningu má að mestu leyti rekja til reglna, sem settar hafa verið um skyldukaup verðbréfasjóða á ríkisverðbréfum. Um 9% af verðbréfaeigninni eru önnur skuldabréf með ábyrgð ríkis eða sveitarfélaga. Hlutabréfaeign

Tafla V.16. Verðbréfasjóðir 1986–1989.

(Staða í árslok í m.kr.)

	1986	1987	1988	1989	Hreyf. 1989	Hreyf. í % 1989
<i>Eignir:</i>						
Sjóður og innstæður	19	19	46	-17	-63	-137,0
Verðbréf	1.266	3.738	5.801	9.128	3.327	57,4
Spariskírteini	60	186	887	701	376,9
Með ábyrgð ríkis og sveitarf.	130	278	809	531	191,0
Hlutabréf	9	23	192	169	734,8
Með bankaábyrgð	386	435	815	380	87,4
Með fasteignaveði	1.411	2.103	2.891	788	37,5
Með sjálfskuldarábyrgð	937	1.517	2.012	495	32,6
Greiðslukortanótur	104	170	66	63,5
Önnur verðbréfaeign	805	1.155	1.352	197	17,1
Aðrar eignir	2	0	0	223	223	...
Eignir = skuldir	1.287	3.757	5.847	9.334	3.487	59,6
<i>Skuldir:</i>						
Útgefin hlutdeildarbréf	1.274	3.695	5.720	9.081	3.361	58,8
Aðrar skuldir	8	42	97	214	117	120,6
Eigið fé	5	20	30	49	19	63,3

verðbréfasjóða er enn lítil eða 2%, en óx þó hratt á árinu, því að hún var aðeins um 0,4% í upphafi ársins. Ýmislegt bendir til, að þáttur hlutabréfa eigi eftir að aukast verulega í framtíðinni, enda er nú vaxandi áhugi fyrir hlutabréfaviðskiptum.

Eignarleigur

Samkvæmt bráðabirgðatölum námu heildareignir eignarleigna um 9,8 mrð.kr. í árslok 1989 og höfðu aukist um 23,5% á árinu. Nokkur stöðnun var í starfsemi eignarleignanna, og jukust leigusamningar aðeins um 15,2% á árinu. Þessi aukning er mun minni en verðlags- og gengisbreytingar gefa tilefni til, og því hefur í raun orðið samdráttur í þessari starfsemi. Enginn vafi er á, að samdráttur fjárfestingar og einkaneyslu undanfarin tvö ár hefur þrengt mjög starfsgrundvöll eignarleigna.

Tafla V.17. Eignarleigur 1986–1989.

(Staða í árslok í m.kr.)

	1986	1987	1988	Hreyfingar í		
				Brbt. m.kr.	%	
				1989	1989	
<i>Eignir:</i>						
Bankainnstæður	66	775	825	1.093	268	32,5
Innanlands	45	287	84	238	154	183,3
Í erlendri mynt	21	488	741	855	114	15,4
Leigusamningar	917	4.267	6.392	7.361	969	15,2
Í krónum	239	1.514	2.436	2.496	60	2,5
Í erlendri mynt	678	2.753	3.956	4.865	909	23,0
Aðrar eignir	38	324	702	1.326	624	88,9
Eignir = skuldir	1.021	5.366	7.919	9.780	1.861	23,5
<i>Skuldir:</i>						
Verðbréfaútgáfa	173	1.248	1.629	2.213	584	35,9
Tekin lán	684	3.580	5.517	6.494	977	17,7
Innlend	71	406	867	937	70	8,1
Erlend lán	613	3.174	4.650	5.557	907	19,5
Eigið fé o. fl.	164	538	773	1.073	300	38,8

Markaðsbréf

Í töflu V.18 er birt yfirlit um útistandandi markaðsverðbréf 1986-1989. Eins og undanfarin ár varð mikil aukning í útgáfu markaðsbréfa, og nam stofn þeirra um 75 mrð.kr. í árslok 1989. Hafa ber í huga að í þessari tölu felst nokkur tvítalning, þar eð verðbréfasjóðir o.fl. kaupa gjarnan markaðsverðbréf annarra aðila. Aukningin á árinu var um 71%. Gífurleg aukning varð eins og áður er getið í sölu ríkisvíxla, en í árslok voru útistandandi ríkisvíxlar að fjárhæð 5,9 mrð.kr., og var aukningin röskir 5,2 mrð.kr. á árinu. Mikilvægasti flokkur markaðsverðbréfa er spariskírteini ríkissjóðs, og í árslok voru útistandandi spariskírteini að fjárhæð 26,5 mrð.kr. Bankabréf, þ.e. markaðsbréf banka og sparisjóða og veðdeilda þeirra, námu 12,9 mrð. kr. í árslok og jukust um 46% á árinu.

Athygli skal vakin á því, að í töflu V.18 eru nú talin með hlutabréf í fyrsta sinn, og er gerð tilraun til að áætla verðmæti útistandandi hlutabréfa, miðað við markaðsverð þeirra sbr. skýringu neðanmáls við töfluna. Niðurstaðan er, að í árslok hafi verið útistandandi hlutabréf að fjárhæð 11,5 mrð.kr. samanborið við 5,5 mrð.kr. í lok fyrra árs.

Tafla V.18. Markaðsverðbréf 1986–1987.

(Staða í árslok í m.kr.)

	1986	1987	1988	1989	Hreyf. Hreyf.	
					í m.kr.	í %
Spariskírteini	9.925	14.021	19.735	26.534	6.799	34,5
Ríkisvixlar	932	713	5.884	5.171	725,2
Banka- og veðdeildarbr.	1.138	3.770	8.865	12.929	4.064	45,8
Hlutdeildarbréf verðbr.sj.	1.274	3.695	5.720	9.081	3.361	58,8
Bréf fjárfestingarlánasj.	283	876	1.594	2.655	1.061	66,6
Bréf eignarleigna	173	1.248	1.629	2.213	584	35,9
Hlutabréf ¹⁾	3.201	5.488	11.471	5.983	...
Bréf Atvinnutrsjóðs útflgr.	171	3.431	3.260	...
Hlutd.skírt. Hlutfjársljóðs	746
Samtals	12.793	27.743	43.915	74.944	31.029	70,7

¹⁾ Markaðsverðmæti er fundið með því að margfalda nafnverð hlutabréfa og auglýst sölu-gengi. Aðeins eru tekin hlutabréf þeirra hlutafélaga sem fengið hafa viðurkenningu ríkisskattstjóra skv. lögum nr. 9/1984 og hafa viðskiptavaka.

Verðbréfaþing Íslands

Árið 1989 var fjórða starfsár Verðbréfaþings Íslands. Á árinu fengu Búnaðarbanki Íslands og Landsbréf hf. aðild að þinginu, en aðrir þingaðilar auk Seðlabanka voru Landsbanki Íslands, Fjárfestingarfélag Íslands hf., Kaupþing hf., Verðbréfamarkaður Iðnaðarbanka hf., Samvinnubanki Íslands hf., Sparisjóður Hafnarfjarðar, Útveggsbanki Íslands hf., Verslunarbanki Íslands hf., Sparisjóður Reykjavíkur og nágr. og Alþýðubankinn hf.

Viðskiptavakar skráðra markaðsverðbréfa á Verðbréfaþingi eru skuldbundnir til þess að kaupa á hverjum degi viðkomandi flokka verðbréfa fyrir sem nemur 1/2‰ af markaðsverði flokksins. Jafnframt bjóða viðskiptavakar til sölu þau bréf í viðkomandi flokkum, sem þeir hafa í fórum sínum. Seðlabankinn er sem fyrr viðskiptavaki fyrir spariskírteini ríkissjóðs á Verðbréfaþingi, en með milligöngu þingaðila gefst eigendum skráðra spariskírteina kostur á að selja þau og kaupa á þinginu með stuttum fyrirvara. Spariskírteini ríkissjóðs hafa, frá því að Verðbréfaþing Íslands tók til starfa, verið uppistaðan í skráðum flokkum markaðsverðbréfa á þinginu. Fyrsti flokkur Húsbréfa 1989 var skráður á þingið hinn 15. nóvember, og eru Landsbréf hf. og Landsbankinn viðskiptavakar.

Tafla V.19. Yfirlit yfir markaðsverðbréf, skráð á Verðbréfaþingi Ísl. 31. desember 1989.

Tegund markaðsverðbréfs	Verðgildi í m.kr.	Hlutföll í %	Fjöldi skráðra flokka
Spariskírteini ríkissjóðs	26.015,9	94,0	47
Bankar og veðdeildir	723,5	2,6	6
Eignarleigur	393,2	1,4	3
Fyrirtæki	536,0	1,9	4
Húsbréf	12,4	1,0	1
Samtals	27.681,0	100,0	61

Heildarviðskipti á þinginu urðu um 1.488 m.kr., sem er tæplega þreföldun frá árinu áður. Seðlabankinn átti aðild að um 88% viðskiptanna og er það fjórum prósentustigum minna en árið áður. Viðskipti án aðildar Seðlabankans hafa því aukist nokkuð.

Tafla V.20. Viðskipti á Verðbréfaþingi Íslands 1989. (Í m.kr.)

	Seðlabanki			Aðrir	Meðal- Þar af ávöxtun ¹⁾		
	Kaup	Sala	Samt.		Alls	spskirt.	%
Janúar	74,4	6,8	81,2	17,4	98,6	97,6	7,8
Febrúar	27,1	3,2	30,3	8,4	38,7	37,9	8,0
Mars	1,7	186,4	188,1	2,6	190,7	190,7	7,9
Apríl	2,0	194,5	196,5	2,7	199,2	199,2	7,5
Maí	3,6	74,6	78,2	17,4	95,6	95,6	7,3
Júní	3,1	18,9	22,0	0,0	21,9	21,9	7,2
Júlí	142,9	2,4	145,3	0,4	145,7	145,4	6,9
Ágúst	56,5	5,2	61,7	17,5	79,2	79,2	6,9
September	195,4	8,5	203,9	9,6	213,5	213,5	6,7
Október	68,1	0,2	68,3	25,4	93,7	81,7	6,0-7,8
Nóvember	145,4	0,0	145,4	15,3	160,7	151,4	5,1-7,5
Desember	85,1	0,3	85,4	59,6	145,0	130,1	7,2
Samtals	805,3	501,1	1.306,4	181,7	1.487,9	1.444,2	7,0-7,4

¹⁾ Meðaltalið, ávöxtun umfram vísitöluhækkunir, er reiknað út frá vægi viðskipta og dagafjölda til áætlaðrar innlausnar. Í september var birting ávöxtunar spariskírteinaflokka, sem ríkissjóður getur sagt upp, breytt á þann hátt, að birt er ávöxtun bæði miðað við innlausn á næsta innlausnardegi og þeim síðasta. Því birtast hér tvær tölur í október og nóvember, en í desember voru óveruleg viðskipti með umrædda flokka spariskírteina.

Nýtt viðskiptakerfi var tekið í notkun í september, og var það sett upp á einkatölvu, sem þingið festi kaup á. Helstu einkenni nýja kerfisins eru þau, að öll tilboð þingaðila eru bindandi og að viðskipti eru staðfest í gegnum tölvunet.

Nýjar reglur um Verðbréfaþing Íslands (nr. 151/1989) voru staðfestar 24. febrúar 1989. Helstu breytingar varða tilnefningu fulltrúa í stjórn

Greiðslukort

þingsins. Seðlabankinn tilnefnir formann og að auki mann, sem valinn er úr atvinnulífínu vegna sérþekkingar á viðskiptamálum, að fenginni tillögu viðskipta- og hagfræðideildar Háskólans. Einnig heimiluðu reglurnar tekjuöflun þingsins og í framhaldi af því lagði stjórnin á þingaðila stofngjald, árgjald og veltugjald, sem standa á undir kostnaði við tæknivæðingu nýja viðskiptakerfisins og launum hins nýja utanaðkomandi stjórnarmanns.

Mikil aukning hefur orðið á notkun greiðslukorta hér á landi á undanförunum árum. Í töflu V.21 er sýnd velta greiðslukortafyrirtækjanna undanfarin ár. Greint er á milli kortanotkunar innanlands og erlendis. Eins og taflan ber með sér hafa orðið nokkur kaflaskil á síðasta ári, en þá dregur mjög úr aukningu kortanotkunar. Aukningin á innlendum markaði er þó um 31%, sem er nokkru meiri en hækkun verðlags og talsvert meiri en veltuaukning í smásöluverslun. Notkun erlendis hefur hins vegar dregist saman að raungildi. Heildarvelta greiðslukortafyrirtækja á síðasta ári nam röskum 40 mrð.kr. innanlands og erlendis, og samsvarar það um 22,7% af áætlaðri einkaneyslu á árinu 1989. Samsvarandi hlutfall á árinu 1988 var 19,9%.

Tafla V.21. Greiðslukortanotkun.

Mrð.kr.	Velta			Aukning			
	Innanl.	Erl.	Alls	Innanlands mrð.kr.	%	Erlendis mrð.kr.	%
1985	4,2	3,1	7,3				
1986	8,0	4,8	12,8	3,8	99,0	0,8	70,1
1987	13,7	6,8	20,8	5,7	71,1	1,3	65,4
1988	22,1	9,4	31,5	8,4	61,4	1,1	31,3
1989	28,9	11,1	40,0	6,9	31,0	0,9	20,7

VI. ERLEND SAMSKIPTI OG LÁNAMÁL

Alþjóðastofnanir

Seðlabankinn á fyrir hönd íslenskra stjórnvalda samskipti við ýmsar alþjóðastofnanir og erlendar fjármálastofnanir. Þar á meðal eru Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF), Alþjóðabankinn og systurstofnanir hans (World Bank Group), Efnahags- og framfarastofnunin (OECD), norrænu seðlabankarnir og Alþjóðlegi greiðslubankinn (BIS) auk fjölmargra fjármálastofnana, sem leggja stund á alþjóða-fjármagnsviðskipti.

Stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans

Engin breyting varð á árinu 1989 á skipan fulltrúa Íslands í sjóðsráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, og skipar Jóhannes Nordal stöðu aðalfulltrúa og Þórhallur Ásgeirsson stöðu varafultrúa. Daninn Jörgen Ovi var aðalfulltrúi Norðurlandanna í stjórn sjóðsins fram til 1. júlí 1989, er Finninn Markus Fogelholm, sem verið hafði varafultrúi, tók við stöðu hans. Á sama tíma tók Magnús Pétursson við stöðu varafultrúa.

Engin breyting varð á árinu 1989 á skipan fulltrúa Íslands í bankaráði Alþjóðabankans, og skipar Jón Sigurðsson stöðu aðalfulltrúa og Ólafur Ragnar Grímsson stöðu varafultrúa. Jónas Haralz var aðalfulltrúi Norðurlandanna í bankastjórninni, og Finninn Veikko Kantola var varafultrúi fram til 1. ágúst 1989, er Jorunn Maehlum frá Noregi tók við.

Ársfundir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans voru haldnir í lok september í Washington D. C. Fundina sóttu Jón Sigurðsson, Jóhannes Nordal, Ingimundur Friðriksson, Sigurgeir Jónsson, Björn Friðfinnsson og Birgir Árnason.

Starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins

Aðildarríkjum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins fjölgaði um eitt í júlí 1989, þegar Angóla var veitt aðild að sjóðnum. Alls eru nú aðildarríki sjóðsins 152 að tölu. Þá sóttu Tékkóslóvakía og Búlgaríja um aðild að sjóðnum á fyrstu mánuðum 1990.

Eitt mál öðrum fremur var mest áberandi í starfi sjóðsins á árinu 1989. Áformað hafði verið að stækka sjóðinn (hækka heildarkvóta aðildarríkjanna) á árinu 1988 í samræmi við ákvæði stofnsáttmála sjóðsins um endurskoðun á stærð hans á a. m. k. fimm ára fresti, en

stærð hans hefur verið um 90 mrð. SDR síðan 1983 þrátt fyrir mikið uppgangsskeið í alþjóðaeftahagsmálum og sívaxandi heimsframleiðslu. Samstaða náðist ekki um málið, og því var ákveðið að framlengja frestinn til að ljúka endurskoðuninni til aprílloka 1989 og síðar til ársloka 1989. Fresturinn var framlengdur á ný, nú til marsloka 1990, og þar sem ekki náðist samkomulag fyrir þann tíma, var hann framlengdur til júníloka 1990. Umræðunni um stækkun sjóðsins hefur fylgt umræða um hlutverk hans á komandi árum og sívaxandi erfiðleika nokkurra aðildarríkja við að endurgreiða lán, sem þau hafa fengið úr sjóðnum.

Norrænt samstarf

Árlegur fundur seðlabanka Norðurlandanna var haldinn í Söderköping í Svíþjóð 26.–28. júní 1989. Á fundinum var m. a. fjallað um þær afleiðingar, sem aukið frjálsræði á fjármagnsmarkaði og afnám hafta á fjármagnsflutningum á milli landa hafa á starfsemi og stjórnþæki seðlabanka. Seðlabankinn á fulltrúa í Norrænu fjárhagsnefndinni, sem fjallar um málefni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og ýmis gjaldeyrismál í tengslum við Norðurlandaráð. Haustfundur nefndarinnar var að þessu sinni haldinn í Reykjavík hinn 17. september. Fulltrúar Seðlabankans sóttu einnig fundi þeirra aðila á Norðurlöndum, sem annast erlendar lántökur fyrir ríkissjóði landanna.

Erlendar lántökur fyrir ríkissjóð

Á árinu 1989 tók ríkissjóður erlend lán til að mæta lánsfjárbörf sinni á árinu umfram innlendar lántökur, bæði vegna eigin starfsemi og vegna endlána til annarra aðila skv. heimildum í lánsfjárlögum fyrir árið 1989 og lögum nr. 113/1989, um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1989, og til að endurfjármagna eldri skuldir, bæði skammtímaskuldir, sem stofnað var til í árslok 1988 og í lok mars 1989 til að greiða skammtímaskuld ríkissjóðs í Seðlabankanum vegna greiðsluhalla á árinu 1988, og tveggja lána í yenum frá 1982 og 1983. Þörf ríkissjóðs fyrir erlent lánsfé var mætt með fimm nýjum lánum, þar af tveimur vel heppnuðum opinberum skuldabréfaútboðum. Auk þessa stofnaði ríkissjóður til einna vaxtaskipta á árinu.

Fyrsta lántaka ríkissjóðs á árinu 1989 var opinbert skuldabréfaútboð seint í janúar að fjárhæð 150 milljónir þýskra marka. Vextir af skuldabréfunum eru 6,625% á ári og greiðast einu sinni á ári, lánstíminn er 10 ár og lánið endurgreiðist í einu lagi. Útgáfuverð bréfanna var 101%. Milligöngu um útboðið hafði Westdeutsche Landesbank Girozentrale í Düsseldorf. Í apríl efndi ríkissjóður aftur til útboðs á opinberum skuldabréfamarkaði, nú að fjárhæð 100 milljónir Bandaríkjadollara. Vextir af bréfunum eru jafnir millibankavöxtum í London eins og þeir eru á hverjum tíma, að viðbættu 0,15% álagi, og greiðast tvisvar á ári. Lánstíminn er 5 ár, og lánið endurgreiðist í einu lagi. Milligöngu um útboðið hafði Goldman Sachs International Limited í London.

Tafla VI.1. Gjaldmiðlasamsetning erlendra skulda ríkissjóðs.

	Árslok 1988 %	Árslok 1989 %
<i>Fastir vextir</i>		
Bandaríkjadollarar	5,2	3,5
Sterlingspund	8,4	6,8
Svissneskir frankar	7,4	6,6
Franskir frankar	1,0	1,0
Vestur-þýsk mörk	11,3	17,1
Hollenskar flórínur	2,9	2,2
Japönsk yen	16,7	11,4
Evrópsk gjaldmiðilseining (ECU)	6,7	6,2
Aðrir gjaldmiðlar	0,1	0,1
Alls	59,7	54,9
<i>Breytilegir vextir</i>		
Bandaríkjadollarar	35,4	37,9
Svissneskir frankar	1,0	0,9
Vestur-þýsk mörk	3,9	6,2
Alls	40,3	45,0

Á árinu nýtti ríkissjóður sér endurgreiðsluákvæði í samningum um tvö yena-lán frá 1982 og 1983, enda höfðu vextir af yena-lánnum lækk- að töluvert frá þeim tíma. Samtals voru þessi lán að fjárhæð 10 mrð. yena. Áformað var að endurfjármagna þessi lán að fullu með nýjum yena-lánnum, en einungis reyndist unnt að endurfjármagna 7,5 mrð. í yenum með viðunandi kjörum, en mismunurinn var endurfjármagna- aður með sölu á skammtímavíxlum í Bandaríkjadollurum. Þessir 7,5 mrð. yena voru fengnir að láni í þrennu lagi. Í fyrsta lagi 2 mrð. yena í mars hjá The Sumitomo Fire & Marine Insurance Company fyrir milligöngu The Sumitomo Bank í London. Vextir af þessu láni eru 5,3% á ári og greiðast tvisvar á ári, lánstíminn er 10 ár og lánið endur- greiðist í einu lagi. Í öðru lagi 3 mrð. yena, einnig í mars, hjá Sumi- tomo Life Insurance Company fyrir milligöngu The Nippon Credit Bank í Japan og Goldman Sachs International Limited í London. Vextir af þessu láni eru 5,5% á ári og greiðast tvisvar á ári, lánstíminn er 12 ár og lánið endurgreiðist í einu lagi. Að síðustu voru 2,5 mrð. yena fengnir að láni í nóvember hjá Sumitomo Life Insurance Com- pany fyrir milligöngu The Sumitomo Bank í London. Vextir eru 5,65% á ári og greiðast einu sinni á ári, en það samsvarar 5,57% vöxtum, sem greiddir eru tvisvar á ári. Lánstíminn er 12 ár, og lánið endurgreiðist í einu lagi. Unnt er að endurgreiða öll yena-lánin að hluta til eða að öllu leyti á hvaða vaxtagreiðsludegi sem er, að 5 árum liðnum frá lántökudegi.

Ríkissjóður stofnaði til einna vaxtaskipta á árinu, þegar hann gerði samning í febrúar við Manufacturers Hanover Trust í London, sem gildir fram á mitt ár 1992. Samkvæmt þessum samningi greiðir Manu-

**Markaðsvirði á
erlendum skuldum
ríkissjóðs**

facturers Hanover Trust ríkissjóði árlega fjárhæð, sem samsvarar 6,73% ársvöxtum af 40 milljónum þýskra marka, og á móti greiðir ríkissjóður millibankavexti eins og þeir eru á hverjum tíma af sömu viðmiðunarfjárhæð.

Samsetning erlendra skulda ríkissjóðs eftir gjaldmiðlum breyttist á milli ára eins og fram kemur í töflu VI.1. Eins og sjá má hækkaði hlutur Bandaríkjadollara lítillega, og hlutur vestur-þýskra marka hækkaði verulega á kostnað japanskra yena. Hlutur annarra gjaldmiðla lækkaði lítillega, án þess að um innbyrðis breytingu væri að ræða.

Á undanförnum árum hefur ríkissjóður lagt ríkari áherslu á að afla erlends lánsfjár með opinberu skuldabréfaútboði. Kostir opinberra útboða eru einkum þrír. Í fyrsta lagi eru opinberir skuldabréfamarkaðir drýgri uppspretta lánsfjár en unnt er að tryggja með öðru móti, s. s. með beinum lántökum hjá bönkum, tryggingafélögum og lífeyrissjóðum. Það þýðir, að auðvelt er að mæta lánsfjárbörf ríkissjóðs með einni eða tveimur lántökum á opinberum markaði í stað fleiri lántaka hjá einstökum lánveitendum. Í öðru lagi fylgir opinberu skuldabréfaútboði kynning á íslenska hagkerfinu og umfjöllun í erlendum fjármálaritum. Með því móti er unnt að efla tengsl Íslands við erlenda lánveitendur til hagsbóta fyrir bæði ríkissjóð og aðra íslenska lántakendur. Í þriðja lagi leiðir þessi stefna til þess, að ríkissjóður heldur sig frá þeim lánsfjármörkuðum, sem aðrir íslenskir lántakendur hafa helst leitað til um erlent lánsfé.


Skuldabréf, sem gefin eru út á opinberum markaði, eru skráð í kauphöll og unnt er að sjá, hvernig gengi (markaðsvirði) þeirra breytist frá degi til dags. Í árslok 1989 var markaðsvirði allra útistandandi skuldabréfa, sem ríkissjóður hefur gefið út á opinberum skuldabréfamarkaði, um 1,3 mrð. kr. lægra en nafnverð þessara sömu skuldabréfa. Þetta endurspeglar þá staðreynd, að vextirnir á skuldabréfunum eru yfirleitt lægri en markaðsvextir voru í árslok 1989.

**Endurgreiðsluáætlun
ríkissjóðs af erlendum
skuldum**

Endurgreiðsluáætlun fyrir erlendar skuldir ríkissjóðs, að sveigjanlegum skuldbindingum undanskildum, er sýnd á meðfylgjandi mynd. Eins og sjá má vega árin 1994 og 1995 þyngst, og á þessum tveimur árum kemur til greiðslu þriðjungur af hefðbundnum langtíma-skuldum ríkissjóðs. Önnur þung ári eru 1997 og 1999, þegar um 13% af skuldunum koma til greiðslu hvort ár.

Mat á lánshæfni

Um langt skeið hafa bandarísku matsfyrirtækin Standard & Poor's og Moody's Investor Services metið lánshæfni lántakenda á alþjóðlegum fjármagnsmörkuðum, bæði til skemmri og lengri tíma litið. Ríkissjóður hefur aldrei sóst eftir mati þessara fyrirtækja á lánshæfni



sinni á þeirri forsendu, að góð tengsl hans við fjölmargar erlendar fjármálastofnanir, sem legðu sjálfar mat á þróun efnahagsmála hér á landi og lánshæfni ríkissjóðs, gerðu mat frá þessum fyrirtækjum óþarft. Um langt skeið sýndu matsfyrirtækin ekki heldur áhuga á því að meta lánshæfni ríkissjóðs. Þetta breyttist árið 1986, þegar Standard & Poor's ákvað að meta óformlega og að eigin frumkvæði lánshæfni ríkissjóða, sem ekki höfðu óskað eftir mati frá fyrirtækinu. Fyrirtækið notaði ekki hinar hefðbundnu bókstafaeinkunnir sínar („AAA“, „AA“, „A“, „BBB“, o. s. frv.), heldur raðaði ríkjunum í flokka, sem gáfu til kynna lánshæfni þeirra. Ísland lenti í næstefsta flokki ásamt Írlandi, Spáni og Taiwan. Lönd í þessum flokki voru talin hafa trausta getu til að inna af hendi greiðslur af opinberum erlendum langtímaskuldum í samræmi við ákvæði lánessamninga og einungis lítil hætta talin vera á óhagstæðri efnahagsþróun. Árið 1988 tilkynnti fyrirtækið, að það ætlaði að leggja þessa flokka niður, meta lánshæfni ríkissjóðanna á ný og veita þeim hefðbundna bókstafaeinkunn. Í þeim tilvikum, sem fyrirtækið mat lánshæfni ríkjanna að eigin frumkvæði, var einkunnin auðkennd með bókstafnum „i“ (t. d. „AAi“). Í mars 1989 tilkynnti fyrirtækið, að ríkissjóður Íslands hefði fengið óumbeðnu langtímaeinkunnina „Ai“ og formlegu skammtímaeinkunnina „A-1“, en íslensk stjórnvöld höfðu óskað eftir formlegri skammtímaeinkunn frá fyrirtækinu fyrir víxla ríkissjóðs, sem gefnir eru út í London („Euro-Commercial Paper“), bæði til að greiða fyrir sölu víxlanna og bæta kjörin. Þessi skammtímaeinkunn er sú næsthæsta, sem fyrirtækið gefur. Sú hæsta er „A-1+“.

Moody's fylgdi í kjölfar Standard & Poor's, og í maí 1989 tilkynnti

fyrirtækið, að það hefði gefið ríkissjóði langtímaeinkunnina „A2“, sem er í rauninni sama einkunn og Standard & Poor's hafði áður gefið ríkissjóði. Einkunnin var gefin að frumkvæði bandaríska fyrirtækisins, en ekki ríkissjóðs, en sá munur er á vinnubrögðum fyrirtækjanna, að óumbeðin einkunn frá Standard & Poor's er auðkennd sérstaklega, eins og áður sagði, en svo er ekki um óumbeðnar einkunnir frá Moody's. Ríkissjóður hefur enn sem komið er ekki óskað eftir formlegri skammtímaeinkunn frá Moody's fyrir skammtímavíxla sína, en það verður trúlega gert í náinni framtíð.

VII. UMSJÁ SJÓÐA OG ÝMIS STARFSEMI FYRIR RÍKISSJÓÐ

Ríkisábyrgðasjóður

Starfsemi Ríkisábyrgðasjóðs var á árinu svipuð og verið hefur síðastliðin ár. Á undanförunum árum hefur nýjum ríkisábyrgðum farið fækkandi og fjárhæðir hafa lækkað. Þetta breyttist mjög á árinu 1989. Stafar það einkum af starfsemi Atvinnuþryggingarsjóðs útflutningsgreina og Hlutfjárssjóðs, en ríkissjóður ábyrgist skuldabréf þau og hlutdeildarskírteini, sem þeir gefa út. Á yfirlitinu hér á eftir má sjá fjárhæðir ríkisábyrgða, sem veittar voru árin 1988 og 1989.

Tafla VII.1. Ríkisábyrgðir 1988 og 1989.
(Í millj. kr.)

	1988	1989
Samgöngur	56,7	–
Hitaveitur	73,0	60,0
Fiskiðnaður	–	1.250,5
Annað	518,0	3.749,0
	<u>647,7</u>	<u>5.059,5</u>

Stærstu ábyrgðirnar eru vegna lána Atvinnuþryggingarsjóðs og Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Ríkissjóður ábyrgist eins og fyrr segir skuldabréf, sem Atvinnuþryggingarsjóður hefur gefið út, og nafnverð þeirra 3.131,0 m. kr. Að auki ábyrgist ríkissjóður hlutdeildarskírteini í A-flokki, sem Hlutfjárssjóður gefur út. Nafnverð slíkra skírteina, sem gefin voru út á sl. ári, nam 501,3 m. kr. Af þeim ábyrgðum, sem greinir á yfirlitinu, eru einfaldar ábyrgðir 3.145,0 m. kr., en sjálfskuldarábyrgðir 1.914,5 m. kr. Heildarfjárhæð ríkisábyrgða nam í árslok 1989 37.397,0 m. kr. og hækkaði á árinu um 15.787,3 m. kr. Þarna er um skráðar ríkisábyrgðir að ræða samkvæmt sérstökum lagaheimildum. Að auki er ríkissjóður ábyrgur fyrir skuldbindingum ríkisbanka, fjárfestingarlánasjóða, ríkisstofnana og ýmissa fyrirtækja, sem hann á. Ekki eru fyrir hendi öruggar upplýsingar um fjárhæð slíkra skuldbindinga, en ljóst er, að þær eru miklum mun hærri en að framan greinir. Athugun fer nú fram á því, hverjar heildarskuldbindingar ríkissjóðs vegna ábyrgða eru.

Ríkisábyrgðasjóður varð á sl. ári að leysa til sín kröfur samtals að

fjárhæð 410,6 m. kr., sem er um þriðjungi hærrí fjárhæð en árið áður. Endurgreiðslur frá skuldurum jukust hins vegar meira, svo að nettó-greiðslur úr sjóðnum vegna vanskila á lánum með ríkisábyrgð og lánum ríkissjóðs urðu 46,3 m. kr., en voru 82,8 m. kr. árið áður. Yfirlit yfir þróun þessara greiðslna fer hér á eftir á töflu VII.2.

Tafla VII.2. Innleystar kröfur og endurgreiðslur til Ríkisábyrgðasjóðs. (Í millj. kr.)

	1984	1985	1986	1987	1988	1989
Innleystar kröfur	248,1	238,2	635,8	229,0	304,1	410,6
Endurgreiðslur frá skuldurum	121,5	204,5	356,3	219,1	221,3	364,3
	126,6	33,7	279,5	9,9	82,8	46,3

Lánaumsjá fyrir ríkissjóð

Ríkissjóður hefur á undanförunum árum tekið mörg lán bæði innan lands og utan og endurlánað til ýmissa framkvæmda hér innan lands. Ríkisábyrgðasjóður hefur séð um afgreiðslu slíkra lána, vörslu þeirra og innheimtu. Höfuðstóll slíkra lána nam um sl. áramót 27.945,3 m. kr. og hækkaði á árinu um 6.233,9 m. kr. Nýjar lánveitingar á árinu námu 3.659,1 m. kr.

Orkusjóður

Á undanförunum árum hefur starfsemi Orkusjóðs dregist verulega saman og er ekki að sjá, að breyting verði þar á. Sjóðurinn veitir nú lán til jarðhitaleitar, einkarafstöðva og hitaveitna, og einnig fara um hann framlög til rafvæðingar sveita. Á sl. ári veitti Orkusjóður aðeins lán til jarðhitaleitar. Voru veitt 8 lán, samtals að fjárhæð 10,3 m. kr., flest vegna jarðborana í sambandi við fiskeldi. Á árinu tók sjóðurinn engin lán. Samkvæmt bráðabirgðatölum námu vaxtatekjur sjóðsins 15,2 m. kr., en vaxtagjöld 45,5 m. kr. Framlög úr ríkissjóði urðu 181,8 m. kr. Styrkveitingar námu alls 65,4 m. kr. og skiptust þannig:

Tafla VII.3. Styrkveitingar Orkusjóðs 1989. (Í millj. kr.)

Samkv. 71. gr. Orkulaga		
Til sveitarafvæðingar	21,0	
Til styrkingar dreifikerfa í sveitum	43,7	64,7
Annað		0,7
		65,4

Hafnabótasjóður

Starfsemi Hafnabótasjóðs var öll með sama sniði og verið hefur undanfarin ár. Sjóðurinn veitti alls 16 lán og bráðabirgðalán samtals að fjárhæð 78,4 m. kr., sem er lítið eitt lægra en árið áður, en þá námu lán og bráðabirgðalán 83,5 m. kr. Á árinu voru veittir styrkir til 17

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins

hafnarsjóða samtals 35,8 m. kr., og er það svipuð fjárhæð og árið á undan. Sjóðurinn tók á árinu lán að fjárhæð 53,8 m. kr. hjá Framkvæmdasjóði. Framlag á fjárlögum nam 25,0 m. kr. Samkvæmt bráðabirgðatölum námu vaxtatekjur sjóðsins 35,6 m. kr., en vaxta-
gjöld 17,8 m. kr.

Árið 1989 var á margan hátt mjög sérstakt í sögu Verðjöfnunarsjóðs. Þetta var fjórða árið í röð, sem sjóðurinn er mjög virkur eftir langt tímabil tiltölulega lítilla afskipta sjóðsins af verðjöfnun. Hér má kenna dæmigerða upp- og niðursveiflu í verði sjávarafurða. Verðlag á helstu sjávarafurðum tók að hækka mjög í verði á árinu 1986, og hélst sú hækkun nærfellt allt árið 1987. Verðlag tók að lækka á freðfisks- og saltfisksafurðum í árslok 1987. Lækkaði verð einnig mjög á skelflettri rækju og hörpudiski. Lækkaði verð stöðugt á botnfisksafurðum öðrum en skreið allt árið 1988 eða þar til að botni verðsveiflunnar var náð. Um mitt ár 1989 fór svo verð á freðfiski aftur hækkandi, og hefur sú hækkun haldið áfram hægt og bítandi. Talið er, að freðfiskur hafi verið í tæplega 8% herra verði í ársbyrjun 1990 en var í janúar 1989 metið í SDR. Verðlag á saltfisksafurðum hélst þó áfram tiltölulega lágt mestallt síðastliðið ár. Lækkaði meðalverð á saltfiski nokkuð yfir árið eða rúmlega 2%. Um áramótin 1989/90 voru þó uppi sterkar vís-
bendingar um mjög hækkandi verð á saltfiski strax á nýja árinu. Verð á rækju hefur verið tiltölulega lágt um alllangt skeið eða allt frá því verðfalli, sem varð haustið 1987. Verðlag var þó sveiflukennt á rækju, hækkaði nokkuð um mitt árið frá verðlagi í byrjun árs 1989, en lækkaði svo aftur undir lok ársins. Áberandi hefur verið, hve lágt verð hefur fengist fyrir innfjarðarækjuna, en hún er allajafna smæst. Verðlag á hörpudiski hafði verið mjög lágt allt frá vori 1987. Afleiðing af þessu lága verði var allnokkur framleiðslusamdráttur. Verðlag hélst enn lágt á fyrstu mánuðum liðins árs, en tók síðan að hækka nokkuð, eftir því sem leið á árið. Verð á mjöl- og lýsisafurðum var sveiflukennt sem fyrr og heldur í lægri kantinum. Humarverð var hátt sem mörg undanfarin ár. Nokkur lækkun varð á Ítalískreið í Bandaríkja-
dölum talið frá verðinu 1988.

Með bráðabirgðalögum í lok september 1988 var stjórn Verðjöfnunarsjóðs veitt heimild til að taka lán allt að 800 m. kr. Skyldu 750 m. kr. renna til greiðslu verðbóta út á freðfisk, en 50 m. kr. til greiðslu verðbóta út á hörpudisk. Þessi heimild gildi til loka maímánaðar 1989. Í upphafi ársins voru því greiddar verðbætur út á freðfisk og hörpu-
disk skv. nefndum bráðabirgðalögum. Verðbætur voru einnig greiddar út á skelfletta rækju, en á reikningi vegna rækjuafurða voru miklar innstæður frá árunum 1986–87. Einnig voru verulegar verð-
bætur greiddar á saltfisksafurðir allt árið 1989 eða að jafnaði 8% á

fob-andvirði. Verðbætur voru greiddar á hörpudisksframleiðslu fyrstu mánuði ársins, en framleiðsla reyndist lítil. Verð hækkaði á hörpudiski eins og áður sagði, og tók þá fyrir greiðslu verðbóta á vorkránum.

Sá háttur var hafður á greiðslu verðbóta, að inntar voru af hendi uppígreiðslur eða bráðabirgðagreiðslur, sem metnar voru á hverjum tíma út frá markaðsverði og gildandi viðmiðunarverði Verðjöfnunar-sjóðs. Greiddar hafa verið verðbætur út á freðfisk og hörpudisk, þegar framleiðsla og veðsetning hefur átt sér stað, en bráðabirgðaverðbætur vegna rækju- og saltfisksframleiðslu hafa verið greiddar við útflutning. Þessi háttur hefur flýtt verulega þeim greiðslum, sem runnu til verðjöfnunar, frá því sem áður hafði tíðkast.

Á árunum 1986 og 1987 greiddust verulegar verðhækkunartekjur til Verðjöfnunarsjóðs vegna rækju- og saltfisksframleiðslu þessara ára. Einnig greiddist allmikið inn í hörpudisksreikninginn vegna framleiðslu ársins 1986. Voru því miklar innstæður á reikningum þessara afurða, þegar til útgreiðslu vegna verðfalls kom. Í ársbyrjun 1989 voru innstæður í reikningi saltfisksdeildar 515 m. kr. auk þess sem deildin átti enn verðjöfnunarkröfu á SÍF að upphæð um 103 m. kr. vegna framleiðslu ársins 1987. Til ráðstöfunar voru því 618 m. kr. Á rækjureikningi voru til 436 m. kr. þrátt fyrir miklar bótagreiðslur allt frá 1. júní 1988. Nokkur innstæða var á hörpudisksreikningi. Greiðslur verðbóta út á freðfisk voru fjármagnaðar með lántöku hjá Seðlabanka Íslands samkvæmt heimild í lögum. Samið var um 800 m. kr. lán við Seðlabankann í október 1988, og skyldi sú upphæð duga til greiðslu verðbóta á freðfisk og hörpudisk allt fram til 31. maí 1989. Með lögum nr. 51/1989 var sjóðnum veitt heimild til töku láns allt að 400 m. kr. til greiðslu verðbóta á freðfisk og hörpudisk frá 1. júní til áramóta 1989. Meirihluti stjórnar Verðjöfnunarsjóðs ákvað að nýta heimildina, og var samið við Seðlabankann um lántöku þessa.

Verðbætur, greiddar á árinu 1989 vegna freðfisksframleiðslu, námu 663 m. kr., 329 m. kr. vegna rækjuframleiðslu, tæplega 30 m. kr. voru greiddar út á hörpudisksframleiðslu og 534 m. kr. vegna saltfisksframleiðslu. Hluti þessara greiðslna var vegna framleiðslu frá árinu 1988. Endanlegu verðjöfnunarpöggjör vegna síðastliðins árs er ekki lokið. Ætla má, að ógreiddar verðbætur vegna framleiðslu ársins gætu numið 63 m. kr. vegna rækju og um 33 m. kr. vegna saltfisksframleiðslu.

Í eftirfarandi töflu eru sýnd þau útgreiðsluhlutföll, sem giltu á árinu 1989 á þær tegundir, sem verðbætur voru greiddar út á.

	<i>Framleiðslu- tímabil</i>	<i>Útgreiðslu- hlutfall¹⁾</i>
Freðfiskur:	01.01.– 31.05.	5,0
	01.06.– 31.07.	4,0
	01.08.– 31.10.	3,0
	01.11.– 30.11.	2,5
	01.12.– 31.12.	2,0
	Rækja:	01.01.– 20.06.
Saltfiskur: ²⁾	21.06.– 31.12.	10,5
	01.01.– 31.05.	8,6
	01.06.– 31.08.	7,0
Hörpudiskur:	01.09.– 31.12.	6,5
	01.01.– 31.05.	12,0

¹⁾ Hér er um bráðabirgðagreiðslu upp í endanlegt uppgjör að ræða.

²⁾ Skv. ákvörðun sjóðsstjórnar voru greidd út 95% af áætlaðri heildarverðjöfnun, endanlegar verðbætur verða þessum mun hærri.

Í næstu töflu er sýnt, hvernig verðjöfnun hefur fallið til á deildir og tegundir á framleiðslu áráanna 1988 og 1989.

*Verðhækkunartekjur og verðbætur í
Verðjöfnunarsjóð eftir framleiðsluárum.
(Í millj. kr.)*

	1988 ¹⁾		1989 ¹⁾²⁾	
	<i>Verðhækkunar- tekjur</i>	<i>Verðbætur¹⁾</i>	<i>Verðhækkunar- tekjur</i>	<i>Verðbætur</i>
Frystar afurðir ...	–	651,3	–	932,0
Freðfiskur	–	453,9	–	576,1
Rækja	–	145,0	–	348,0
Hörpudiskur	–	52,4	–	8,0
Humar	–	–	–	–
Saltfiskur	–	106,0	–	666,4
Skreiðarafurðir ..	–	10,0	5,0	–
Ísfiskur	7,9	–	–	–
Samtölur deilda ..	7,9	771,3	5,0	1.598,4
Verðjöfnun brúttó	–	771,3	–	1.598,4
Samtölur nettó ...	–	763,4	–	1.593,4

Heildarinnstæður Verðjöfnunarsjóðs í Seðlabanka Íslands námu í árslok 1989 alls 705 m. kr. Þar sem um áramót var enn nokkuð ógreitt vegna rækju- og saltfisksframleiðslu ársins, má ætla, að eignastaðan hafi numið um 560 m. kr. Eftirfarandi yfirlit sýnir innstæður í ársbyrjun og árslok 1989 ásamt sjóðshreyfingum á árinu, skipt niður á deildir og afurðareikninga.

*Innstæður Verðjöfnunarsjóðs í Seðlabankanum
og sjóðshreyfingar.
(Í þús. kr.)*

	<i>Innstæður 31.12.1988</i>	<i>Inngr./ útgreiðslur</i>	<i>Gengis- uppfærsla</i>	<i>Vaxta- tekjur¹⁾</i>	<i>Innstæður²⁾ 31.12.89</i>
Stofnfjárdeild	1.786	-963	-	110	713
Frystideild	639.481	-1.009.601	111.388	38.802	546.493
Freðfiskur	10.241	-652.475	5.612	2.145	28.356
þ. a. út á lántöku		662.833			
Rækja	436.181	-329.278	100.286	34.596	241.785
Hörpudiskur	12.091	-27.834	5.490	2.061	21.355
þ. a. út á lántökur		29.547			
Humar	181.008	-14	54.375	19.628	254.997
Saltfiskur	515.107	-533.623	79.226	42.313	103.023
Skreiðardeild	13.265	7.040	5.026	1.561	26.892
Mjöl- og lýsisdeild	19.489	-133	5.851	2.112	27.319
Reikn. v/ísfisksúttfl.	17.897	-18.818	966	147	192
Saltsíldardeild	551	-59	109	59	660
Alls	1.207.576	-1.556.377	256.941	104.732	705.292
þ. a. v/lántöku		692.420			
Skuld freðfisks- og hörpu- diskreikninga	380.900				1.061.363

¹⁾ Meðalvextir í SDR m. v. Libor-samsetningu voru 8,36% p. a.

²⁾ Athuga ber, að hér eru tilgreindar verðbætur á freðfisk og hörpudisk, sem greiddar eru út skv. sérstökum lögum þar um og lán var tekið til hjá Seðlabankanum, sjá texta, en hafa ekki áhrif á eignastöðu annarra en hlutaðeigandi deilda sjóðsins.

VIII. ÝMSIR ÞÆTTIR Í STARFSEMI BANKANS OG LAGABREYTINGAR

Breyting á lögum um Seðlabankann

Í mars 1989 var lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/1986 breytt. Lagabreyting þessi var gerð í ljósi þeirrar reynslu, sem fengist hafði af framkvæmd laganna frá gildistöku þeirra, og er í fyrsta lagi ætlað að draga úr réttaróvissu varðandi skilgreiningu á lausu fé innlánsstofnana. Í öðru lagi eru í lögnum heimildir til að setja reglur um gjaldeyris- og endurlánajöfnuð innlánsstofnana í því skyni að draga úr gengisáhættu. Í þriðja lagi er tilgangur lagabreytingarinnar að skerpa heimildir stjórnvalda til að tryggja hóflegar vaxtaákvæðanir. Einnig er í lögnum kveðið svo á, að $\frac{3}{4}$ hlutar af fé, sem innheimt er hjá innlánsstofnunum sem viðurlög skv. 41. gr. Seðlabankalaganna, renni í ríkissjóð.

Við umfjöllun Alþingis á frumvarpinu var bætt inn ákvæðum, sem snerta verðbréfasjóði, eignarleigufyrirtæki og verðbréfafyrirtæki. Þannig er verðbréfasjóðum búin kaupskylda á öruggum verðbréfum, einkum ríkisskuldabréfum, eftir því sem við getur átt, á hliðstæðan hátt og innlánsstofnunum er skylt að eiga fé á bundnum reikningi í Seðlabankanum.

Þá er Seðlabankanum nú heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, á meðan íhlutun í vexti innlánsstofnana á grundvelli 9. gr. laga bankans varir, að binda ávöxtunarkröfur og annað endurgjald fyrir fjármagn í viðskiptum eignarleigufyrirtækja, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða takmörkunum, sem miðast við hliðstæða áhættuflokka og hjá innlánsstofnunum.

Verðtrygging

Lögum um stjórn efnahagsmála o. fl., nr. 13/1979, var breytt í mars 1989. Með lagabreytingu þessari er tekið inn í 39. gr. laganna sem skilyrði verðtryggingar efni ákvæðis í bráðabirgðalögum frá maí 1988. Þá er tekið inn í sömu grein heimildarákvæði til að lengja lágmarkstíma verðtryggðra fjárskuldbindinga, sem nú er tvö ár á útlán-um, en sex mánuðir á sparifjárinnstæðum. Við það er miðað, að beita megi þessari heimild til að draga úr mikilvægi verðtryggingar á lána- markaði, eftir því sem úr verðbólgu dregur, með því að lengja lág-

Lánskjaravísitala

markstímann. Þá er Seðlabankanum einnig heimilað að veita undanþágu frá umræddum lágmarkstíma í sérstökum tilvikum.

Seðlabankanum er ennfremur heimilað, að fengnu samþykki viðskiptaráðherra, að ákveða, að vextir verðtryggðra lána skuli vera óbreytanlegir á lánstímanum.

Lánskjaravísitalan var hrein verðlagsvísitala frá upphafi sínu í júní 1979 og út árið 1988, samsett að 2/3 af framfærsluvísitölu og 1/3 af byggingavísitölu. Þetta gaf tilefni til gagnrýni, þegar sló í baksegl þjóðarbúsins og kaupmáttur launa minnkaði, einkum árin 1983–84 og aftur síðasta árið, 1988.

Mál þessi voru til meðferðar undir árslok 1988. Eftir miklar athuganir á hagrænum og lagalegum hliðum málsins voru uppi áform um að taka upp nýja lánskjaravísitölu við hlið hinnar fyrri, með helmings gildi launavísitölu á móti fjórðungs gildi hvorrar hinna fyrri. Í þessu skyni var flutt frumvarp til laga um launavísitölu. Þótti mörgum það galli, að tvær lánskjaravísitölur væru í gangi samtímis, en breytingin frá hinni fyrri hins vegar of mikil til þess, að unnt teldist að láta nýju vísitöluna gilda um eldri samninga. Úr þessu varð sú málamiðlun að taka upp þriðjungs vægi hvorrar vísitölu og að þannig reiknuð vísitala gildi sem beint og órofa framhald hinnar fyrri til allra nota.

Réttarleg heimild til þessa var veitt með reglugerð viðskiptaráðneysisins nr. 18/1989 um lánskjaravísitölu til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár, útgefinni 23. janúar 1989 skv. heimild í 2. mgr. 65. gr. laga nr. 13/1979 og á grundvelli 39. gr. laganna. Samkvæmt þessu tengdist lánskjaravísitala á hinum nýja grundvelli hinum fyrri 1. janúar 1989 og réði hækkun vísitölnnar í fyrsta skipti frá janúar til febrúar. Launahluti vísitölnnar reiknaðist í fyrstu miðað við launavísitölu til greiðslujöfnunar fasteignaveðlána, sbr. lög nr. 63/1985, þar til sett voru sérstök lög um launavísitölu, nr. 89 frá 31. maí 1989.

Ekki hafa allir verið á eitt sáttir með breytingu þessa á lánskjaravísitölnni. Þannig var mál rekið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af aðila, sem átti verðtryggða kröfu á lokagjalddaga hinn 1. febrúar 1989 og taldi sig ekki fá greiðslu í samræmi við upphafleg ákvæði skuldaþréfs, sem var grundvöllur kröfunnar. Viðskiptaráðherra og Seðlabankanum var stefnt til réttargæslu í máli þessu. Dómur er fallinn í undirrétti og var ekki fallist á kröfu stefnanda, en hann hefur áfrýjað málinu til Hæstaréttar.

Launavísitala

Þá voru einnig í maímánuði gefin út lög (nr. 89/1989) um launavísitölu, en vísitala þessi skyldi leysa af hólmi „launavísitölu til greiðslujöfnunar“ skv. 6. gr. laga nr. 63/1985, sem talin hafði verið ófullnægjandi sem grundvöllur verðtryggingar.

Rekstur verðbréfasjóða

Í marsmánuði var einnig gerð breyting á lögum um viðskiptabanka og sparisjóði nr. 86/1985. Með lagabreytingu þessari er viðskiptabönkum og sparisjóðum gert kleift að eiga verðbréfafyrirtæki, sem annast rekstur verðbréfasjóða.

Eignaleiga og verðbréfaviðskipti

Í apríl voru gefin út lög um eignarleigustarfsemi (nr. 19/1989) og lög um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði (nr. 20/1989) til þess að tryggja, að öruggar og sanngjarnar reglur gildi um hvora tveggja starfsemina.

Verksvið bankaráða og bankastjóra

Í maímánuði var lögum um viðskiptabanka nr. 86/1985 breytt. Breyting þessi miðaði fyrst og fremst að því að skýra betur tiltekin ákvæði núgildandi viðskiptabankalaga, girða fyrir hagsmunaárekstra og skilgreina verkefni bankaráða annars vegar og bankastjóra hins vegar. Svipuð ákvæði voru sett vegna sparisjóða.

Vextir

Í sama mánuði var vaxtalögum nr. 25/1987 breytt. Lagabreyting þessi er gerð til þess að koma í veg fyrir ósanngjarna vaxtatöku og misneytingu aðstöðu í lánsviðskiptum. Þá eru tekin af tvímæli um nokkur óljós atriði í lögnum. Loks er kveðið svo á, að vaxtakjör opinberra fjárfestingarlánasjóða verði háð staðfestingu viðskiptaráðuneytis, en slíkt vald var áður í höndum forsætisráðuneytis skv. ákvæðum laga nr. 13/1975.

Greiðslufrestur á vörum

Lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála nr. 63/1979 var breytt í maí. Lagabreytingin felur í sér, að ráðherra setji í samráði við Seðlabankann reglur, sem felli úr gildi takmarkanir á erlendum vorkaupalánnum vegna innflutnings. Þágildandi ákvæði kváðu svo á, að ekki mætti flytja vörur til landsins, nema greiðsla hefði verið innt af hendi eða tryggð með öðrum hætti, svo sem með lántöku eða greiðslufresti. Sjá nánar um þetta í frásögn um breytingar á gjald-eyrismálum.

Starfsemi gjald-eyriseftirlitsins

Starfsemin var mjög svipuð og á fyrra ári. Handbók um gjaldeyrisviðskipti var endurbætt í samræmi við breyttar reglur í gjaldeyris- málum, t. d. vegna víðtækra breytinga á lögum nr. 63 frá 1979 (lög nr. 68/1989), varðandi erlenda gjaldfresti á vörum til innflutnings og auglýsinga viðskiptaráðuneytisins, sem fylgdu í kjölfarið.

Breytingar á gjaldeyrisreglum

Haldið var áfram að tölvuvæða verkefni. Hannað var kerfi til að halda utan um erlendar lántökur til lengri tíma, svo og erlenda fjármögnunarleigusamninga og aðra erlenda leigusamninga. Er það komið í fulla notkun.

Tölvukerfi, sem ætlað er að annast eftirlit með gjaldeyrisskilum fyrir útfluttar vörur, er í hönnun í bankanum.

Gjaldeyriseftirlitið hafði á undanförunum árum eftirlit með innheimtu á sérstöku gjaldi af erlendum lánnum fyrir ríkissjóð. Gjald þetta féll niður á miðju árinu, en endanlegri vinnu er samt ekki lokið, þar sem enn eru að koma í ljós erlendar skuldir frá fyrri tíma, sem gjaldskyldar voru, en gjald hafði ekki verið greitt af.

Á árinu 1989 komu í auknum mæli fram fyrirspurnir um möguleika á að fá heimildir til að fjárfesta erlendis í fyrirtækjum, fasteignum eða verðbréfum. Nokkrar umsóknir voru samþykktar og heimildir veittar til stofnunar eða þátttöku í fyrirtækjum erlendis, aðallega tengdar sölu á íslenskum afurðum og ýmiskonar þjónustu, þ. á m. skipaútgærd.

Á árinu 1989 voru reglur um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar og reglur um innflutning með greiðslufresti rýmkaðar í tvígang, hinn 1. janúar og 1. nóvember. Í fyrra tilvikinu voru reglurnar um erlendar lántökur og leigusamninga rýmkaðar þannig, að í stað þess, að erlenda lánshlutfallið væri miðað við fob-verð vörunnar, var ákveðið, að það skyldi miðað við hið innlenda verð vörunnar, án þess að breyting væri gerð á hlutfallinu sjálfu. Það var hins vegar gert með breytingunni 1. nóvember, þegar erlenda lánshlutfallið var hækkað úr 60% í 80% af innlendu verði vörunnar, þegar um er að ræða lántöku án ábyrgðar eða endurláns frá innlendri fjármálastofnun, og úr 50% í 70% að öðrum kosti.

Reglur um innflutning með greiðslufresti voru bæði rýmkaðar og einfaldaðar verulega á árinu, sérstaklega hinn 1. nóvember, eftir að Alþingi hafði samþykkt breytingu á lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, með síðari breytingum. Hinn 1. janúar 1989 var innflytjendum heimilað að nýta sér allt að 90 daga greiðslufrest frá seljanda við innflutning á tilteknum vörum, svo framarlega sem ekki kom til ábyrgð eða endurlán innlendrar fjármálastofnunar. Reglurnar voru rýmkaðar á ný og einfaldaðar verulega hinn 1. nóvember. Í stað þess, að tiltekinn væri hámarksgreiðslufrestur fyrir tilgreinda vörflokka, var reglunum breytt þannig, að innflytjendum er í öllum tilvikum heimilt að notfæra sér allt að 360 daga greiðslufrest frá seljanda, svo framarlega sem ekki kemur til ábyrgð eða endurlán frá innlendri fjármálastofnun, en í þeim tilvikum takmarkast greiðslu-

fresturinn við 180 daga. Greiðslufrestur við innflutning á olíu og bensíni er hins vegar enn takmarkaður við 105 daga.

Á árinu fylgdist Seðlabankinn grannt með þeim breytingum, sem eru að verða á sviði gjaldeyrismála innan Evrópubandalagsins og annars staðar, s. s. á Norðurlöndunum. Í samvinnu við viðskiptaráðuneytið undirbjó bankinn gagngera endurskoðun á gildandi gjaldeyrisreglum í því skyni að aðlaga þær að þeim reglum, sem gilda munu í flestum ríkjum Vestur-Evrópu eftir mitt ár 1990.

Seðlar og mynt

Í árslok voru seðlar og mynt í umferð 3.342,8 m. kr. og höfðu aukist um 13,1% á árinu. Árið áður var aukningin 18,8% og árið 1987 31,1%. – Tafla 21 í töflusafni sýnir skiptingu seðla og myntar eftir stærðum í árslok 1986–1989.

Á árinu voru prentaðar hjá Thomas de la Rue, Englandi, 3 millj. stk. af 1000 kr. seðlum fyrir 15,5 m. kr., en þar af höfðu 4,7 m. kr. eða 30% verið greiddar eins og venja er til við pöntun, sem gerð var fyrir árslok 1988. Hjá Royal Mint, Englandi, voru slegnar 5 millj. stk. af 1 kr. mynt fyrir 6,5 m. kr. Var myntin slegin úr nikkelhúðuðu stáli í stað kopar/nikkels áður, en það lækkaði framleiðsluverð myntarinnar verulega.

Seðlagreiningardeild bærust til vinnslu 13,1 m. stk. seðla á árinu og samtals að fjárhæð 14.610,5 m. kr., en í mynttalningu voru taldar 22,5 m. stk. að fjárhæð 278,6 m. kr. – Í desember var tekin í notkun ný myntpökkunar- og talningarvél, sem telur myntina í rúllur, og er 10 rúllum síðan pakkað í lofttæmdar plastumbúðir. Geta peningastofnunarinnar því nú fengið myntina þannig talda gegn vægu gjaldi jafnframt stærri pakkningum eins og verið hefur.

Þjóðhátíðarsjóður

Árið 1989 var tólfta starfsár Þjóðhátíðarsjóðs, en hann starfar samkvæmt skipulagsskrá nr. 361 frá 30. september 1977. Stjórn sjóðsins ákvað, að úthluta skyldi allt að 6,5 m. kr. á árinu í styrki. Samkvæmt skipulagsskrá rennur fjórðungur úthlutunarfjár til friðlýsingarsjóðs til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs og fjórðungur til varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta á vegum Þjóðminjasafns. Úthlutað var 21 styrk samkvæmt umsóknum, samtals að fjárhæð 3,25 m. kr. Höfuðstóll sjóðsins í árslok var 51,2 m. kr.

Íslandsbanki hf.

Grundvöllur Íslandsbanka hf. var lagður með setningu laga um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands, nr. 7/1987. Í samræmi við ákvæði laganna var Útvegsbanki Íslands hf. stofnaður hinn 7. apríl 1987 að frumkvæði ríkisstjórnarinnar, og yfirtók hann rekstur Útvegsbanka Íslands hinn 1. maí sama ár. Við stofnun hins nýja banka var hlutur ríkissjóðs um 764 m. kr. Auk þess hafði Fiskveiða-

sjóður Íslands skrifað sig fyrir 200 m. kr. hlutafé og ýmsir aðilar fyrir um 36 m. kr.

Markmið ríkisstjórnarinnar var ávallt að selja allan hlut ríkissjóðs í bankanum og náðist það markmið hinn 10. júní 1989, þegar viðskiptaráðherra gerði samkomulag við formenn bankaráða Alþýðubankans hf., Iðnaðarbanka Íslands hf. og Verslunarbanka Íslands hf. um, að bankarnir keyptu hver sinn þriðjung af hlutabréfum ríkissjóðs. Formlegur kaupsamningur milli þessara aðila var síðan gerður hinn 29. sama mánaðar. Í kjölfar þessara samninga boðaði viðskiptaráðherra síðan í samræmi við 24. gr. samþykka bankans og í samráði við kaupendur hlutabréfa ríkissjóðs til almenns hluthafafundar í Útvegsbanka Íslands hf. hinn 1. ágúst 1989. Á hluthafafundi þessum var m. a. ákveðið að breyta nafni félagsins í Íslandsbanka hf. frá og með 1. janúar 1990, auka hlutafé félagsins um 1.500 m. kr. og gefa út jöfnunarhlutabréf að fjárhæð 380 m. kr. Auk þess var kosið nýtt bankaráð.

Í samræmi við ákvörðun hluthafafundarins tók Íslandsbanki hf. hinn 1. janúar 1990 við allri bankastarfsemi og réttindum og skyldum Alþýðubankans hf., Iðnaðarbanka Íslands hf. og Verslunarbanka Íslands hf., og frá sama tíma breyttust síðastnefnd hlutafélög í eignarhaldsfélög, sem hafa atkvæðisrétt á hluthafafundum í hinum nýja banka í hlutfalli við hlutafjáreign sína.

Íslandsbanki er annar stærsti banki landsins. Heildarhlutafé hans verður í upphafi 2.880 m. kr., og á hvert hinna þriggja eignarhaldsfyrirtækja 29% hlutdeild í hinum nýja banka eða hlutafé sem nemur 833 m. kr. Fiskveiðasjóður á um 10% hlutafjár og aðrir hluthafar rétt yfir 3%.

Starfsemi bankaeftirlitsins

Meginverkefni bankaeftirlitsins er eftirlit með innlánsstofnunum, verðbréfamiðlurum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfasjóðum og eignarleigustarfsemi. Til innlánsstofnana teljast viðskiptabankar, sparisjóðir, innlánsdeildir samvinnufélaga og aðrar stofnanir og félög, sem heimilt er lögum samkvæmt að taka við innlánunum frá almenningi til geymslu og ávöxtunar.

Eftirlitshlutverk bankaeftirlitsins með innlánsstofnunum ákvarðast af ákvæðum IV. kafla laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, svo og ýmsum ákvæðum í löggjöf um hlutaðeigandi stofnanir, s. s. lög nr. 86/1985, um viðskiptabanka, og lög nr. 87/1985, um sparisjóði. Ákvæði um eftirlit með verðbréfamiðlurum og verðbréfasjóðum eru í VI. kafla laga nr. 20/1989, um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði, og um eftirlit með eignarleigustarfsemi eru ákvæði í III. kafla laga nr. 19/1989, um eignarleigustarfsemi.

Ný lög voru sett á árinu um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði, lög nr. 20/1989, og koma þessi lög í stað laga nr. 27/1986, um verðbréfa-

miðlun. Hin nýju lög, sem tóku gildi 14. apríl 1989, eru mun ítarlegri en eldri lögin og kveða nánar á um heimildir og skyldur verðbréfamíðlara, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða en gert var í eldri lögum.

Á árinu voru samþykkt lög um eignarleigustarfsemi, lög nr. 19/1989, og tóku þau gildi 14. apríl 1989. Engin lög voru áður til um slíka starfsemi, þrátt fyrir að nokkur fyrirtæki hafi undanfarin ár stundað eignarleigustarfsemi. Samkvæmt lögnum er bankaeftirlitinu falið að hafa eftirlit með því, að ekki séu starfrækt eignarleigufyrirtæki nema að fengnu leyfi viðskiptaráðherra og að slík starfsemi fullnægi ætíð að öðru leyti skilyrðum laganna.

Eftirlit með áðurnefndum stofnunum og aðilum er ýmist framkvæmt á starfsstöð hlutaðeigandi og/eða skriflegum upplýsingum er safnað um ákveðna þætti í rekstri og efnahag þeirra, eftir því sem ástæða þykir til hverju sinni. Jafnframt hefur flestum framangreindra stofnana og aðila verið gert að skila bankaeftirlitinu ýmsum reglubundnum upplýsingum um efnahag og rekstur þeirra auk þess sem fylgst er með að gerð ársreiknings sé með lögskipuðum hætti.

Niðurstöður eftirlitsaðgerða bankaeftirlitsins eru settar fram í bréfum eða skýrslum til viðkomandi stofnana, sem síðan eru ræddar við stjórnendur þeirra, ef frekari ástæður þykja til. Alvarlegar athugasemdir, er kunna að varða rekstrar- og efnahagsstöðu einstakra stofnana eða aðila, eru jafnframt tilkynntar viðskiptaráðherra þegar í stað auk þess sem bankaeftirlitið gerir ráðherra grein fyrir fyrirhuguðum aðgerðum sínum í einstökum málum í samræmi við lög. Seðlabankinn skal jafnframt gefa ráðuneytinu skýrslu um starfsemi bankaeftirlitsins eigi sjaldnar en tvisvar á ári.

Sérstök samstarfsnefnd viðskiptaráðuneytisins og Seðlabankans fylgist með starfsemi bankaeftirlitsins. Í nefndinni eiga sæti fulltrúi ráðuneytisins, bankastjóri Seðlabankans og forstöðumaður bankaeftirlitsins.

Á árinu 1989 urðu engar breytingar á fjölda afgreiðslustaða viðskiptabankanna. Alþýðubankinn hf., Iðnaðarbanki Íslands hf. og Verslunarbanki Íslands hf. keyptu á árinu hlutabréf ríkissjóðs í Útvegsbanka Íslands hf., og lögð voru drög að sameiningu þessara banka í Íslandsbanka hf., sem síðan tók formlega til starfa hinn 1. janúar 1990. Fjöldi afgreiðslustaða þessara stofnana var óbreyttur í árslok 1989.

Á árinu var opnuð ein ný afgreiðsla á vegum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í Kringlunni 5, Reykjavík. Þá var starfsemi Sparisjóðs Reykhólahrepps slitið. Fjöldi afgreiðslustaða sparisjóða í heild er því óbreyttur í árslok 1989.

Innlánsdeildum samvinnufélaga fækkaði um tvær á árinu, þegar innlánsdeild Kaupfélags Ísfirðinga var lögð niður og innlánsdeild Sölufélags A-Húnvetninga var yfirtekin af Búnaðarbanka Íslands. Kaupfélag Öfundarfjarðar var tekið til gjaldþrotaskipta á árinu, en innlánsdeild þess er enn talin með í heildarfjölda þessara stofnana, þar sem bú félagsins er enn óuppgert.

Fjöldi afgreiðslustaða innlánsstofnana í árslok 1988 og 1989 var sem hér segir:

	<i>Árslok</i> 1988	<i>Árslok</i> 1989
Viðskiptabankar	135	135
Sparisjóðir	45	45
Innlánsdeildir samvinnufélaga	25	23
Póstgíróstofan	<u>1</u>	<u>1</u>
Samtals	206	204

Í árslok 1989 höfðu 46 einstaklingar leyfi viðskiptaráðuneytisins til verðbréfamiðlunar skv. lögum nr. 20/1989. Þá höfðu 4 verðbréfafyrirtæki rekstrarleyfi viðskiptaráðherra í árslok 1989. Á vegum þriggja verðbréfafyrirtækja voru í árslok starfræktir 6 verðbréfasjóðir, en 3 þessara verðbréfasjóða starfa í alls 11 sjóðsdeildum. Tveir verðbréfasjóðir voru starfræktir af viðskiptabönkum, annars vegar af Alþýðubankanum hf. og hins vegar af Útvegsbanka Íslands hf., skv. undanþágu frá ákvæðum laga nr. 20/1989 til áramóta. Þeir sjóðir eru frá áramótum reknir af Verðbréfamarkaði Íslandsbanka hf.

Í árslok 1989 voru starfandi í landinu 4 eignarleigufyrirtæki skv. lögum nr. 19/1989.

Starfsmenn bankaeftirlitsins í árslok 1989 voru alls 11 í 10 störfum.

IX. ANNÁLL PENINGA- OG GJALDEYRISMÁLA 1989

Janúar

Gengi krónunnar var lækkað um 4,88% 3. janúar.

Gefnir voru út nýir flokkar spariskírteina ríkissjóðs, annars vegar til 8 ára með 6,8% vöxtum og hins vegar til 5 ára með 7% vöxtum. Áfram eru til sölu ECU- og SDR-bréf, útgefin 1988, með 8,3% vöxtum og 3–3½ árs lánstíma.

Með reglugerð viðskiptaráðuneytis, dags. 23. janúar 1989, var lánskjaravísitölu breytt þannig, að frá og með 1. febrúar 1989 er hún samsett af þremur vísitölum með jöfnu vægi, þ.e. framfærsluvísitölu, byggingavísitölu og launavísitölu.

Nýjar og rýmri reglur um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar taka gildi. Samkvæmt þeim skal miða erlent lánshlutfall við innlent verð vöru í stað fob-verðs áður.

Nýjar og rýmri reglur um innflutning með greiðslufresti taka gildi. Samkvæmt þeim var innflytjendum heimilað að nýta sér allt að 90 daga greiðslufrest frá seljanda við innflutning á tilteknum vörum, svo framarlega sem ekki kom til ábyrgð eða endurlán innlendrar fjármálastofnunar í því sambandi. Áður hafði verið óheimilt að flytja þessar vörur inn með greiðslufresti.

Febrúar

Gengi krónunnar var lækkað um 2,5% 7. febrúar. Jafnframt var Seðlabanka heimilað að skrá gengið 2,25% fyrir ofan eða neðan hið nýja gengi.

Alþingi breytti lögum nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o. fl., sem m. a. fjalla um verðtryggingu sparifjár og lánsfjár. Með breytingunum er m. a. stefnt að því að lengja lágmarkslánstíma eða binditíma verðtryggðra skuldbindinga. Jafnframt er Seðlabanka veitt heimild til að ákveða, að vextir verðtryggðra lána skuli vera fastir á lánstímanum.

Mars

Reglur um lausafjárhlutfall breyttust þannig, að spariskírteini í eigu innlánsstofnunar að fjárhæð sem svarar 1% af ráðstöfunarfé teljast að fullu með lausu fé og helmingur þess, sem þar er umfram.

Alþingi breytti ákvæðum Seðlabankalaga um lausafjárhlutfall þannig, að bankinn fékk ótvíræða heimild til að skilgreina laust fé með þeim hætti, sem gert var í reglum bankans síðari hluta árs 1988, og setja reglur um gjaldeyrisjöfnuð banka og sparisjóða. Jafnframt var bætt við ákvæði þess efnis, að verðbréfasjóðir skuli kaupa verðbréf ríkissjóðs fyrir sem svarar sama hlutfalli ráðstöfunarfjár og nemur bindiskyldu innlánsstofnana. Með tilvísun til þessarar laga-breytingar gaf Seðlabankinn út nýjar reglur í marslok um laust fé, gjaldeyrisjöfnuð og bindiskyldu innlánsstofnana svo og um verðbréfakaup verðbréfasjóða. Lausafjárhlutfall var lækkað úr 10% í 9% af ráðstöfunarfé. Bindiskyldu var breytt þannig, að í stað þess að vera 12% af innlánnum verður hún 11% af ráðstöfunarfé í íslenskum krónum. Við þetta breiðkar grundvöllur bindiskyldu, því að inn í hann koma bankabréf, veðdeildarbréf, nettótekjur o. fl. Breiðkun grundvallarins gerist í áföngum. Seðlabankinn ákvað þessa breytingu bindingar að fenginni heimild viðskiptaráðherra. Lagði bankinn til, að hlutfallið yrði óbreytt 12%, en ráðherra féllst ekki á hærra hlutfall en 11%.

Ákvæði 2. mgr. 9. gr. Seðlabankalaga um vexti var breytt og hljóðar nú svo (viðbætur eru skáletraðar): „Seðlabankinn getur að fengnu samþykki ráðherra bundið vaxtaáskvarðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja, að raunvextir útlána innlánsstofnana verði *hóflegir og eigi hærri en þeir eru að jafnaði í helstu viðskiptalöndum Íslendinga, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána að teknu tilliti til annarra tekna innlánsstofnana.*“

Við 9. gr. Seðlabankalaga bættist ákvæði um, að Seðlabankinn geti bundið ávöxtunarkröfu í viðskiptum eignarleigufyrirtækja, verðbréfafyrirtækja og verðbréfasjóða takmörkunum, hafi hann hlutast til um vexti hjá innlánsstofnunum.

Hinn 21. mars hóf fjármálaráðuneytið að bjóða þeim, sem kaupa mikið af 90 daga ríkisvixlum í senn, viðbótarforvexti allt að 1%.

Apríl

Hinn 4. apríl gengu í gildi lög nr. 20/1989, um verðbréfavíðskipti og verðbréfasjóði. Þar er m. a. sett bann við innherjavíðskiptum. Þá eru gerðar ákveðnar kröfur til verðbréfamíðlara og verðbréfafyrirtækja. Verðbréfamíðlari, sem fengið hefur löggildingu viðskiptaráðherra, getur annast verðbréfamíðlun og veitt ráðgjöf um slík víðskipti gegn þóknun, en ekki rekið verðbréfasjóði, annast fjárvörslu eða veitt sölutryggingu á markaðsverðbréfum. Verðbréfafyrirtæki skal vera

hlutafélag með a. m. k. 20 m. kr. hlutafé og eigið fé a. m. k. 2% af höfuðstól verðbréfasjóða, sem það rekur. Framkvæmdastjóri skal hafa löggildingu viðskiptaráðherra sem verðbréfamiðlari. Verðbréfa-fyrirtæki geta rekið verðbréfasjóði, annast fjárvörslu og markaðsútgáfu verðbréfa. Ýmis ákvæði eru í lögunum um verðbréfasjóði, þ. á m. um hámarkskröfur þeirra á einn skuldara (5%) og hámarks-hlutafjáreign í einu fyrirtæki (10%). Starfsemin, sem lögin fjalla um, er háð eftirliti bankaeftirlits Seðlabankans. Brot gegn lögunum varðar sektum eða allt að átta mánaða fangelsi.

Lög um eignarleigustarfsemi (nr. 19/1989) tóku gildi 4. apríl 1989. Þar eru m. a. sett þau skilyrði, að eignarleigufyrirtæki þurfi sérstakt starfsleyfi viðskiptaráðherra, að fyrirtækið sé hlutafélag með a. m. k. 10 m. kr. hlutafé og a. m. k. 10% eiginfjárhlutfall og að slíku fyrirtæki sé óheimilt að stunda aðra starfsemi en eignarleigu eða skylda starfsemi. Starfsemin er háð eftirliti bankaeftirlits Seðlabankans. Brot gegn lögunum varðar sektum eða allt að 6 mánaða fangelsi.

Hinn 18. apríl sömdu fjármálaráðuneytið og samtök lífeyrissjóða um kjör á skuldabréfum, sem sjóðirnir kaupa af Byggingarsjóði ríkisins. Til ársloka munu lífeyrissjóðir kaupa bréf með gengistryggingu miðað við ECU fyrir allt að 40% heildar kaupanna. Vextir þessara bréfa miðast við vexti erlendis. Önnur bréf, sem sjóðirnir kaupa á árinu, verða gefin út hinn 15. janúar 1989, en til þess tíma fá sjóðirnir kvittanir fyrir kaupum sínum. Miðað er við, að vextir verði 6% umfram verðtryggingu á bréfum, sem gefin eru út vegna kaupa á tímabilinu apríl-júní, en 5% júlí-desember. Vexti þessa kann að þurfa að endurskoða í samræmi við ákveðna formúlu, sem um er samið, og tekur hún mið af þróun vaxta hér á landi þetta ár. Nýlunda er, að bréfin verða framsalshæf.

Maí

Meðalgengi krónunnar var fellt um 1,5% hinn 10. maí. Seðlabankinn fékk jafnframt heimild til að skrá gengið 2,25% undir eða yfir því meðalgengi, sem skráð var að morgni 10. maí. Þessi ákvörðun var tekin með hliðsjón af kostnaðarhækkunum útflutnings- og samkeppnisgreina vegna kjarasamninga, en í sambandi við þá gaf ríkisstjórnin fyrirheit um að tryggja viðunandi samkeppnisstöðu útflutningsgreina á samningstímanum.

Sett voru lög um svonefnd húsbref, þ. e. skuldabref, sem Byggingarsjóður ríkisins skal gefa út til að afhenda í skiptum fyrir veðskulda-bref í tengslum við fjárfestingu í íbúðarhúsnæði. Taka lögin gildi 15. nóvember 1989.

Breytingar voru gerðar á vaxtalögum. Meðal þeirra er sú, að dráttarvexti skuli ætíð reikna sem dagvexti. Tilkynna skal Seðlabankanum

um ávöxtunarkröfu verðbréfasjóða. Viðskiptaráðherra getur sett meginreglur um lánskjör fjárfestingarlánasjóða.

Breyting á lögum um viðskiptabanka (1. nr. 32/1989) fól m. a. í sér, að bankaráð skuli ákvarða vexti og gjaldskrá í stað þess, sem áður sagði í lögum (nr. 86/1985), að bankaráð móti stefnu í vaxtamálum. Þá var bætt við ákvæði um viðskiptavíxla og viðskiptaskuldabréf þess efnis, að ávöxtunarkrafa við kaup slíkra bréfa skuli vera sambærileg ávöxtun almennra útlána í hliðstæðum áhættuflokkum. Hliðstæðar breytingar voru gerðar á lögum um sparisjóði (1. nr. 34/1989, um breytingu á 1. nr. 87/1985).

Hinn 29. maí gengu í gildi lög um breytingu á lögum nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Sjá umsögn um greiðslufrest á vörum í VIII. kafla.

Júní

Hinn 1. júní féll niður skattur á erlendar lántökur.

Hinn 7. júní fékk Seðlabankinn á ný heimild til að skrá gengi krónunnar með 2,25% fráviki frá gengi þess dags, en heimildin frá 10. maí hafði þá verið fullnýtt til lækkunar.

Gefnir voru út nýir flokkar spariskírteina til 2½ árs með 5,5% vöxtum og 5 og 8 ára með 6% vöxtum.

Hinn 10. júní náðist samkomulag milli viðskiptaráðherra annars vegar og Iðnaðarbanka, Verslunarbanka og Alþýðubanka hins vegar um sölu hlutabréfa ríkisins í Útvegsbankanum til þessara þriggja banka. Hinn 29. júní var undirritaður samningur um þetta efni. Sala hlutabréfanna er háð því skilyrði, að bankarnir fjórir, sem um ræðir, verði sameinaðir í einn banka fyrir 1. júlí 1990.

Hinn 23. júní gaf Seðlabankinn út auglýsingu um heimildir til verðtryggingar sparifjár. Fól hún í sér þá breytingu á skiptikjarareikningum, að verðtrygging geti aðeins náð til þess hluta innstæðu hvers reiknings, sem óhreyfður er í heilt samanburðartímabil (6 mánuði).

Júlí

Hinn 3. júlí fékk Seðlabankinn heimild til að skrá gengi krónunnar með 2,25% fráviki frá gengi þess dags, en heimildin frá 7. júní hafði þá verið fullnýtt til lækkunar. Sams konar heimild var veitt á ný hinn 27. júlí eftir að heimildin frá 3. júlí hafði verið fullnýtt til lækkunar.

Ágúst

Á hluthafafundi í Útvegsbanka Íslands hf. hinn 1. ágúst var ákveðið að breyta nafni bankans í Íslandsbanki hf. hinn 1. janúar 1990. Þeir þrír bankar, sem keyptu hlutabréf ríkisins í Útvegsbankanum í júní, sameinuðust Íslandsbanka þann dag.

September

Hinn 1. september fékk Seðlabankinn á ný heimild til að skrá gengi krónunnar með 2,25% fráviki frá gengi þess dags, en heimildin frá 27. júlí hafði þá verið fullnýtt til lækkunar. Sams konar heimild var veitt 28. september eftir að heimildin frá 1. september hafði verið fullnýtt til lækkunar.

Hinn 18. september ákvað fjármálaráðuneytið að bjóða ríkisvígla til allt að 120 daga, en þeir hafa verið til 90 daga lengst. Lágmarkstími verður óbreyttur, 45 dagar.

Október

Hinn 1. október hækkðu einkabankar og sparisjóðir vexti um 2–5% í ljósi óvæntrar hækkunar vísitalna. Seðlabankinn hóf viðræður við bankana og mæltist til þess, að vextirnir lækkðu aftur, þar eð ekki væri séð, að um varanlega breytingu verðbólgu væri að ræða. Hinn 11. október varð nokkur lækkun á ný. Ákveðið var, að Seðlabanki héldi framvegis mánaðarlega fundi með innlánsstofnunum, þar sem lagt yrði mat á verðbólguhorfur.

Hinn 10. október kom til innlausnar allstór flokkur spariskírteina, nr. 2D frá árinu 1987. Þeim, sem innleysa slík bréf, býðst að kaupa ný bréf með afföllum, þannig að ávöxtun verður 6,1–6,3% á binditíma. Nýr flokkur spariskírteina var settur á markað. Binditími 10 ár, heildarlánstími 20 ár, vextir 5%. Bréfin eru boðin til sölu með afföllum fyrst um sinn, svo að ávöxtun verður 6% á binditíma og 6,2% hjá þeim, sem innleysa skírteini úr flokknum 1987–2D.

Hinn 30. október fékk Seðlabankinn heimild til að skrá gengi krónunnar með 2,25% fráviki frá gengi þess dags, en heimildin frá 28. september hafði verið fullnýtt til lækkunar.

Nóvember

Hinn 1. nóvember gekk í gildi ný reglugerð um erlendar lántökur og leigusamninga vegna innflutnings á vélum, tækjum og búnaði til atvinnurekstrar. Með henni voru eldri reglur (frá 1. janúar 1989) rýmkaðar, þannig að erlenda lánshlutfallið var hækkað úr 60% í 80% af innlendu verði vöru, þegar um er að ræða lántöku án ábyrgðar eða endurláns frá innlendri fjármálastofnun, og úr 50% í 70% að öðrum kosti.

Sama dag gekk einnig í gildi ný reglugerð um innflutning með greiðslufresti, sem byggist á lagabreytingu frá maí 1989. Með hinni nýju reglugerð voru eldri reglur (frá 1. janúar 1989) rýmkaðar og einfaldaðar verulega. Samkvæmt nýju reglunum er innflytjendum í öllum tilvikum heimilt að notfæra sér allt að 360 daga greiðslufrest frá seljanda, svo framarlega sem ekki kemur til ábyrgð eða endurlán frá innlendri fjármálastofnun, en að öðrum kosti er hámarksgræiðslufrestur-

inn 180 dagar. Greiðslufresturinn skal þó aldrei vera lengri en tíðkast í alþjóðaviðskiptum með viðkomandi vöru. Engin breyting var hins vegar gerð á hámarksgreiðslufresti við innflutning á olíu og bensíni, og miðast hann við 105 daga.

Landsbankinn stofnaði nýtt verðbréfafyrirtæki, Landsbréf hf.

Hinn 15. nóvember voru gefin út húsbréf í 1. flokki 1989. Höfuðstóll er bundinn lánskjaravísitölu með grunnvísitölu nóvembermánaðar 1989. Vextir eru 5,75%. Endurgreiðsla fer fram með ársfjórðungslegum útdrætti, fyrst 15. febrúar 1991, síðast 15. nóvember 2014. Heimilt er að gefa út 2.000 m. kr. í þessum flokki. Landsbanki Íslands og Landsbréf hf. tryggðu sölu 500 m. kr. Flokkurinn var skráður á Verðbréfaþingi á útgáfudegi.

Desember

Hinn 12. desember var samþykkt ný heimild til að skrá gengi krónunnar með 2,25% fráviki frá gengi þess dags, en heimildin frá 28. september hafði verið fullnýtt til lækkunar.

Hinn 30. desember var gerður samningur um kaup lífeyrissjóða á skuldabréfum Húsnæðisstofnunar árin 1990 og 1991. Bréfin verða til 15 ára, ýmist bundin gengi ECU með 0,15% hærri vöxtum en eru á tilteknum ECU-skuldabréfaútgáfum Danmerkur eða bundin lánskjaravísitölu með 0,1% lægri vöxtum en eru á spariskírteinum með sem næst 8 ára binditíma. Miðað er við, að lífeyrissjóðir kaupi bréf Húsnæðisstofnunar fyrir sem svarar 55% af ráðstöfunarfé samkvæmt samningum.

Landsbankinn setti fram kautilboð í hlutabréf Sambands íslenskra samvinnufélaga í Samvinnubanka Íslands hf., sem eru 52% hlutafjár bankans.

TÖFLUR

1. tafla. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun.¹⁾

Á verðlagi hvers árs í m. kr.	Einkaneysla	Samneysla	Fjármunamyndun	Birgðabreytingar	Verðmætaráðstöfun	Útfl. vöru og þjón. ²⁾	Innfl. vöru og þjón. ²⁾	Verg landsframl.	Þáttatekjur nettó	Viðskiptajöfnuður ³⁾	Verg þjóðarframl.
1980	8.829	2.546	3.927	80	15.382	5.746	5.648	15.480	-411	-313	15.069
1981	14.403	4.039	5.929	253	24.624	8.724	8.936	24.412	-811	-1.023	23.601
1982	23.038	6.644	9.251	913	39.846	12.714	14.329	38.231	-1.495	-3.110	36.736
1983	39.627	11.559	14.127	-1.070	64.243	27.078	25.275	66.046	-3.066	-1.263	62.980
1984	54.147	14.056	18.306	786	87.295	34.295	33.871	87.719	-4.554	-4.130	83.165
1985	74.994	20.136	24.255	-978	118.407	49.819	49.051	119.175	-5.584	-4.816	113.591
1986	96.859	27.291	29.328	-2.094	151.384	63.125	56.342	158.167	-6.229	554	151.938
1987	131.712	36.791	40.465	-298	208.670	73.466	74.496	207.640	-6.203	-7.233	201.437
1988	158.200	47.600	46.930	2.716	255.446	84.131	85.042	254.535	-8.333	-9.244	246.202
1989 ⁴⁾	176.254	55.217	54.500	-655	285.316	108.968	100.366	293.918	-13.217	-4.615	280.701
<i>Hlutföll af landsframleiðslu</i>											
1980	57,0	16,4	25,4	0,5	99,4	37,1	36,5	100,0	-2,7	-2,0	97,3
1981	59,0	16,5	24,3	1,0	100,9	35,7	36,6	100,0	-3,3	-4,2	96,7
1982	60,3	17,4	24,2	2,4	104,2	33,3	37,5	100,0	-3,9	-8,1	96,1
1983	60,0	17,5	21,4	-1,6	97,3	41,0	38,3	100,0	-4,6	-1,9	95,4
1984	61,7	16,0	20,9	0,9	99,5	39,1	38,6	100,0	-5,2	-4,7	94,8
1985	62,9	16,9	20,4	-0,8	99,4	41,8	41,2	100,0	-4,7	-4,0	95,3
1986	61,2	17,3	18,5	-1,3	95,7	39,9	35,6	100,0	-3,9	0,4	96,1
1987	63,4	17,7	19,5	-0,1	100,5	35,4	35,9	100,0	-3,0	-3,5	97,0
1988	62,2	18,7	18,4	1,1	100,4	33,1	33,4	100,0	-3,3	-3,6	96,7
1989 ⁴⁾	60,0	18,8	18,5	-0,2	97,1	37,1	34,1	100,0	-4,5	-1,6	95,5
<i>Magnvísitala 1980=100</i>											
1980	100,0	100,0	100,0	.	100,0	100,0	100,0	100,0	.	100,0	100,0
1981	107,1	107,3	101,0	.	106,1	101,3	106,7	104,1	.	103,9	103,5
1982	112,7	114,0	100,5	.	111,5	91,5	106,0	106,1	.	105,3	105,2
1983	105,9	119,4	88,1	.	101,7	101,0	100,0	102,0	.	102,0	100,4
1984	109,2	119,6	96,2	.	107,8	104,0	109,3	105,9	.	105,4	103,7
1985	114,2	127,0	98,1	.	111,1	115,4	120,0	109,4	.	108,4	106,9
1986	148,0	135,7	97,0	.	116,7	122,6	120,3	117,6	.	118,5	114,9
1987	172,2	144,0	115,4	.	134,2	127,5	147,8	128,1	.	130,9	125,2
1988	165,3	150,0	113,9	.	131,5	124,1	143,3	127,0	.	128,7	123,2
1989 ⁴⁾	152,1	151,5	102,5	.	122,6	125,7	128,9	122,7	.	122,2	117,9
<i>Magnaukning frá f. ári í %</i>											
1981	7,1	7,3	1,0	.	6,1	1,3	6,7	4,1	.	3,9	3,5
1982	5,3	6,2	-0,5	.	5,1	-9,6	-0,6	2,0	.	1,4	1,7
1983	-6,1	4,7	-12,3	.	-8,8	10,3	-5,6	-3,9	.	-3,1	-4,5
1984	3,2	0,2	9,2	.	6,1	3,0	9,3	3,8	.	3,3	3,2
1985	4,5	6,2	2,0	.	3,0	11,0	9,7	3,4	.	2,9	3,1
1986	29,6	6,8	-1,2	.	5,1	6,2	0,3	7,4	.	9,3	7,5
1987	16,4	6,1	19,0	.	15,0	4,0	22,9	8,9	.	10,5	9,0
1988	-4,0	4,2	-1,3	.	-2,0	-2,7	-3,1	-0,8	.	-1,7	-1,6
1989 ⁴⁾	-8,0	1,0	-10,0	.	-6,8	1,3	-10,0	-3,4	.	-5,1	-4,3

1) Samkvæmt nýju þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna.

2) Án vaxta og annarra þáttatekna.

3) Útflutningur vöru og þjónustu að frádregnum innflutningi vöru og þjónustu að viðbættum þáttatekjum frá útlöndum nettó (aðallega nettó-vaxtagreiðslur af erlendum lánum).

4) Bráðabirgðatölur.

1. tafla, frh. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun.

Verðhækkanir frá fyrra ári í %	Einka- neysla	Sam- neysla	Fjármuna- myndun	Verðmæta- ráðstöfun alls	Útfl. vöru og þjónustu	Innfl. vöru og þjónustu	Verg lands- framleiðsla	Verg þjóðar- framleiðsla
1981	51,3	47,8	49,5	50,3	49,9	48,3	50,8	50,7
1982	52,1	54,9	56,8	54,0	61,2	61,3	53,7	53,2
1983	83,0	66,1	74,1	76,7	93,1	86,9	79,6	79,4
1984	32,5	21,4	19,0	28,2	23,0	22,6	28,1	28,0
1985	32,6	34,9	30,6	31,9	30,9	32,0	31,7	32,8
1986	20,2	26,9	22,8	22,1	19,3	14,6	24,0	24,9
1987	16,8	27,1	15,9	19,9	11,9	7,6	20,6	21,6
1988	25,1	24,2	17,5	24,9	17,7	17,8	23,6	24,2
1989 ¹⁾	21,1	14,9	29,0	19,8	27,9	31,1	19,5	19,1

1) Bráðabirgðatölur.
Heimild: Þjóðhagsstofnun.

2. tafla. Framlag atvinnugreina til landsframleiðslunnar.
(Hlutfallstölur)

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988
Landbúnaður og fiskveiðar	13,8	13,0	10,7	10,7	11,1	13,0	13,5	13,1	13,2
Landbúnaður	5,2	5,1	4,7	4,8	4,1	4,7	4,1	3,8	3,8
Fiskveiðar	8,6	7,9	6,0	5,9	7,1	8,2	9,4	9,3	9,4
Iðnaður	21,2	21,0	20,1	18,8	20,2	19,5	20,6	20,3	20,4
Fiskiðnaður	8,3	8,9	6,8	5,6	6,0	6,6	7,5	6,6	6,8
Annar iðnaður	12,9	12,0	13,4	13,3	14,2	12,9	13,1	13,7	13,6
Rafmagns-, hita- og vatnsveitur	4,5	4,1	4,7	6,9	7,2	6,3	5,2	4,0	4,3
Byggingarstarfsemi	9,3	9,5	11,0	8,9	8,7	8,3	8,7	9,0	8,8
Verslun, veitinga- og hótélrekstur	10,9	11,5	10,5	12,9	12,8	11,9	11,9	12,5	12,2
Samgöngur	8,2	9,1	9,3	9,7	9,5	8,4	8,3	8,0	8,0
Peningastofnanir	16,2	15,0	17,6	18,8	16,8	17,9	14,9	16,2	15,5
Ýmis þjónustustarfsemi	4,9	4,9	5,8	5,4	5,0	5,8	5,7	6,2	6,0
Starfsemi fyrirtækja alls	89,1	88,2	89,5	92,0	91,4	91,0	88,8	89,3	88,5
Starfsemi hins opinbera	14,6	14,9	15,5	14,4	12,9	13,5	14,1	14,8	15,6
Önnur starfsemi	0,9	0,8	0,9	0,8	0,8	0,9	0,9	0,9	1,0
Alls	104,6	103,9	105,9	107,2	105,1	105,5	103,8	105,0	105,0
Reiknuð bankþjónusta	-4,6	-3,9	-5,9	-7,2	-5,1	-5,5	-3,8	-5,0	-5,0
Samtals	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

3. tafla. Þjóðarauðurinn.

Árslok	Verðlag hvers árs í milljónum króna				Magnvísitala 1980=100			
	Þjóðar- auður alls	Atvinnu- vegir	Byggingar og mannvirki hins opinb.	Íbúðar- hús	Þjóðar- auður alls	Atvinnu- vegir	Byggingar og mannvirki hins opinb.	Íbúðar- hús
1980	46.464	14.927	17.191	14.346	100,0	100,0	100,0	100,0
1981	72.836	23.259	27.109	22.493	104,4	104,6	104,9	103,6
1982	118.628	37.829	45.110	36.509	108,5	108,9	109,0	107,6
1983	212.247	68.640	79.318	64.289	111,4	111,6	111,7	110,9
1984	263.217	85.463	96.437	81.317	114,9	115,5	114,4	114,8
1985	356.665	116.820	129.744	110.101	118,4	121,3	116,4	117,7
1986	448.757	150.095	159.557	139.105	121,5	127,4	118,0	119,7
1987	547.241	183.844	195.650	167.747	126,1	135,9	120,6	122,4
1988	668.252	227.537	237.940	202.775	130,3	143,8	122,4	125,6
1989 ¹⁾	854.395	273.579	324.791	256.025	133,3	145,6	126,3	128,7

1) Bráðabirgðatölur.
Heimild: Þjóðhagsstofnun.

4. tafla. Fjármunamyndun.¹⁾

Í millj.kr.	Á verðlagi hvers árs								
	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989 ²⁾
Fjármunamyndun alls	5.929	9.251	14.127	18.356	24.460	29.684	41.042	48.032	54.500
Atvinnuvegir	2.396	3.775	5.888	7.961	12.230	16.090	22.148	23.959	24.750
Landbúnaður	212	409	621	978	1.609	2.226	2.367	2.560	2.450
Fiskveiðar	376	518	781	839	910	2.648	4.192	5.835	3.400
Vinnsla sjávarafurða	222	360	521	785	1.137	1.358	1.440	1.509	1.520
Álverksmiðjan	155	37	22	27	75	125	199	130	430
Járnblendiverksmiðjan	20	6	9	23	43	26	34	41	180
Annar iðnaður	393	755	1.233	1.970	2.905	3.306	4.028	4.500	4.800
Flutningatæki	470	593	832	790	1.734	1.403	1.774	1.387	3.820
Verslun, skrifstofur, veitingahús o.fl.	308	613	1.084	1.269	1.933	2.626	4.770	4.190	4.650
Ýmsar vélar og tæki	240	484	785	1.280	1.884	2.372	3.344	3.807	3.500
Íbúðarhús	1.317	2.251	3.495	4.714	5.380	5.770	7.752	10.106	12.450
Byggingar og mannvirki hins opinbera	2.216	3.225	4.744	5.681	6.850	7.824	11.142	13.967	17.300
Rafvirkjanir og rafveitur	797	1.159	1.510	1.550	991	899	1.177	1.882	2.930
Hita- og vatnsveitur	370	330	375	570	871	840	930	1.650	2.170
Samgöngumannvirki	649	1.061	1.764	2.229	3.062	3.625	5.634	5.409	6.100
Byggingar hins opinbera	400	675	1.095	1.332	1.926	2.460	3.401	5.026	6.100
Fjármunamyndun, % af VPF	25,1	25,2	22,4	21,9	21,1	19,0	19,0	17,1	17,2
Fjárfesting, % af VPF ³⁾	26,2	22,7	20,7	22,8	20,3	17,6	18,9	20,6	19,2
Innlendur sparnaður, % af VPF ⁴⁾	21,9	19,2	18,7	17,9	16,1	18,0	15,3	19,2	19,4

Í millj.kr.	Á verðlagi ársins 1980								
	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989
Fjármunamyndun alls	3.965	3.945	3.461	3.778	3.854	3.808	4.531	4.471	4.025
Atvinnuvegir	1.617	1.627	1.443	1.653	1.961	2.091	2.522	2.323	1.882
Landbúnaður	142	174	149	207	266	305	283	255	198
Fiskveiðar	256	226	196	173	147	330	461	542	247
Vinnsla sjávarafurða	152	157	131	161	177	168	158	139	111
Álverksmiðjan	105	16	5	5	12	16	21	12	31
Járnblendiverksmiðjan	14	3	2	5	7	3	4	4	13
Annar iðnaður	267	325	301	392	441	399	431	408	353
Flutningatæki	312	254	191	150	246	179	207	142	279
Verslun, skrifstofur, veitingahús o.fl.	204	260	269	257	296	323	499	372	335
Ýmsar vélar og tæki	165	212	199	303	369	368	458	449	315
Íbúðarhús	870	952	865	955	825	711	812	898	898
Byggingar og mannvirki hins opinbera	1.478	1.366	1.153	1.170	1.068	1.006	1.197	1.250	1.245
Rafvirkjanir og rafveitur	537	497	366	311	152	111	124	168	210
Hita- og vatnsveitur	245	140	93	115	133	104	97	146	157
Samgöngumannvirki	432	444	423	474	488	488	620	489	438
Byggingar hins opinbera	264	285	271	270	295	303	356	447	440

1) Samkvæmt nýju þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna.

2) Bráðabirgðatölur.

3) Fjármunamyndun og birgðabreytingar.

4) Fjárfesting að frádrögnum viðskiptahalla.

Heimild: Þjóðhagsstofnun.

5. tafla. Vísitölur verðlags.

Vísitala framfærslukostnaðar. Febrúar 1984=100¹⁾

Ársmeðaltöl			1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990
1976	1,86	Janúar	23,72	40,52	49,87	66,90	75,47	95,20	112,60	139,30
1977	2,43	Febrúar	24,85	40,78	51,58	68,42	76,58	96,00	114,20	141,50
1978	3,50	Mars	27,45	41,23	52,98	67,37	77,72	96,90	117,40	142,70
1979	5,09	Apríl	29,32	41,82	53,87	67,78	78,80	98,30	119,90	
1980	8,07	Mái	30,67	42,19	55,01	68,94	79,76	100,00	122,30	
1981	12,17	Júní	33,61	43,16	56,02	69,40	81,36	103,40	125,90	
1982	18,38	Júlí	34,93	43,57	57,37	69,70	82,78	107,00	126,80	
1983	33,86	Ágúst	37,24	44,25	59,10	70,48	84,84	109,30	128,50	
1984	43,74	September	37,52	44,52	60,64	71,32	85,80	110,00	131,10	
1985	57,90	Október	38,68	45,02	61,98	71,63	87,22	110,40	133,70	
1986	70,22	Nóvember	39,74	45,59	63,35	73,09	90,01	110,50	135,70	
1987	83,40	Desember	40,23	47,80	64,98	73,76	91,79	110,70	138,60	
1988	104,60									
1989	126,70									

Vísitala byggingarkostnaðar, gildistími²⁾

Ársmeðaltöl	Nóv. 1975=100	Júlí 1987=100		1983	1984	1985	1986	1987	1988	1989	1990	
